

BLÓÐUG RÓMANTÍK

Vampírufár hefur gripið um sig í dægurmenningunni

UMFJÖLLUN **32**

SÉRA ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON

VILL AÐSKILNAÐ RÍKIS OG KIRKJU

VIÐTAL **28**

BÆ BÆ MCDONALD'S

UMFJÖLLUN **26**

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

31. október 2009 — 258. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Í MINNINGU FLOSA 24

Áður óbirt viðtal við ástsælan leikara og rithöfund, sem nú er fallinn frá

BÆKUR 10

Öddu-bækurnar gefnar út á ný

ÚLFARSÁRDALUR 34

Paradís, þannig séð

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



GAMLI OG NÝI TÍMINN Hún vissi líklega ekki hvaða tól maðurinn væri að tala í, konan sem strokkar smjörið, yrði hún gædd lífi. Farsíminn og strokkurinn eru enda tól sem tilheyra hvort sinni öldinni. Bæði eru ágæt til síns brúks þótt minna ónæði sé af strokknum. Hundinum leiðist hins vegar ekki að rölta um Árbæjarsafn með eiganda sínum með borgina í baksýn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um 1.100 uppvís að því að svíkja út bætur

Eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar hefur á tveggja mánaða tímabili komið upp um 1.100 manns sem hafa orðið uppvísir að því að svíkja út atvinnuleysisbætur. Ráðherra vill breyta hluta atvinnuleysisbóta í styrki til margvíslegrar starfsemi.

ATVINNUMÁL Um ellefu hundruð manns hafa orðið uppvísir að því að svíkja út atvinnuleysisbætur síðustu tvo mánuði. Vinnumálastofnun hóf nýverið sérstakt eftirlit með slíkum svikum. Þetta kom fram í máli Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar, á ársfundi stofnunarinnar í gær.

„Nú nýverið var sett á laggirnar sérstök eftirlitseining sem fer með úrvinnslu mála vegna svika á atvinnuleysisbótum, vinnustaðaeftirlit, móttöku og úrvinnslu nafnlausra ábendinga, rafrænar samkeyrslur við ýmsar opinberar skrár og fleira," sagði Gissur og bætti við að eftirlitsdeildin ætti jafnframt gott samstarf við Ríkisskattstjóra og fleiri opinberar stofnanir. „Í eftirlitsdeildinni eru nú fjórir starfsmenn og starf þeirra er þegar farið að skila miklum árangri. Það hefur til dæmis þegar leitt til þess að um ellefu hundruð einstaklingar hafa verið teknir af skrá eða settir á fjörutíu daga bið undanfarna tvo mánuði."

> Látum ekki hundruð eða þúsundir ungs fólks alast upp sem bótaþega. Það væru ömurlegar afleiðingar þessarar kreppu.
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
> FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Ávallt sækir einhver hluti til Vinnumálastofnunar á fölskum forsendum, að sögn Gissurar. Sumir uppfylli ekki skilyrði laga, leyni eða gefi rangar upplýsingar. „Það er svikið fé og mikils virði að ná til þessa fólks til að skapa trúverðugleika og samstöðu þeirra sem undir þessu framfærslu- og tryggingakerfi standa, sem er fólkið í landinu."

Í máli Gissurar kom fram að hólskefla atvinnuleysis sem dundi yfir á árinu 2008, úr um einu prósenti fyrstu fimm mánuði ársins í 4,8 prósent í árslok, hafi kallað á tölu vert aukið umfang starfsemi Vinnumálastofnunar, en starfsmönnum var fjölgað um 40 prósent á árinu. Starfsmenn hafi unnið sannkallað þrekvirki, en þeim var fjölgað úr 96 í 134. Þá var stofnuð sérstök skrifstofa í Borgartúni í Reykjavík til að þjónusta erlenda ríkisborgara. „Þar er nú til húsa EURES [innsk. evrópsk vinnumiðlun] skrifstofa okkar, en starfsemi hennar á árinu markaðist mjög af ástandinu í efnahagslífi þjóðarinnar.

Í opnunarávarpi Árna Páls Árnasonar, ráðherra félags- og tryggingamála, kom fram að nú þyrfti að breyta baráttunni við bráðavanda stóraukins atvinnuleysis í uppbyggingar- og sóknarstarf. „Látum ekki hundruð eða þúsundir ungs fólks alast upp sem bótaþega. Það væru ömurlegar afleiðingar þessarar kreppu," sagði hann og kvað ráðuneytið á næstu vikum og mánuðum kynna hugmyndir til úrbóta. Þar á meðal væri að breyta bótagreiðslum í tímabundna náms- og virknistyrki. „Við ætlum einnig að auka þá kosti sem ungu fólki býðst til náms, sjálfboðastarfa og margra annarra verkefna."

- óká

Gylfi Arnbjörnsson:

Helguvík forsenda fjárlaga

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir álver í Helguvík vera forsendu þjóðhagsáætlunar og fjárlaga. Sú skoðun heyrist þó oftar innan sambandsins að nóg sé komið, og jafnvel of mikið, af áli og sjálfur hafi hann efasemd um uppbyggingu í áli á Bakka. Hann styður þó uppbyggingu þar.

- kóp, - bþs /Sjá síðu 22

SPURNING DAGSINS

Finnbogi, höfðu útgerðarmenn ekki roð við þér?

„Nei, og skýringarnar sem ég fékk voru ekki upp á marga fiska."

Finnboga Vikari Guðmundssyni laganema var vísað af aðalfundi LÍÚ. Hann telur ástæðuna vera skrif hans um sjávarútveg.

Búist við að Seðlabankinn stígi fyrsta skrefið í áætlun um afnám gjaldeyrishafta:

Höftum létt af innstreymi gjaldeyris

FJÁRMÁL Búist er við að Seðlabankinn kynni í dag ákvörðun um að stigið verði fyrsta skrefið í áætlun bankans um afnám gjaldeyrishafta. Með því yrðu afnumin höft af innstreymi erlends gjaldeyris sem ætlað er í nýjar fjárfestingar.

Áætlunin var samþykkt í byrjun ágúst. Þar kom fram að enda þótt gjaldeyrishöftin sem sett voru 28. nóvember í fyrra hafi verið talin nauðsynleg til að koma á stöðugleika eftir hrun fjármálakerfisins sé mikilvægt að afnema höftin í áföngum til að koma efnahagsaðstæðum í eðlilegt horf. Var þá gert ráð fyrir að fyrsta áfanganum yrði náð „nokkuð fyrir 1. nóvember" enda yrðu þá ýmis skilyrði að vera orðin uppfyllt. Meðal þeirra er hjöðnun verðbólgu og samstaða um langtímaáætlun í fjármálum ríkisins þannig að trú sé á því að ríkið væri fyllilega fært um að standa við skuldbindingar sínar.

Ekki fékkst staðfest í Seðlabankanum í gær að komið sé að því að hrinda fyrsta áfanga áætlunarinnar í framkvæmd. Hins vegar segir í tilkynningu frá bankanum að í dag verði kynntar „breytingar á reglum um gjaldeyrismál í samræmi við áður kynnta áætlun um afnám gjaldeyrishafta".

Þann erlenda gjaldeyri sem fluttur verður til landsins samkvæmt nýju reglunum má skipta aftur úr krónum og flytja úr landi að nýju. „Innstreymið í byrjun ætti að styrkja krónuna", segir í fyrrnefndri áætlun Seðlabankans. - gar

STJÓRNENDUR SEÐLABANKANS Breytingar á reglum um gjaldeyrismál verða kynntar í Seðlabankanum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bóndi á Suðurlandi:

Sekt fyrir illa meðferð hrossa

DÓMSMÁL Bóndi á Suðurlandi hefur verið dæmdur til þess að greiða 300 þúsund krónur í sekt fyrir að vanrækja fóðrun tveggja hrossa svo og flutning á heyrúllum yfir smitvarnalínu gegn dýrasjúkdómum. Bóndinn hafði áður verið dæmdur fyrir illa meðferð á hrossum árið 2006.

Maðurinn var ákærður fyrir að vanrækja aðbúnað og umhirðu á fimm hrossum. Fallið var frá ákæru vegna brota á einni hryssu. Hann var sýknaður af illri meðferð á tveimur hestum til viðbótar. Hins vegar þótti sannað að hann hefði vanrækt aðbúnað tveggja hrossa. - jss

Eigendur móðurfélags Haga:

Þurfa að útvega 7,5 milljarða

VIÐSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson og fjölskylda þurfa að útvega sjö og hálfan milljarð í nýtt hlutafé til að halda félaginu 1998 ehf., en það er móðurfélag Haga sem aftur á Bónus. Eigendurnir hafa tæpa fjóra mánuði til verksins, að öðrum kosti tekur Kaupþing félagið yfir.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Þar sagði einnig að vinnan væri komin af stað; þrír fjárfestar muni hver um sig leggja fram tvo og hálfan milljarð króna í félagið. Skipt var um stjórn í félaginu nýverið og settust tveir fulltrúar Kaupþings þar inn. Rétt er að taka það fram að hluti þeirra sem eiga 1998 eru eigendur að Fréttablaðinu. - kóp

Ákvörðun um Nýja Kaupþing:

Lengja frest um einn mánuð

VIÐSKIPTI Fjármálaráðuneytið og skilanefnd Kaupþings hafa náð samkomulagi um að framlengja frest nefndarinnar til að taka ákvörðun um aðkomu kröfuhafa Kaupþings að Nýja Kaupþingi frá 31. október til 30 nóvember.

Þá verður tekin ákvörðun um hvort Kaupþing eignast 87 prósent hlut í nýja bankanum, eða hvort hann verður áfram alfarið í eigu ríkisins. Skortur á upplýsingum er sögð ástæða frestsins, en þær vantar fyrir fjárhagsárið 2008 og níu fyrstu mánuði ársins 2009. - kóp

FRÉTTABLAÐIÐ

Bakþankar á nýjum stað

Í dag verða þær breytingar á röð efnis í Fréttablaðinu að Bakþankar færast til og verða hér eftir á sömu síðu og teiknimyndasögur blaðsins. Á bakið koma í staðinn fréttir af fólki í stuttu máli.

Lögreglumenn vilja Ísland úr Schengen

Lögreglufélag Vestfjarða telur að glæpum gæti fækkað með úrsögn Íslands úr Schengen. Skipulögð glæpastarfsemi kunni að hafa skotið rótum og þrifist í skjóli aðildar. Vestfirðingarnir vilja að almennir lögreglumenn beri rafbyssur.

STJÓRNSÝSLA Félagsmenn í Lögreglufélagi Vestfjarða vilja að Ísland hætti þátttöku í Schengen-samstarfinu og taki í staðinn upp vegabréfaeftirlit eins og tíðkaðist áður en til Schengen-aðildar kom 2001.

Ályktun þess efnis var samþykkt á aðalfundi félagsins á miðvikudag og skorað á ríkisstjórn og Alþingi að skoða málið.

Gylfi Þór Gíslason, lögreglumaður á Ísafirði og formaður lögreglufélagsins, segir að aðild að Schengen hafi ekki gefið góða raun. Fólk sem hingað komi í þeim tilgangi að fremja afbrot eigi greiða leið inn í landið. Hann segir að lögreglan hafi ekki mannafla til að stemma stigu við vaxandi glæpastarfsemi í landinu og því verði að bregðast við með einhverjum hætti. Þó að fjölga þyrfti fólki í landamæraeftirliti myndi það álag sem fylgir löggæslu og öðru umstangi vegna glæpa minnka.

GYLFI ÞÓR GÍSLASON

Gylfi telur einsýnt að með sjálfstæðu og öflugu landamæraeftirliti yrði hægt að stöðva talsvert af því fólki sem kemur til landsins til að fremja glæpi. Sú skipulagða glæpastarfsemi sem talin er hafa skotið hér rótum kunni að hafa gert það í skjóli frjálsu fararinnar.

Á aðalfundinum var jafnframt ályktað um rafbyssur og ákvörðun ríkislögreglustjóra um að sérsveitarmenn einir noti slík valdbeitingartæki hörmuð.

„Þetta er spurning um öryggi. Við getum lent í að fást við brjálaða menn og getum kannski ekki annað en beðið eftir sérsveitarmönnum," segir Gylfi. Óskað er skýringa ríkislögreglustjóra á ákvörðuninni. Aðalfundurinn skorar jafnframt á dómsmálaráðherra að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð hjá lögreglu enda komi hann niður á öryggi lögreglumanna og þjónustu þeirra við landsmenn.

bjorn@frettabladid.is

Í LEIFSSTÖÐ Lögreglumenn á Vestfjörðum telja farsælla að Ísland hætti í Schengen og efli í staðinn eigið landamæraeftirlit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

24 RÍKI EIGA AÐILD AÐ SCHENGEN

Kjarni Schengen-samstarfsins er annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttuna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Upphaflega var stofnað til Schengen-samstarfsins árið 1985 með samningi Benelúxlandanna, Frakklands og Þýskalands um að fella niður eftirlit með ferðum manna yfir sameiginleg landamæri og styrkja um leið eftirlit gagnvart öðrum ríkjum.

Tíu ríki bættust við í mars 2001: Norðurlöndin, Austurríki, Grikkland, Ítalía, Portúgal og Spánn.

Í desember 2007 urðu níu ríki til viðbótar aðilar að sameiginlegu landamæraeftirliti Schengen-svæðisins: Eistland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. **Heimild: Utanríkisráðuneytið**

Ung stúlka dæmd á skilorð:

Sek um manndráp af gáleysi

DÓMSMÁL Nítján ára gömul stúlka hefur verið dæmd til þriggja mánaða fangelsisvistar, skilorðsbundinnar til tveggja ára, fyrir manndráp af gáleysi.

Stúlkan ók bíl ölvuð, of hratt og með einn farþega umfram hámarksfjölda og missti stjórn á bílnum í beygju á Hafnarfjarðarvegi þannig að hann valt. Einn farþega hennar lést í slysinu, tveir slösuðust töluvert og tveir til viðbótar minni háttar. Segir í dómnum að stúlkan hafi sýnt af sér stórfellt og vítavert gáleysi, en jafnframt skuli líta til þess að hún var ung að árum og hafði hreint sakavottorð. Stúlkan er svipt ökuréttindum í átján mánuði. - sh

Félagsmálaráðherra:

Úrræði vegna skuldavanda

EFNAHAGSMÁL Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra skrifar í dag undir samkomulag við fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð um úrræði vegna skuldavanda heimilis og einstaklinga. Þau taka strax gildi.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Samningarnir taka til greiðslujöfnunar fasteignaveðlána, greiðslujöfnunar bílalána og bílasamninga og samkomulags um sértæka skuldaaðlögun. Með greiðslujöfnun fasteignaveðlána á greiðslubyrði reglulegra afborgana að verða færð aftur til þess sem hún var fyrir hrun. Eigi jöfnunin að taka gildi á gjalddaga láns í desember þarf umsókn að berast viðkomandi fjármálafyrirtæki eigi síðar en tíu dögum fyrir gjalddaga. - kóp

Lögmenn Árna Mathiesen og ríkisins ósáttir við útvarpsviðtal sem dómari veitti:

Vilja að dómarinn víki úr sæti

DÓMSMÁL Lögmenn Árna M. Mathiesen og íslenska ríkisins kröfðust þess fyrir dómi í gær að Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari viki úr sæti í skaðabótamáli sem Guðmundur Kristjánsson hæstaréttarlögmaður hefur höfðað vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara.

Guðmundur sótti um dómaraembætti við Héraðsdóm Norðurlands eystra árið 2007 og þótti mjög vel hæfur, eins og tveir aðrir umsækjendur. Árni M. Mathiesen, þá settur dómsmálaráðherra vegna vanhæfis Björns Bjarnasonar, skipaði hins vegar Þorstein Davíðsson í embættið. Þorsteinn var metinn tveimur hæfisflokkum neðar en hinir þrír. Umboðsmaður Alþingis hefur gefið það álit sitt á málinu að annmarkar hafi verið á öllum þáttum skipunarinnar og að hæfasti umsækjandinn hafi ekki verið valinn.

ÁRNI M. MATHIESEN Sem settur dómsmálaráðherra skipaði Árni Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara.

Guðmundur fór í kjölfarið í skaðabótamál, bæði gegn ríkinu og Árna sjálfum. Hann krefst fimm milljóna króna í bætur. Segir hann í stefnu að Árni hafi með ráðningunni sýnt honum takmarkalausa lítilsvirðingu, niðurlægt hann opinberlega, vegið að starfsheiðri hans og með valdníðslu vegið að æru hans og persónu.

Karl Axelsson og Skarphéðinn Þórisson, lögmenn ríkisins og Árna, kröfðust þess í gær að Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari viki sæti við meðferð málsins vegna viðtals sem hún veitti Ríkisútvarpinu þegar málið var í hámæli í janúar 2008.

Í viðtalinu ræddi Sigríður á almennum nótum um það að almenningur þyrfti að geta treyst því að staðið væri faglega að dómaraskipunum. Þótt ráðherra hefði endanlegt skipunarvald þyrfti hann að halda sig innan eðlilegra marka og fara eftir faglegum sjónarmiðum. Lögmenn stefndu telja að andinn í viðtalinu hafi verið slíkur að hann gefi tilefni til að krefjast þess að hún víki. Lögmaður Guðmundar mótmælti kröfunni. - sh

TAX FREE!

Aðeins um helgina
um land allt

Allar jólaseríur og jólaljós

Jólalandið
BLÓMAVAL SKÚTUVOGI

KRAKKAFJÖR ALLA HELGINA
Kanínur frá Dýraríkinu til sýnis. Börnin fá að klappa kanínum!

Ís 10 kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 30.10.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,01	124,61
Sterlingspund	205,02	206,02
Evra	184,03	185,05
Dönsk króna	24,722	24,866
Norsk króna	22,015	22,145
Sænsk króna	17,737	17,841
Japanskt jen	1,3633	1,3713
SDR	197,35	198,53

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,0451
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðgerðir til hjálpar fátækum ríkjum vegna loftslagsbreytinga:

Þurfa 100 milljarða evra í sjóð

BELGÍA, AP Evrópusambandið telur að 100 milljarða evra þurfi í sjóð til hjálpar fátækum ríkjum vegna loftslagsbreytinga. Allt að helmingur þeirrar upphæðar eigi að koma frá ríkjum víða um heim.

Leiðtogar ríkja sambandsins segjast ætla að leggja sanngjarna upphæð í sjóðinn en hafa þó ekki komið sér saman um það hversu há hún verður. Sjóðurinn á að hvetja fátækari ríki til þess að nota minni orku, vernda skóga og auka notkun endurnýjanlegrar orku.

Umhverfisverndarsinnar hafa gagnrýnt Evrópusambandið harðlega og segja samkomulagið ekki gera nægilegt gagn. Þeir segja að með víðtækari aðgerðum hefði verið hægt að setja fordæmi fyrir Bandaríkin og Kína. Þannig hefði verið hægt að setja pressu á ríkin og fá þau til að samþykkja að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í desember. Þar verður þess freistað að gera nýtt samkomulag um losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Gordon Brown forsætisráðherra Bretlands er þvert á móti á þeirri skoðun að aðgerðir Evrópusambandsins séu skref í átt að slíku samkomulagi.

- þeb

Á FUNDI Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, spjölluðu við Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur embættismaður:

Rekinn fyrir að tala um eiturlyf

BRETLAND, AP David Nutt, yfirmaður fíkniefnamála hjá breska innanríkisráðuneytinu, var rekinn í gær. Ástæðan var sú að hann sagði í fjölmiðlum að maríjúana, e-töflur og LSD væru hættuminni en áfengi.

Nutt gagnrýndi fyrr í vikunni þann mun sem gerður er á áfengi og tóbaki annars vegar og ólöglegum eiturlyfjum hins vegar. Hann hefur áður gagnrýnt innanríkisráðuneytið fyrir að herða reglur um maríjúana. Undir þá gagnrýni tóku margir vísindamenn.

Ráðuneytið hefur staðfest brottreksturinn og mun tilkynna um eftirmann hans á næstu dögum. - þeb

Ekki sameiginlegt mat á Suðvesturlínu

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að ekki sé þörf á sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu. Málið í eðlilegu ferli, segir umhverfisráðherra og kærufrestur enn í gildi. Úrskurður fyrri umhverfisráðherra hafði áhrif.

STJÓRNSÝSLA Skipulagsstofnun hefur, í annað sinn, úrskurðað að ekki þurfi að fara fram sameiginlegt mat umhverfisáhrifa Suðvesturlínu. Stofnunin hafði úrskurðað þess efnis í mars, en Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra felldi þann úrskurð úr gildi og bað um nýjan, sem nú er fallinn á sama veg. Hægt er að kæra ákvörðunina til umhverfisráðherra til 4. desember.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra vísar í þann frest og segir málið í eðlilegum farvegi. „Skipulagsstofnun hefur leitað eftir ítarlegri upplýsingum eins og fyrir var lagt og byggt sinn úrskurð á þeim gögnum. Nú taka við eðlilegir ferlar og frestir."

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Samkvæmt úrskurðinum uppfyllir framkvæmdin ekki þau skilyrði sem lög gera ráð fyrir að þurfi til sameiginlegs mats. Stofnunin vísar sérstaklega í úrskurð fyrrum umhverfisráðherra, Þórunnar Sveinbjarnardóttur, vegna álversins í Helguvík, en hann féll 3. apríl 2008. Þar kemur fram sú túlkun að ákvörðun um sameiginlegt mat skuli liggja fyrir áður en tekin er ákvörðun um matsáætlun. Svo var ekki í þessu tilviki.

Þá kemur fram í úrskurðinum að vafi leiki á hvað sé átt við í lögum um „fyrirhugaðar framkvæmdir".

HELGUVÍK Álver í Helguvík mun nýta nýja Suðvesturlínu. Skipulagsstofnun hefur nú úrskurðað að ekki þurfi sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum línunnar. Kærufrestur er þó ekki runninn út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖLFUS Á MÓTI

Sveitarfélagið Ölfus ítrekaði andstöðu sína við lagningu línunnar, þó sveitarfélagið telji að ekki þurfi sameiginlegt mat á línunni. Sveitarstjórn telur línuna hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi ferðaþjónustu og útivist og frekari uppbyggingu. „Þau neikvæðu áhrif sé ekki hægt að réttlæta þar sem fyrirhuguð framkvæmd miði einkum að því að flytja orku af Suðurlandi og standa því í vegi fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra m.a. í Sveitarfélaginu Ölfusi."

Grindavíkurbær taldi að meta ætti línuna með öðrum framkvæmdum.

Skipulagsstofnun metur svo að um fastmótaða framkvæmd þurfi að vera að ræða, sem komin sé á það stig að geta hlotið málsmeðferð. Framkvæmdir á hugmyndastigi hafi ekki áhrif. Samkvæmt þessum skilningi metur stofnunin eftirfarandi framkvæmdir á sama svæði og línan, eða háð framkvæmdinni: álver í Helguvík, Bitruvirkjun, Hverahlíðarvirkjun, kísilmálmverksmiðju í Helguvík, stækkun Reykjanesvirkjunar og jarðhitanýtingu við Gráuhnjúka.

Ágúst Hafberg hjá Norðuráli, sem reisa mun álverið í Helguvík, fagnar úrskurðinum og segir hann í samræmi við væntingar. Hann segir ákvörðun umhverfisráðherra um að fella fyrri ákvörðun stofnunarinnar úr gildi hafa tafið málið. Ekki hafi verið hægt að ganga frá ákveðnum samningum eða aflétta fyrirvörum á ýmsum framkvæmdum.

Ágúst segir fjármögnun verkefnisins ganga vel, unnið sé að henni í samráði við þrjá banka; tvo franska og einn hollenskan.

kolbeinn@frettabladid.is

Þótti dóttirin of vestræn:

Íraki keyrði á dóttur sína

BANDARÍKIN Írakskur maður hefur verið handtekinn í Arizona í Bandaríkjunum fyrir að hafa vísvitandi ekið bíl á dóttur sína.

Maðurinn keyrði á dótturina og vinkonu hennar á bílastæði í síðustu viku. Að því loknu flúði hann af vettvangi og fannst ekki fyrr en í gær. Dóttirin, sem er tvítug, slasaðist lífshættulega en er á batavegi. Vinkona hennar slasaðist minna.

Ástæður árásarinnar voru þær að manninum þótti dóttirin vera orðin of vestræn í háttum og lifði ekki samkvæmt hefðbundnum írökskum siðum. - þeb

Á SÆBRAUT Tveir fólksbílar eru mikið skemmdir eftir árekstur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harður árekstur á Sæbraut:

Keyrt fyrir bíl gegn rauðu ljósi

LÖGREGLUMÁL Ökumenn tveggja bíla sluppu án alvarlegra meiðsla þegar bílar þeirra skullu saman á Sæbraut í gær.

Áreksturinn varð ofan við Holtagarða um klukkan níu í gærmorgun. Málið er enn í rannsókn en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni er ljóst að öðrum bílnum hefur verið ekið yfir á rauðu ljósi á gatnamótum Sæbrautar og Holtavegar. Bílarnir eru stórskemmdir. Ökumennirnir voru fluttir á sjúkrahús með meiðsl á hálsi og baki. - gar

MARNER JACOBSEN Eik Bank fékk 327 milljónir danskra króna hjá dönskum stjórnvöldum til að dempa áhrifin af fjármálakreppunni á þriðja ársfjórðungi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukið tap hjá Eik Banka:

Tími afskrifta fram undan

VIÐSKIPTI Eik Banki tapaði hundruð milljónum danskra króna á þriðja ársfjórðungi. Þetta jafngildir tæpum 2,5 milljörðum íslenskra króna. Á sama tíma í fyrra nam tapið 33 milljónum danskra króna.

Tekjur bankans námu 543 milljónum króna á fjórðungnum, sem er 24 prósenta aukning á milli ára.

Í uppgjöri bankans segir að hann hafi endurmetið væntingar um afkomu ársins og búist við að tapið aukist um fimmtíu milljónir danskra króna til viðbótar. Þá er haft eftir Marner Jacobsen bankastjóra að búast megi við afskriftum úr bókum bankans.

Bankinn fékk 327 milljónir króna frá dönskum stjórnvöldum á fjórðungnum í samræmi við aðstoð við dönsk fjármálafyrirtæki í kreppunni. - jab

LEIÐRÉTT

Rangt var farið með frumsýningardag leikverksins Hnykill í grein á fimmtudaginn. Verkið er frumsýnt 6. nóvember.

Rangt var farið með nafn Söru Margrétar Nordahl á forsíðu Popps, fylgirits Fréttablaðsins, í gær. Beðist er velvirðingar á því.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

STUND MILLI STRÍÐA Í morgunsárið verður rigning sunnan- og vestantil en það lægir og dregur úr úrkomu er líður á daginn. Á morgun lítur út fyrir ágætisveður, hægviðri og nokkuð bjart en það kólnar heldur á landinu, einkum norðantil.



Á MORGUN Hæg austlæg eða breytileg átt.

MÁNUDAGUR Vaxandi SA-átt S-til, hægviðri NA-lands.

HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	16°
Berlín	8°
Billund	8°
Eindhoven	12°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	25°
London	19°
Mallorca	20°
New York	20°
Orlando	31°
Ósló	5°
París	16°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Chevrolet frumsýning
um helgina

CRUZE

Ný tegund af gæðum

Bíll á mynd, Chevrolet Cruze LT, bsk,
1.8 vél, 141 hestöfl.
kr. 3.290 þús.

Frumsýning laugardag og sunnudag frá kl. 12:00 – 16:00.
Komdu í Chevrolet sýningarsalinn og kynntu þér Chevrolet Cruze.

Vegna hagstæðra samninga við Chevrolet í Evrópu getum við boðið Chevrolet Cruze á einstöku verði. Við hvetjum alla til þess að gera verðsamanburð á bílum í sama stærðarflokki á markaðnum.

Chevrolet Cruze hefur hvarvetna slegið í gegn.
Nú þegar hafa yfir ein milljón Evrópubúa gert Chevrolet gæðin að sínum.
Við hlökkum til að bjóða þér og þinni fjölskyldu í þann ört vaxandi hóp.
Gerðu Chevrolet gæðin að þínum!

CHEVROLET
*Chevrolet **gæði - frábært** verð*

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is

Bílabúð Benna
www.benni.is

KJÖRKASSINN

Á ríkisstjórnin að hætta við fyrirhugaða orku- og auðlindaskatta?

Já	61,6%
Nei	38,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú farið á McDonald´s í vikunni í tilefni af brotthvarfi staðanna af landinu?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Björn Zöega, forstjóri Landspítala, vill verja sem flest störf:

Eldra fólk minnki starfshlutfall

KJARAMÁL Björn Zöega, forstjóri Landspítala, hvetur þá starfsmenn spítalans sem hafa náð þeim aldri að eiga lífeyrisréttindi sem hægt er að taka út, að velta fyrir sér að minnka starfshlutfall og taka út lífeyri á móti.

„Þannig gætum við mildað áhrif kreppunnar á störf yngra fólks og hjálpað okkur að verja sem flest störf," segir Björn í nýjum pistli sínum sem birtur er á heimasíðu spítalans. Hann segir vinnuna við fjárhagsáætlun næsta árs halda áfram. Ekki verði hægt að kynna útfærslur á öllum breytingum sem verið sé að vinna að nú fyrr en upp úr miðjum næsta mánuði.

„Stefna okkar og framtíðarsýn er áfram sú sama; að vera eitt besta háskólasjúkrahús í Norður-Evrópu og vera áfram leiðandi í rannsóknum," segir forstjórinn. Hann segir leiðarljósið vera að vera innan fjárlaga, öryggi sjúklinga og sjúklingamiðuð starfsemi.

Loks þakkar forstjórinn starfsmönnum frábæra frammistöðu undir því mikla álagi sem dynur á spítalanum vegna svínaflensunnar og segir brýnt að þeir fylgist vel með tilkynningum um stöðuna.

„En brýnast er þó að við höldum áfram að standa saman og efla alla samvinnu milli deilda og sviða í glímunni við faraldurinn," segir Björn.

BJÖRN ZÖEGA Forstjóri Landspítala þakkar starfsmönnum frábæra frammistöðu undir því mikla álagi sem dynur á spítalanum.

- jss

Eldur á Dalvík:

Hús brann á Bergþórshvoli

LÖGREGLUMÁL Sterkur grunur leikur á því að kveikt hafi verið í húsinu Bergþórshvoli á Dalvík. Tilkynnt var um eldinn um klukkan fimm í nótt og lauk slökkvistarfi um níu leytið í morgun. Sigurður Jónsson slökkviliðsstjóri á Dalvík segir að svæðið verði vaktað fram eftir degi enda leynist enn glæður í einangrun.

Ekkert rafmagn var á húsinu og segir Sigurður allar líkur á því að kveikt hafi verið í því en það hefur staðið ónotað í eitt og hálft ár. Húsið, sem er byggt á fyrri hluta síðustu aldar er talið ónýtt.

MIÐNÆTUROPNUN 31.OKT.
Áritaðar bækur og heitt kaffi.

IÐA

SVÖRTULOFT *3.995.-*
HARÐSKAFI fylgir með á meðan birgðir endast.

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00

Aldrei fleiri flensusjúklingar á spítala

Rúmlega fjörutíu manns lágu inni á Landspítala í gær af völdum svínaflensunnar. Þar af voru ellefu á gjörgæslu. Neyðarstjórn hefur verið skipuð í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu fyrir sig vegna flensufaraldursins.

HEILBRIGÐISMÁL Aldrei hafa fleiri legið inni á Landspítala af völdum svínaflensu en í gær. Þá höfðu átta nýir lagst inn en enginn verið útskrifaður. Samtals voru 43 inniliggjandi, þar af ellefu á gjörgæslu. Yngsti gjörgæslusjúklingurinn var tveggja ára en sá elsti rúmlega áttræður.

„Við þolum ástandið," segir Björn Zöega, forstjóri Landspítala, um stöðuna. Hann segir spítalann enn starfræktan á virkjunarstigi viðbragðsáætlunar en langur vegur sé frá að færa þurfi starfsemina upp á neyðarstig, sem er efsta stig áætlunarinnar.

„Hvað varðar gjörgæsludeildirnar þá rétt sleppur þetta enn þá en við gætum þurft að stækka þær um helgina," segir Björn. „Staðan verður endurmetin næst á sunnudaginn."

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri voru þrír inflúensusjúklingar í gær, enginn þeirra á gjörgæsludeild. Langflest inflúensutilfelli hérlendis, undanfarna daga og vikur, greinast hjá börnum á aldrinum 0 til 9 ára, að því er fram kemur í tilkynningu frá sóttvarnalækni og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Þetta er marktæk breyting frá því í júlí og ágúst þegar flestir sem veiktust voru á aldrinum 15 til 30 ára.

Hvað varðar almenna bólusetningu við inflúensunni eru horfur á að unnt verði að hefja hana fyrr en gert var áður ráð fyrir, það er í síðari hluta nóvember í stað desember. Ástæðan er sú að meira berst af bóluefni til landsins næstu daga og vikur en reiknað var með í upphaflegum áætlunum, samkvæmt upplýsingum Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Um helgina koma hingað 26 þúsund skammtar og meira bóluefni síðar í vikunni.

Nú er búið að bólusetja yfir 20 þúsund af alls um 75 þúsund manns sem miðað er við að séu í skilgreindum forgangshópum bólusetningar samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO. Neyðarstjórn hefur verið skipuð í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu fyrir sig vegna flensufaraldursins, undir formennsku framkvæmdastjóra viðkomandi sveitarfélags. Komi til þess að neyðarstjórn verði virkjuð starfar hún í samráði við aðgerðastjórn almannavarna á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin vinna nú öll eftir samræmdum viðbragðsáætlunum sem gerðar voru undir umsjón Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til að tryggja órofna lykilþjónustu á meðan inflúensufaraldur gengur yfir.

LANDSPÍTALI Spítalinn er nú starfræktur á virkjunarstigi viðbragðsáætlunar. Langur vegur er frá að færa þurfi starfsemina upp á neyðarstig, sem er efsta stig áætlunarinnar, að sögn Björns Zöega forstjóra.

jss@frettabladid.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Gunnar Viðar Árnason hafnar því að símtöl sanni fíkniefnasmygl hans:

Segist ekki tala á upptökum

DÓMSMÁL Aðalmeðferð fór fram í gær í máli Gunnars Viðars Árnasonar, sem ákærður er fyrir innflutning á um sex kílóum af amfetamíni hingað til lands.

Gunnar neitar alfarið sök í málinu. Við aðalmeðferðina í gær dró saksóknari fram ýmis sönnunargögn sem áttu að sýna fram á sekt Gunnars í málinu. Meðal sönnunargagnanna eru upptökur af símtölum Gunnars við Hollendinga sem taldir eru hafa sent fíkniefnin hingað til lands. Amfetamínið barst hingað í hraðsendingu, sem Gunnar Viðar sótti.

Hollendingar þessir komu við sögu í risastóru fíkniefnamáli sem upp kom í Ekvador í vor, þegar lagt var hald á tugi tonna af kókaíni blönduðu við melassa, eins konar dökkt síróp, í 600 brúsum.

Gunnar Viðar neitar því hins vegar staðfastlega að vera sá sem heyrist í á upptökunum. Saksóknari hefur lagt fram gögn sem sýna eiga fram á annað.

Þrír menn sátu upphaflega í gæsluvarðhaldi grunaðir um tengsl við málið; Gunnar, Ársæll Snorrason og Sigurður Ólason.

Einungis Gunnar var ákærður. Ríkissaksóknari hefur enn til meðferðar önnur mál þeirra Ársæls og Sigurðar, og ekki er útilokað að þau leiði til ákæru.

- sh

DAVÍÐAR!

Í TILEFNI OPNUNAR METRO, **SUNNUDAGINN 1. NÓVEMBER 2009**, BJÓÐUM VIÐ ALLA DAVÍÐA* VELKOMNA AÐ ÞIGGJA ÓKEYPIS METRO-BORGARA MÁLTÍÐ OG UPPLIFA AÐ ÍSLENSKT ER MÁLIÐ OG ÍSLENSKT ER GOTT.

* Davíðs-tilboðið er opið öllum sem heita Davíð að fyrra eða seinna nafni og stendur sunnudaginn 1. nóvember 2009 milli kl. 13.00 og 22.00 í **Metro Suðurlandsbraut** og **Smáratorgi**. Vinsamlega sýnið skilríki.

metro

SMÁRATORGI SUÐURLANDSBRAUT KRINGLUNNI

(METRO KRINGLUNNI OPNAR MÁNUDAGINN 2. NÓVEMBER)

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað voru séra Sigríði Guðmarsdóttur dæmdar háar bætur frá kirkjunni?*
2. *Hver var í vikunni kjörinn nýr forseti Norðurlandaráðs?*
3. *Hvað á skyndibitastaðurinn sem kemur í stað McDonalds á Íslandi að heita?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Fyrrverandi bæjarstjóri Álftaness segir byggingu nýrrar sundlaugar ekki vera ástæðu fjárhagserfiðleikanna:

Eiginfjárstöðu og gengishruni að kenna

SVEITARFÉLÖG Sigurður Magnússon, fyrrverandi bæjarstjóri á Álftanesi, segir að vegna veikrar eiginfjárstöðu sveitarfélagsins hafi hrunið á gengi krónunnar valdið meiri skaða á efnahag Álftaness en flestra annarra sveitarfélaga. Álftanes hefur nú óskað eftir aðstoð Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga við að greiða úr miklum fjárhagsvanda.

Sigurður vísar því á bug að leigusamningur við Eignarhaldsfélagið Fasteign vegna nýrrar sundlaugar í bænum sé að kaffæra sveitarfélagið, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Sigurður segir að erlendar skuldir Álftaness hafi verið 500 milljónir króna fyrir hrun. Þær hækkuðu í 1.000 milljónir á síðasta ári og hafa aukist um 250 milljónir króna til viðbótar á þessu ári.

Leigusamningurinn við Fasteign ehf. er með 55 prósenta gengistryggingu. Sigurður segir að vissulega sé það þung byrði á sveitarfélaginu eins og mál hafi þróast en tap síðasta árs nam 832 milljónum og segir Sigurður ljóst að bygging sundlaugarinnar hafi ekki valdið því, heldur gengishrunið. Höfuðvandinn sé veik eiginfjárstaða fyrir hrun. Helmingur erlendu skuldanna sé vegna fjárfestinga á árunum 2002-2006 og hafi að mestu verið venjulegar lántökur sveitarfélags með milligöngu Lánasjóðs sveitarfélaga.

GENGISHRUN Fyrrverandi bæjarstjóri vísar því á bug að leigusamningur við Fasteign ehf. skipti sköpum um stöðu sveitarfélagsins.

Lausn á vandanum segir Sigurður felast í því að ríkið axli ábyrgð gagnvart sveitarfélögunum og þeim skaða sem þau hafi orðið fyrir vegna hrunsins. Einnig þurfi Jöfnunarsjóður að auka greiðslur til Álftaness. Þær hafi ekki verið í samræmi við það sem vera ber. Öll bæjarstjórnin sé sammála um þessar áherslur. Hann segist ekki telja að nauðsynlegt verði að nýta neyðarheimildir í lögum til að hækka útsvar og fasteignaskatta vegna ástandsins á Álftanesi. - pg

Minnihlutinn á Seltjarnarnesi:

Meirihlutann skortir kjark

SVEITARSTJÓRNIR „Þessi áætlun tekur ekkert á breyttri og verri stöðu bæjarsjóðs og virðist meirihlutinn ekki hafa kjark til taka á brýnum málum hvað varðar fjárhag bæjarins," segir í bókun sem bæjarfulltrúar minnihluta Neslistans lögðu fram á síðasta bæjarstjórnarfundi á Seltjarnarnesi. Þar var kynnt fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árin 2010 til 2012.

Fulltrúar minnihlutans sögðu stefna í mikinn halla hjá bænum þessu ári. Þriggja ára áætlunin væri stefnuyfirlýsing meirihluta sjálfstæðismanna til næstu ára og alfarið á ábyrgð sjálfstæðismanna. Þess vegna myndu fulltrúar Neslistans sitja hjá við afgreiðslu áætlunarinnar. - gar

Franskur rannsóknardómari:

Jacques Chirac fyrir dóm

FRAKKLAND Franskur rannsóknardómari hefur skipað Jacques Chirac, fyrrverandi forseta Frakklands, að mæta fyrir dóm til að svara ásökunum um misnotkun á almannafé meðan hann var borgarstjóri Parísar.

Chirac er sakaður um að hafa haft flokksbræður sína og starfsmenn flokksins á launaskrá borgarinnar, þótt þeir kæmu ekkert nálægt málefnum hennar. - ót

Dæla vatni í jörðina til að lengja líftíma orkusvæðis

Aðstoðarforstjóri HS Orku staðfestir að vatnsborð hafi lækkað hratt á svæðum fyrirtækisins eftir að vinnsla hófst. Með því að dæla niður vatni megi stöðva lækkunina. Fyrirtækið vilji lengja líftíma svæðisins.

ORKA HS Orka dælir nú niður vatni í jörðina til að vinna á móti þrýstilækkun, lægra vatnsborði undir jörð, í Svartsengi og í Reykjanesvirkjun.

Vatnsborðið í eftirlitsholum HS Orku í Svartsengi hefur lækkað um 320 metra frá því vinnsla hófst þar. Í miðju svæðisins á Reykjanesi, þar sem vinnsluholurnar eru, hefur það einnig lækkað um 320 metra. En í jaðri svæðisins á Reykjanesi mælist lækkunin tvö hundruð metrar og er það meðalþrýstilækkun svæðisins. Þessar þrýstingsmælingar eru metnar í börum: 32 bör og 20 bör.

„Niðurdrátturinn hefur orðið sneggri í jarðhitakerfum á Reykjanesi en víðast í jarðhitakerfum á Íslandi. En hann er minni en í Svartsengi og hann er meira en tvöfalt minni en þekkist í rekstri jarðhitakerfa erlendis," segir Albert Albertsson, aðstoðarframkvæmdastjóri HS Orku, en þessar tölur um þrýstilækkun eru fengnar þaðan.

Albert segir að með niðurdælingunni megi stýra þessari lækkun, stöðva og jafnvel draga hana til baka. Spurður hvort til standi að draga lækkunina til baka, segir hann:

„Við ætlum að stýra lækkuninni og nýta svæðið á besta hugsanlega máta og lengja líftíma þess eins og hægt er. Ég hef ekki heyrt neinn halda því fram að það sé ekki nægur varmaforði í berginu. Spurningin er um vökvann sem nemur varmann úr berginu og við tökum upp til yfirborðs, að það sé gengið á þennan vökvaforða. En með niðurdælingunni höldum við honum við."

Albert segir að þegar rætt sé um lækkun á vatnsborði gleymist að taka með í reikninginn að enginn viti í raun um hversu mikið dýpi sé að ræða: „Við höfum ekki rannsóknir og þá fyrst og fremst rannsóknarboranir, sem segja okkur hversu stór þessi tunna er. Hún er allavega stærri en við gerum ráð fyrir. Ef unnt væri að svara þessari spurningu, þá væri hægt að gera sér grein fyrir hvort þessi vatnsborðslækkun væri mikil eða lítil, miðað við dýpt tunnunnar."

klemens@frettabladid.is

LÍKANIÐ SAMSVARAR EKKI KERFINU

„Vegna þess að Reykjanessvæðið er mjög sérstakt og hefur svarað svolítið öðruvísi en var spáð fyrir í upphafi, höfum við verið með sérstaka skoðun á því hvernig þau líkön, sem notuð voru í upphafi, hafa svarað miðað við jarðhitakerfið og hvort hægt sé að draga ályktanir af því," segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri.

Hann hafði verið spurður hvort rétt væri að Orkustofnun (OS) hefði sérstakar áhyggjur af vinnslu HS-Orku, en blaðinu hefur borist til eyrna að þó nokkur bréf hafi farið milli OS og HS um þetta.

Guðni segir að slíkt líkan sé gert til að ákvarða vinnslu á hverju svæði. En þegar líkanið samsvari ekki kerfinu sé ekki óalgengt að athuga sérstaklega hvað valdi því.

„Því menn eru að spá fyrir um eðli þessara jarðhitakerfa án þess að vita nákvæmlega hvað þar gerist. Eftir því sem þeir fá meiri upplýsingar þarf oft að endurskoða líkanið."

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

VERÐ FRÁ 6.900 KR. EINTAKIÐ

Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

Oddi

Námskeið við félagskvíða

- Finnurðu fyrir kvíða og óöryggi innan um aðra?
- Hefurðu áhyggjur af áliti annarra?
- Er óöryggið að há þér í lífinu?

Tíu vikna námskeið við félagskvíða er að hefjast við Kvíðameðferðarstöðina. Kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða í samskiptum og auka öryggi innan um aðra.

Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 og lýkur 10. nóvember n.k. Nánari upplýsingar á heimasíðu Kvíðameðferðarstöðvarinnar: **www.kms.is.**

KMS

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið



20 % afsláttur
af öllum ljósaseríum um helgina

SIRIUS®



Munið kósí konukvöld Garðheima 5.nóvember kl. 19:00 til 22:00

www.gardheimar.is

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Opið til
21.00
öll kvöld

„Eggert Þorleifsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir ... eru gamanleikarar af Guðs náð og hér fara þau á kostum."

Ingibjörg Þórisdóttir, Mbl. 19. okt.

„Spennandi, skemmtileg og athyglisverð sýning."

★★★★ *Elísabet Brekkan, Fbl. 23. okt.*

Magnað verk um hugleysi og græðgi – fullt af eldfimum húmor

Spennandi sýningar í Kassanum og Kúlunni



VÖLVA
Völva er framsækið samrunaverk sem byggir á Völuspá, endurortri af Þórarni Eldjárn.
Pálína Jónsdóttir og Walid Breidi eru höfundar. Tónlist er eftir Skúla Sverrisson.

SINDRI SILFURFISKUR
Nýtt ævintýri eftir Áslaugu Jónsdóttur fyrir yngstu börnin um heillandi sjávarverur.
Sýningar alla laugardaga og sunnudaga.
Frumsýning í Kúlunni í kvöld

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

FRÉTTASKÝRING: Mansal

Af þrælahaldi nútímans

Fátt hefur verið meira rætt á Íslandi að undanförnu en tvö mansalsmál sem komið hafa upp nýlega. Fyrsta ákæran í slíku máli var þingfest nýlega og til rannsóknar er mál sem verður umfangsmeira með hverjum deginum. Málin tvö hafa dregið athygli að alþjóðlegu vandamáli sem Íslendingar hafa löngum gefið takmarkaðan gaum.

RUTH POJMAN Varamansalsfulltrúi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Hún telur aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda innihalda þá þætti sem nauðsynlegir eru. Hins vegar væri mikilvægast af öllu að framfylgja henni af fullum þunga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Utanríkisráðuneytið í samvinnu við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið stóð fyrir opnum fundi um hina alþjóðlegu baráttu gegn mansali í gær. Gestur fundarins var Ruth Pojman, varamansalsfulltrúi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), sem gerði grein fyrir starfi stofnunarinnar. Áhersla fundarins var þó ekki síður staða mála hérlendis; til hvaða aðgerða hefur verið gripið og hvað er fram undan.

Í byrjun erindis síns vék Ruth að þeirri staðreynd að mansal er skipulögð glæpastarfsemi sem virðir engin landamæri. Hún bætti við að „engin takmörk virðast vera fyrir hugkvæmni glæpamannanna" í að finna nýjar leiðir til að misnota fólk í gróðaskyni. Þess vegna sé svo flókið og tímafrekt að rannsaka þessa glæpi.

Íslendingar á réttri leið

Aðgerðaáætlun Íslands gegn mansali var hleypt af stokkunum í mars síðastliðnum og sérfræðiteymi um mansalsmál hefur tekið til starfa á vegum forsætisráðuneytisins. Ruth hrósaði áætluninni og taldi íslensk stjórnvöld vel á veg komin á tiltölulega stuttum tíma. Í því sambandi sagði hún það senda skýr skilaboð að starfsemi nektarstaða hefði verið bönnuð.

Ruth kom inn á hlutverk fjölmiðla í erindi sínu. Hún sagði að á sama tíma og fjölmiðlar séu ómissandi hlekkur í baráttunni gegn mansali þá geti tilvist þeirra ýtt undir þessa glæpi beint og óbeint. Tók hún dæmi af því að fréttamiðlar í Evrópu hafa gífurlegar tekjur af auglýsingum sem tengjast kynlífsiðnaðinum, sem er svo nátengdur mansali.

Fámennið dugar ekki til

Margir gætu ályktað að Íslendingar séu svo fámenn þjóð að mansal ætti ekki að vera vandamál hér. Önnur smáríki í Evrópu hafa hingað til ekki leitað til ÖSE og því liggur beint við að spyrja: Af hverju Ísland?

„Það var að frumkvæði íslenskra stjórnvalda að við heimsækjum Ísland. Við erum hér til að gefa góð ráð, eins og okkur er frekast unnt."

Ruth telur stöðu Íslendinga til að uppræta vandamál eins og mansal betri en milljónaþjóðanna. „Mansal er gífurlegt vandamál í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, en þrátt fyrir það er almenningur ómeðvitaður um við hvað er að eiga. Þið hafið tækifæri til að mennta lögreglu, starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu eins og einn mann, svo ekki sé talað um menntakerfið. Í því liggur styrkur ykkar. Hins vegar má segja að mannlegt eðli sé alls staðar eins. Ísland er ríkt land og mun þess vegna hafa aðdráttarafl fyrir þá sem selja eiturlyf eða fólk."

> Ísland er ríkt land og mun þess vegna hafa aðdráttarafl fyrir þá sem selja eiturlyf eða fólk.

Ruth bendir jafnframt á að laun á Íslandi séu það há að straumur erlends vinnuafls verði áfram til landsins sem er tilbúið að vinna fyrir mun minna, og við mun verri skilyrði en Íslendingar.

Hugarfarsbreyting

Ruth segir að menning vestrænna ríkja hafi þróast með þeim hætti að litið sé á kynlífsiðnaðinn sem eðlilegan hlut. Ekki megi gera lítið úr þýðingu þessa. „Mansal í tengslum við kynlífsiðnaðinn er staðreynd og því er það mikilvægt að fræða ungt fólk ef það á að takast að snúa þessu við. Breytingar verða oft án fyrirvara og alls staðar eru þeir sem eru fljótir til að notfæra sér neyð annarra, en sem betur fer eru aðrir sem vilja berjast á móti."

Hrunið

Ruth telur að hrunið á Íslandi hafi þýðingu í umræðunni um mansal hér á landi. „Sú staða er komin upp að fólk óttast fátt meira en að missa vinnuna. Margir vinna fyrir minna en samt lengri vinnudag. Vinnumarkaðurinn er ekki sanngjarn má segja og það hvetur til mansals. Mansal snýst um misnotkun, hvort sem það er innanlands eða á milli landa. Mansal snýst um vald til að misnota aðstæður á kostnað annarra."

„Ég held að á endanum snúist þetta um samfélagið, menntun og síðast en ekki síst fjölskylduna", segir Ruth. „Það eru þessar grunnstoðir sem skipta mestu og lítið samfélag á í þeim skilningi meiri sóknarfæri. Þið hafið tækifæri til að veita hvert öðru meiri stuðning en gerist víða annars staðar. Eins skiptir miklu máli að stjórnvöld séu góð fyrirmynd og að almenningur trúi að vald sé ekki misnotað."

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

SKILGREINING Á MANSALI

Samtökin The Global Alliance against trafficking in women hafa skilgreint mansal á eftirfarandi hátt:

Mansal felur í sér allar tilraunir eða aðgerðir sem fela í sér að þvinga fólk í vinnu, flytja fólkið innan lands eða yfir landamæri. Að kaupa eða selja fólk, flytja, taka á móti eða hýsa einhvern sem notar blekkingar, kúgun eða ofbeldi í þeim tilgangi að koma einstaklingi fyrir eða halda gegn vilja, gegn gjaldi eður ei, í kúgandi aðstæðum með ofbeldi eða hótunum, eða í eins konar þrælabúðum, í öðru samfélagi en manneskjan bjó í þegar hún var blekkt, kúguð eða þvinguð til að flytja í nýtt umhverfi.

AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN MANSALI

1. Fullgilding alþjóðasáttmála og aðlögun íslenskrar löggjafar.
Markmið: Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 2000 og bókunin við hann um mansal, samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 2005 og samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá 2007 verði fullgiltir.

2. Sérfræði- og samhæfingarteymi og yfirumsjón mansalsmála.
Markmið: Innlent samstarf gegn mansali verði samhæft og formlegri yfirumsjón með málaflokknum komið á fót.

3. Fræðsla fagstétta og opinberra starfsmanna.
Markmið: Viðeigandi fagstéttir og starfsfólk stjórnvalda fái fræðslu um mansal, einkenni þess, greiningaraðferðir og aðstoð við fórnarlömb.

4. Vernd fórnarlamba og aðstoð.
Markmið: Þolendum mansals verði veitt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, viðeigandi stuðningur og vernd sem og aðstoð til að tryggja örugga endurkomu til heimalands.

5. Viðbúnaður lögreglu og rannsókn ætlaðra mansalsmála.
Markmið: Gerendur í mansalsmálum verði sóttir til saka.

6. Aðgerðir gegn eftirspurn á vændis- og klámmarkaði.
7. Alþjóðlegt samstarf.
Markmið: Íslensk stjórnvöld vinni markvisst að því á alþjóðavettvangi að koma í veg fyrir að fórnarlömb ánetjist manseljendum.

Þórður - samfélagslega virkur

Sjón Þórðar Péturssonar fór að minnka verulega þegar hann var 23 ára gamall og nú er svo komið að hann sér aðeins örlítið. Hann er einn af starfsmönnum Blindravinnustofunnar sem vinna við að telja og pakka ýmsum vörum. Þessar vörur hafa verið valdar gæðanna vegna og öll vinna við þær er unnin af kostgæfni. Margar af vörum Blindravinnustofunnar eru leiðandi á markaði í sínum vöruflokki, sem er til marks um að neytendur kunni vel að meta vörur vinnustofunnar og vinnubrögð starfsmannanna.
Vörur Blindravinnustofunnar fást m.a. í Bónus, Hagkaupum, 10 -11, Nóatúni og 11 -11.

Að vera virkur í samfélaginu

Einstaklingum sem eru á virkum atvinnualdri og eru blindir eða sjónskertir, er jafn mikilvægt og öðrum að taka virkan þátt í samfélaginu. Virk atvinnuþátttaka er ein af forsendum þess að geta lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Á Íslandi eru á fjórða hundrað blindir og sjónskertir einstaklingar á virkum atvinnualdri – margir þeirra einangraðri en vilji stendur til. Blindrafélagið stuðlar að auknum lífsgæðum þessa hóps, m.a. með fræðslu, ráðgjöf, akstursþjónustu, leiðsöguhundum, námsstyrkjum og öðrum þeim stuðningi sem leitað er eftir.

Þú styrkir Blindrafélagið og málefni þess með því að kaupa miða í hausthappdrætti félagsins. Stuðningur til sjálfstæðis!

Hugtök Markaðsráðgjöf október 09

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að langmestu leyti með sjálfsaflafé. Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki. Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

Svona tekur þú þátt í gegnum heimabankann þinn:

Í heimabankanum þínum birtist valkrafa frá Blindrafélaginu að upphæð kr. 1.939,-. Þú getur opnað kröfuna til að sjá ítarupplýsingar um hana.



Eindagi
Þennan dag verður dregið í happdrættinu.

Dregið verður í happdrættinu þann 11. desember n.k. en það er sami dagur og eindagi kröfunnar. Númer kröfunnar, þ.e. seðilnúmerið, er það sama og númerið á happdrættismiðanum þínum.
Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls um 300 talsins.
Þar á meðal eru 2 bílar, 120 ferðavinningar, 75 gistivinningar og 100 gjafakort í Kringluna. Heildarverðmæti vinninga er um 50 m.kr.

Þinn stuðningur skiptir máli!

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

70

Upplýsingasími 525 0000.
Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

ÓHUGNAÐUR FYRIR ALLRA AUGUM Kona heldur á ungu barni sínu fram hjá einu af fórnarlömbum óaldarinnar, sem skilið hefur verið eftir í innkaupakerru í einu af fátækrahverfum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

KÚLNAHRÍÐ Sérsveitarmenn herlögreglunnar í Brasilíu sjást hér í skotbardaga við þungvopnaða liðsmenn glæpagengis í miðri Rio-borg. Yfir fjörutíu hafa látist í átökunum. NORDICPHOTOS / AFP

OFBELDINU MÓTMÆLT Óháðu samtökin Rio da Paz (Friðsöm Rio) stóðu fyrir mótmælum á hinni víðfrægu Copacabana-strönd þar sem ofbeldinu í borginni var mótmælt. NORDICPHOTOS / AFP

Skipuleggja íþróttaveislur í skugga óaldar

Ofbeldisalda sem nýlega reið yfir Rio de Janeiro hefur vakið upp spurningar um hvort borgin sé heppilegur vettvangur fyrir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu árið 2014 og Ólympíuleikana árið 2016.

RIO DE JANEIRO, AP Í fátækrahverfum Rio de Janeiro í Brasilíu ráða stórtækir eiturlyfjabarónar lögum og lofum. Þeir kalla sig nöfnum á borð við ‚Scooby' og ‚Big Baby', eru búnir bestu vopnum sem völ er á, sæta ásökunum um að pynta lögreglumenn og tókst fyrir viku að skjóta niður lögregluþyrlu.

Átökin sem blossuðu upp í kjölfar þess að þyrlunni var grandað hafa vakið heimsathygli. Yfir fjörutíu liggja í valnum eftir stríð herlögreglu við glæpagengin og spurningar hafa vaknað um það hvort borgin er nægilega örugg til að hýsa heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu 2014, sem fram fer í Rio og víðar í Brasilíu, og sumarólympíuleikana 2016. Undirbúningur fyrir báðar íþróttahátíðirnar er nú í fullum gangi.

Rio de Janeiro er ekki stríðshrjáð borg í þriðja heiminum. Hún er þvert á móti gríðarvinsæll áfangastaður ferðamanna og einkum þekkt fyrir glæsilegar baðstrendur, fjörugt næturlíf og miklar kjötkveðjuhátíðir. Það er því von að óöldin þar veki sérstakt umtal.

Átökin hófust þegar um 150 liðsmenn Rauða valdsins, glæpagengis úr norðurhluta borgarinnar, réðust til atlögu við keppinauta sína í fátækrahverfinu á Apahæð á laugardaginn var. Lögregla brást við eins og alltaf þegar slíkt kemur upp og sendi þyrlur á staðinn. Í fyrsta sinn var ein þessara þyrlna hins vegar skotin niður og þrír lögreglumenn létust. Þetta hleypti vitaskuld öllu í bál og brand.

Lögregla vígbjóst og sendi 2.000 liðsmenn sína gráa fyrir járnum inn í tugi af þúsund fátækrahverfum borgarinnar í leit að sökudólgunum. Síðan hafa fjórir tugir látið lífið. Lögregla hefur heitið því að taka harðar á glæpamönnunum í borginni en nokkru sinni fyrr nú þegar þessir tveir stórviðburðir standa fyrir dyrum og borgaryfirvöld fullyrða að búið verði að taka á þessum vanda áður en að þeim kemur.

Íbúar fátækrahverfanna – meðal annars leigubílstjórar, kaupsýslumenn, húsmæður, rakarar og lögreglumenn – segja yfirvöld hins vegar heyja vonlausa baráttu. Ómögulegt sé að sigrast á glæpagengjum fátækrahverfanna. Þeir vísa meðal annars í niðurstöður nýlegrar rannsóknar, sem sýnir að glæpamenn Brasilíu búa yfir þrefalt meira magni af vopnum en gjörvöll lögregla landsins.

Árið 2008 voru 5.717 myrtir í fylkinu Rio, þar af langflestir í höfuðborg þess Rio de Janeiro. Til samanburðar má nefna að í Vancouver, sem hýsir vetrarólympíuleikana á næsta ári, voru framin samtals 58 morð í fyrra. stigur@frettabladid.is

Nefnd um vist- og meðferðarheimili

Viðtöl við einstaklinga sem dvöldu á vistheimilinu Silungapolli sem börn á árunum 1950-1969

Með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, skipaði forsætisráðherra nefnd á grundvelli laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Hlutverk nefndarinnar er að kanna hver tildrög þess hafi verið að börn voru þar vistuð, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttað með starfsemi viðkomandi stofnunar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Um þessar mundir er vistheimilisnefnd m.a. að kanna starfsemi vistheimilisins Silungapolls sem starfrækt var á árunum 1950-1969. Af því tilefni óskar nefndin vinsamlegast eftir því að þeir sem dvöldu sem börn á vistheimilinu Silungapolli, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um reynslu sína af dvölinni, hafi samband við nefndina fyrir 1. desember n.k. í síma 563-7016 eða á netfangið vistheimili@for.stjr.is.

Verið velkomin í eina glæsilegustu húsgagnaverslun landsins

30% afsláttur

af öllum vörum

Fjórar verslanir undir sama þaki

HEIMA
HÚSIÐ

heima Ondvegi mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is **Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

BILLY
TAKMARKAÐ UPPLAG

BILLY JÄDER bókaskápur B80×D28, H202cm. Ýmsir litir **12.950,-**

Góðar fréttir!

KLIPPAN 2ja sæta sófi
GRANÅN hvítt

árið **1995** **38.900,-**
árið **2009** **32.900,-**

BILLY samloka
295,-

BILLY á sér uppáhaldssamloku

Samlokan verður til á veitingastað IKEA frá fimmtudegi til sunnudags.

Uppskriftina að henni er að finna á www.IKEA.is

GRANÅN svart
GRANÅN rautt
LAPPMON marglitað
GENARP hvítt
VANSTA dökkblátt
BLADHULT marglitað

Þú getur auðveldlega skipt um áklæði á **KLIPPAN** sófanum þínum. Taktu **KLIPPAN** persónuleikaprófið á www.IKEA.is og sjáðu hvaða **KLIPPAN** hentar þér.

Þeir eru 30 ára

BILLY og KLIPPAN halda upp á afmælið sitt í dag kl. 13:00 í IKEA!

Þeir verða í afmælisfötunum og bjóða gestum upp á 30 metra afmælisköku og kakó. Við hlökkum til að sjá þig!

KLIPPAN BLADHULT 2ja sæta sófi **35.900,-**

Fleiri góðar fréttir!

BILLY bókaskápur
B80×D28, H202cm. Hvítt

árið **1995** **7.300,-**
árið **2009** **6.950,-**

BILLY bókastoðir
H15cm. Ýmsir litir **395,-/stk.**
H23cm. Ýmsir litir **695,-/stk.**

Í september síðastliðnum birti Bloomberg fréttaveitan nýja **BILLY** vísitölu sem sýnir verðið á **BILLY** í stærðinni B80×D28, H202cm í fjölmörgum löndum. Við Íslendingar getum heldur betur glaðst yfir stöðu **BILLY** á Íslandi. Hér er hann talsvert fyrir neðan meðaltalið og stendur sig betur en **BILLY** í Noregi og Svíþjóð og ýmsum fleiri löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við.

Á www.IKEA.is getur þú kynnst **BILLY** enn betur. Þar finnur þú meðal annars **BERGSBO** kærustuna hans og **BENNO** besta vin hans.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Dýradráp í mannúðarskyni:

Fé án hirðis

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Úti í miðju Atlantshafi, nokkurn veginn miðja vegu milli Skotlands og hins umdeilda klettdrangs Rockall, er St. Kildu-eyjaklasinn. Vestust þessara smáeyja, sem Karl Einarsson Dunganon skipaði sig hertoga yfir af kunnu lítillæti, er Soyay. Fræðimenn telja að nafn hennar sé afbökun af gamla norræna heitinu „Sauða-ey“.

Sauðaeyjan ber nafn með rentu. Þrátt fyrir að vera aðeins um ferkílómetri að flatarmáli og gnæfa tæpa fjögur hundruð metra upp í loftið var hún um aldir eða árþúsund heimkynni sérstæðs kindastofns sem gekk þar villtur. Álitið er að stofninn sé jafngamall elstu mannabyggð á St. Kildu eða fjögur þúsund ára. Steinaldarkyn þetta er enda í miklum metum hjá sauðfjárræktendum og náttúruvísindamönnum. Saga villifjárins á Soyay ætti að vera okkur holl áminning um hversu harðger skepna sauðkindin er. Húsdýr okkar mannanna eru jú afkomendur skepna sem lifðu frjálsar í náttúrunni.

Svo virðist sem þessi einföldu sannindi hafi gleymst í tengslum við kindasmölunina miklu í Tálknafirði fyrr í vikunni. Þar höfðu vaskir embættismenn forgöngu um að fanga villikindur á fjallinu Tálkna, sem sagt er að hafi hafst þar við í hálfa öld. Aðgerðir þessar eru réttlættar með mannúðarrökum, þar sem vist dýranna á fjallinu er sögð svo ill að betra sé að slátra þeim snarlega.

Margir hafa orðið til að gagnrýna þessa ákvörðun og biðja fénu griða. Málflutningur þeirra er misgóður. Þannig ber talsvert á fullyrðingum um að á fjallinu hafi þróast einstæður fjárstofn sem búi yfir sérstökum eiginleikum. Það er hreinasta firra. Nýir stofnar með óvenjulega erfðaeiginleika verða ekki til á fáeinum áratugum og kindurnar í Tálknafirði verða seint heillandi sýnidæmi um darwiníska náttúruval.

En á sama hátt og sum rök þeirra sem vilja láta kindurnar óáreittar eru veik er erfitt að sjá rökin fyrir útrýmingu þeirra. Fátt bendir til að sauðfjárveikivarnir kalli á að skjáturnar séu fjarlægðar. Og þótt ljóst megi vera að rollur á Tálkna búi við kröpp kjör að vetrarlagi mætti segja sömu sögu um hreindýr á heiðum Austurlands. Varla teldist það brýnt dýraverndunarmál að útrýma hreindýrum í landinu eða gera þau að húsdýrum?

Svo virðist sem rótin að kindadrápunum fyrir vestan sé ofurtrú á einkaeignarréttinum yfir náttúrunni. Á síðustu árum og áratugum hefur okkur orðið sífellt tamara að líta svo á að náttúran, í öllum sínum myndum, verði að teljast skilgreind eign einhvers. Þar skiptir ekki máli hvort um er að ræða landskika, rennandi vatn, hitauppsprettur eða kvik dýr. Land án þinglýsts eiganda eða fé án hirðis er því frávik: vandamál sem ber að uppræta.

Að mörgu leyti er þessi heimssýn til marks um firringu. Drottnunartilburðir mannsins yfir náttúrunni taka á sig þá mynd að hann reynir að vernda náttúruna fyrir sjálfri sér. Slík mannúð er hins vegar byggð á misskilningi. Rollurnar á Tálkna hefðu alveg mátt fá að þrauka í friði – þótt þær séu bara sauðsvartar og nauðaómerkilegar almúgakindur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Vantar þig aðstoð?

Lagarök er lögmannstofa í örum vexti sem hefur yfir að ráða öflugum hópi fagfólks.
Meðal þeirra þjónustu sem boðið er upp á er:

- Skattaráðgjöf
- Bókhaldsþjónusta
- Fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og félög
- Öll almenn lögfræðiþjónusta
- Greiðsluaðlögun
- Gerð nauðasamninga

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að leysa vandamálið.

LAGARÖK

Síðumúla 27 /108 Reykjavík / Sími 588-1177 / www.lagarok.is

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Á eftir áætlun

Pólitískt uppgjör í kosningum varð ekki umflúið eftir gjaldmiðils- og bankahrunið. Það er hins vegar rétt sem Geir Haarde, þáverandi forsætisráðherra, benti á að þau pólitísku átök sem eðlilega fylgja slíku uppgjöri myndu seinka endurreisninni og dýpka kreppuna.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Fyrsta endurskoðun á þeirri efnahagsáætlun sem ríkisstjórn Geirs Haarde samdi með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum átti að fara fram í febrúar. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur ákvað að fylgja þessum grundvelli sem fyrri ríkisstjórn lagði. Henni tókst hins vegar ekki að ljúka fyrsta áfanga fyrr en nú.

Ástæðan er fyrst og fremst pólitískt sundurlyndi. Afleiðingin snýr beint að fólkinu. Lífskjarabati þess dregst einfaldlega á langinn.

Fróðlegt er að meta mismunandi viðbrögð forystumanna í stjórnmálum þegar þessum áfanga er loks náð svo löngu á eftir áætlun. Forsætisráðherra telur að björninn sé unninn. Þó að þetta sé skref í rétta átt er fögnuður forsætisráðherra yfirdrifnari en efni standa til.

Fjármálaráðherra hefur ekki barið sér á brjóst að sama skapi. Hver er skýringin á því? Sennilegasta ástæðan er sú að hann veit að aðeins hluti af þingflokki hans styður í raun þann grundvöll efnahagsstefnunnar sem felst í samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þetta þýðir að fjármálaráðherra hefur ærna ástæðu til að óttast að hann hafi ekki nógu sterkt bakland til að geta staðið við þau fyrirheit sem hann gaf Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í bréfi frá því fyrr í þessum mánuði. Þar voru ársgömul loforð Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum og peningamálum ítrekuð og farið var fram á að lengja samstarfstímabilið.

Hættan á því að endurreisnaráætlunin dragist enn frekar á langinn felst einmitt í þessari hugmyndafræðilegu spennu innan stjórnarflokkanna. Að því leyti eiga efasemdir forystu stjórnarandstöðunnar um áframhaldandi framkvæmd áætlunarinnar við rök að styðjast.

Áherslur stjórnarandstöðuflokkanna eru hins vegar ólíkar. Sjálfstæðisflokkurinn virðist hafa svipuð viðhorf til samstarfsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Samfylkingin. Framsóknarflokkurinn sýnist hins vegar standa nær vinstri armi VG af einhverjum óskiljanlegum ástæðum.

Stéttastríðshugmyndafræði

Hatrammar deilur standa nú um nokkurra vikna gamlan stöðugleikasáttmála. Skýringin er sú sama og lýtur að seinkun á AGS-áætluninni. Eftir að vinstri armur VG lét undan síga við lausn á Icesave-málinu verður flokksforystan að taka meira tillit til kröfugerðar frá þeirri hlið um skatta sem hamla atvinnuuppbyggingu og um hindranir gegn erlendri fjárfestingu í orkufrekum iðnaði.

Fjármálaráðherrann, þingflokksformaður VG og helsti talsmaður vinstri arms Samfylkingarinnar utan þings hafa allir gengið í skrokk á forseta ASÍ. Kjarninn í gagnrýni þeirra er sá að það sé pólitískt réttrúnaðarbrot af verkalýðsforingjum að eiga samstarf við stéttaóvininn. Hér læðist fram hugmyndafræði sem flestir töldu að liðið hefði undir lok fyrir áratugum.

Sannleikurinn er sá að samvinna aðila vinnumarkaðarins hefur verið mikilvægasta stöðugleikakjölfestan í þjóðarbúskapnum. Þekktastir eru þjóðarsáttarsamningarnir frá 1990. Slíkt samstarf byggir á málamiðlunum.

Nú sýnist hitt vera talið mikilvægara að keyra stjórnarsamstarfið lengra til vinstri. Forystumennirnir virðast líta svo á að því verði ekki haldið saman með öðru móti. Stöðugleikasáttmálinn var í eðli sínu málamiðlun á miðjunni. Hún veldur greinilega of mikilli innri spennu í stjórnarsamstarfinu. Þar skilur á milli stöðunnar nú og 1990.

Samtök atvinnulífsins sýndu afar ábyrga afstöðu með því að segja ekki upp kjarasamningum þó að málefnagrundvöllur sáttmálans væri í uppnámi. Þeir forystumenn stjórnarflokkanna sem ráðist hafa á forseta ASÍ fyrir stéttasamvinnu telja augljóslega að þetta skapi ríkisstjórninni svigrúm til að hafna þeim pólitísku miðjulausnum sem stöðugleikasáttmálinn gerir ráð fyrir. Það kann að reynast hættulegt fyrir endurreisnina.

Stjórnin til vinstri en þjóðin á miðjunni

Kjarni málsins er sá að það er ekki nægjanlega breið pólitísk samstaða á Alþingi til þess að líklegt sé að endurreisn efnahagslífsins takist á þeim tíma sem að var stefnt. Sú framlenging sem ríkisstjórnin fór fram á við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gæti hæglega verið upphaf að enn frekara undanhaldi.

Mikilvægt er að finna leiðir til að koma í veg fyrir það undanhald. Það getur að vísu svalað þorsta vígfimra stjórnmálamanna að dýpka gjána á milli manna. Það mettar hins vegar ekki hungur fólksins í landinu eftir festu og breiðri samstöðu um framgang mála.

VG er að færa ríkisstjórnarsamstarfið lengra til vinstri en leit út fyrir í byrjun þess. Samfylkingin fylgir fast á eftir. Sú hreyfing Samfylkingarinnar opnar að vísu svigrúm fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn á miðjunni. Hvort og þá hvernig þeir flokkar hyggjast nýta sér það svigrúm á eftir að koma í ljós.

Á meðan skilin í pólitíkinni á Alþingi skerpast með þessum hætti bendir þjóðmálaumræðan fremur til þess að fólkið í landinu vilji sjá breiðari samstöðu á miðju stjórnmálanna. Að óbreyttum valdahlutföllum verður núverandi staða ekki færð til eða brotin upp nema forsætisráðherra hafi hug á því. Fátt bendir til að svo sé.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson olikr@markadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Þú getur lækkað höfuðstólinn á bílaláninu



Við færum höfuðstól erlendra bílalána og bílasamninga niður um 23% að meðaltali

Nú geta viðskiptavinir Íslandsbanka gert skilmálabreytingu á bílalánum og bílasamningum sem lækkar höfuðstól og getur létt greiðslubyrði.

Hvað er Höfuðstólslækkun?
Höfuðstóll erlendra bílalána og bílasamninga er lækkaður m.v. ákveðið gengi. Láninu er svo breytt í íslenskar krónur með breytilega óverðtryggða vexti.

Hve mikil er lækkunin?
Miðað við gengi 20. október 2009 er lækkun erlendra lána að meðaltali um 23%. Lækkun höfuðstólsins er breytileg eftir myntum. Höfuðstóll verðtryggðra lána lækkar u.þ.b. um 5%, miðað við eftirstöðvar í október 2009.

Hvernig breytist greiðslubyrðin?
Greiðslubyrðin getur hækkað þar sem lánið verður í íslenskum krónum með breytilega óverðtryggða vexti. Til þess að lækka greiðslubyrðina má lengja lánstímann um ¾ af þeim tíma sem eftir er en þó aldrei meira en 36 mánuði.

Hve lengi er hægt að sækja um Höfuðstólslækkun?
Frá 2. nóvember til og með 18. desember 2009.

Hverjir geta nýtt sér Höfuðstólslækkun?
Þeir einstaklingar sem tóku erlent/verðtryggt bílalán eða bílasamning fyrir 15. október 2008 og eru með lánið í skilum.

Hver verða vaxtakjör eftir Höfuðstólslækkun?
Vextir skv. gjaldskrá Íslandsbanka Fjármögnunar eru nú 13,1%. Veittur verður afsláttur af þeim fyrsta árið, sem nemur 2,6 prósentustigum. Miðað við óbreytt vaxtastig þá verða vextir 10,5% fyrsta árið.

Dæmi um Höfuðstólslækkun
Á myndum A og B er sýnt raunverulegt dæmi um bílasamning sem gerður var um mitt ár 2007 til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning var 50% JPY og 50% CHF. Eftir eru 65 mánaðarlegar greiðslur sem yrðu 101 með hámarkslengingu lánstímans.

Hentar þessi lausn öllum?
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og ókosti þess að breyta láni sínu. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum og hugsanlega henta aðrar lausnir betur, t.d. greiðslujöfnun ríkisins.

Skoðaðu lánið þitt
Á heimasíðu okkar er að finna nánari upplýsingar og ítarlegri svör við spurningum sem gætu vaknað. Frá og með mánudeginum 2. nóvember getur þú, með innskráningu kennitölu og lykilorðs, skoðað hvernig lánið þitt myndi breytast við ólíkar leiðir. Þar getur þú einnig sótt um breytingar á láninu þínu. Lykilorðið þitt verður sent í netbankann þinn.

Kynntu þér málið á islandsbanki.is/fjarmognun eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400





fjarmognun@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarmognun
Sími 440 4400

Íslandsbanki

Eftirlitshlutverk Alþingis

UMRÆÐAN
Ásta R. Jóhannesdóttir skrifar um Alþingi

ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Íslenskt samfélag stendur á margan hátt á tímamótum. Hrun fjármálakerfisins hér á landi og ein dýpsta kreppa í íslensku efnahagslífi á síðari tímum leiðir ekki aðeins hugann að þeirri óráðsíu sem virðist hafa einkennt rekstur bankanna og margra fyrirtækja sem flugu hátt á veikburða útrásarvængjum heldur einnig að stjórnkerfinu í heild og þeim gildum sem það er reist á. Hrunið hefur enda leitt til mjög mikillar samfélagsumræðu um lýðræði og ríkisvald þar sem hlutverk Alþingis og tengsl þess við framkvæmdarvaldið hefur oft borið á góma.

Lýðræðislegur grundvöllur stjórnsýslunnar

Hér á landi liggur uppspretta opinbers valds hjá þjóðinni. Hún velur sér fulltrúa til setu á Alþingi, ekki aðeins til að ákveða hvaða lög eigi að gilda í landinu og hvernig fjármunum ríkisins skuli ráðstafað, heldur ræður afstaða þingmanna einnig skipun ríkisstjórnarinnar. Ráðherrar, æðstu handhafar framkvæmdarvalds, verða að hafa traust meirihluta þingmanna og bera ábyrgð á embættisathöfnum sínum gagnvart Alþingi og á þennan hátt fær starfsemi framkvæmdarvaldsins lýðræðislegan grundvöll til að starfa á. Þetta eru allt atriði sem ég tel að standa beri vörð um í okkar stjórnskipun.

Ákveðnar skyldur fylgja aftur á móti þessari stöðu Alþingis. Það er hlutverk þess að fylgjast með því að starfsemi ríkisstjórnar og stjórnsýslunnar í heild samrýmist þeim áherslum sem þingið vill að stjórnvöld hafi að leiðarljósi. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að mikil áhersla á myndun meirihlutastjórna hér á landi og flokkshollusta þingmanna getur hamlað því að þingið haldi uppi virku eftirliti með ríkisstjórninni. Því er mikilvægt að Alþingi sé vakandi og hugi stöðugt að því hvernig rækja megi þetta lýðræðislega hlutverk sitt.

Reglur um þingeftirlit – ábendingar um úrbætur

Til að varpa skýrara ljósi á eftirlitshlutverk þingsins ákvað forsætisnefnd á síðasta ári að frumkvæði forvera míns, Sturlu Böðvarssonar, að fela vinnuhópi undir forystu Bryndísar Hlöðversdóttur, aðstoðarrektors og forseta lagadeildar Háskólans á Bifröst, að fara yfir lagareglur sem fjalla um þingeftirlit, bera þær saman við reglur í nágrannaríkjunum og koma með ábendingar um úrbætur. Umboð vinnuhópsins var víðtækt og átti hann að skila forsætisnefnd skýrslu að ári liðnu. Þessi skýrsla liggur núna fyrir og hafa niðurstöður vinnuhópsins verið kynntar fyrir forsætisnefnd. Skýrslan er jafnframt birt á vef Alþingis og þannig aðgengileg almenningi.

Í skýrslunni er bent á fjölmörg atriði sem hægt er að bæta og ýmsar hugmyndir reifaðar. Sum atriðin fela í sér tæknilegar lagfæringar en önnur miða að róttækari endurskipulagningu á starfsemi þingsins. Athygli vekur t.d. hversu ófullkomnar reglur um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra eru hér á landi í samanburði við nágrannaríkin. Úr því verður að bæta enda afar mikilvægt að tryggt sé að ávallt séu lagðar réttar og nægilega greinargóðar upplýsingar fyrir Alþingi til að það geti gegnt lýðræðislegu hlutverki sínu.

Þá er vert að vekja athygli á þremur atriðum sem koma fram í skýrslunni sem eiga að geta leitt til virkara eftirlits af hálfu þingsins þrátt fyrir ríka hefð fyrir meirihlutastjórnum og flokkshollustu þingmanna.

Skýrari línur

Í fyrsta lagi kemur fram í skýrslunni að hér vantar skýrari verkferla fyrir athugun mála þar sem upp koma álitamál um ákvarðanir ráðherra og vinnubrögð í stjórnsýslunni. Samkvæmt núgildandi reglum er óskýrt hver á að hafa frumkvæði í málum af þessu tagi og hvernig þau eru meðhöndluð innan þingsins. Af þessum sökum á þingið erfitt með að komast að sameiginlegri niðurstöðu í slíkum málum sem er í raun óviðunandi fyrir alla aðila. Annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu hefur meiri rækt verið lögð við þessi atriði og ljósara hvernig þingin standa að athugun á störfum ráðherra og stjórnsýslunnar. Mikilvægt er að skoða reynslu þeirra á þessu sviði.

Auka þarf rétt minni hlutans

Í öðru lagi er í skýrslunni bent á að auka megi möguleika stjórnarandstöðunnar til að hefja athugun mála og kalla eftir upplýsingum sérstaklega innan þingnefnda, enda fellur það almennt í hlut stjórnarandstöðunnar að halda uppi virku eftirliti og veita ríkisstjórninni aðhald. Aukin réttindi minni hlutans hljóta að vera sérstaklega mikilvæg hér á landi þar sem hefðin kennir okkur að leiðtogar stjórnmálaflokkanna leggja allt í sölurnar til að mynda sem öflugasta meirihlutastjórn. Þá hafa reglur víða í nágrannaríkjunum verið tekin til endurskoðunar með það að markmiði að tryggja betur réttindi stjórnarandstöðunnar og Evrópuráðið samþykkt tilmæli til aðildarríkjanna í þá veru.

Bæta þarf lagarammann um eftirlit Alþingis með störfum ráðherra og stjórnsýslunnar og styrkja þannig lýðræðislegan grundvöll stjórnskipunarinnar.

Gula spjaldið

Í þriðja lagi er bent á að beita megi mildari úrræðum en vantrausti eða ákæru til að koma á framfæri athugasemdum eða gagnrýni þingsins á vinnubrögð í stjórnsýslunni, með öðrum orðum að hægt sé að grípa til gula spjaldsins í stað þess að þingmeirihlutinn geti aðeins veifað því rauða. Ef stjórnarþingmenn telja vinnubrögð sem ráðherra ber ábyrgð á ámælisverð er líklegra að þeir geti stutt slíka tillögu fremur en að lýsa yfir vantrausti á ráðherrann. Eins og bent er á í skýrslunni er þó ekki þörf á því að gera breytingar á reglum til að fylgja þessari ábendingu eftir, einstakir þingmenn og þingnefndir geta lagt fram þingsályktunartillögur þar sem viðhorf þingsins til málefna stjórnsýslunnar koma fram. Pólitískar hefðir og núgildandi regluumhverfi ýta þó ekki undir það.

Eftirlitshlutverk Alþingis verður að styrkja

Hér á landi er of algengt að álitamál um vinnubrögð ráðherra og annarra stjórnvaldshafa, t.d. um embættaveitingar, endi með pólitískum ásökunum í þingsal án sanngjarnrar athugunar og yfirvegaðrar umræðu. Stjórnarmeirihlutinn stendur þá jafnan með ríkisstjórninni og efnisleg niðurstaða fæst ekki í málið. Með því að leggja við hlustir og huga nánar að þeim atriðum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni má ef til vill færa umræðuna upp úr farvegi flokkspólitískra átakastjórnmála af þessu tagi.

Til að mæta sívaxandi kröfu um lýðræðisleg og málefnaleg vinnubrögð í íslenskum stjórnmálum er mikilvægt að áfram verði unnið með þær ábendingar og tillögur sem koma fram í skýrslu vinnuhópsins. Hefur forsætisnefnd þegar samþykkt að bregðast við ábendingum vinnuhópsins með jákvæðum hætti og er vinna þegar hafin við undirbúning að breytingum á löggjöf sem miða að því að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis.

Hér er mikilvægt mál á ferðinni sem hefur sérstaka skírskotun til okkar nú. Bæta þarf lagarammann um eftirlit Alþingis með störfum ráðherra og stjórnsýslunnar og styrkja þannig lýðræðislegan grundvöll stjórnskipunarinnar.

Höfundur er forseti Alþingis.

Verkefni til úrlausnar

UMRÆÐAN
Sigurður Magnússon skrifar um sveitarstjórnamál

SIGURÐUR MAGNÚSSON

Mörg sveitarfélög búa við fjárhagsvanda eftir efnahagshrunið sem má rekja til mistaka við einkavæðingu bankanna og eftirlitsleysi með fjármálastarfi. Eignir sveitarfélaganna rýrnuðu milli áranna 2007 og 2008 um 44 milljarða. Mikill viðsnúningur varð í tekjuafkomu eða um 21 milljarð króna. Mestur var hallinn hjá þeim sveitarfélögum sem voru skuldugust. Á Álftanesi var 392 milljón króna hagnaður árið 2007 en 832 milljón króna tap árið 2008. Eigið fé sem hafði vaxið frá 2006, síðasta ári D-listans, úr 236 milljónum í 706 milljónir, brann upp í hruninu. Ríkisvald sem kemur bönkum og sparisjóðum til aðstoðar hlýtur að taka á vanda sveitarfélaganna sem fara með u.þ.b. 30% af hinni opinberu stjórnsýslu í landinu og þurfa að verja störf og grunnþjónustu.

Lán Álftaness voru um 1600 milljónir fyrir hrunið, þar af um 500 milljónir erlend lán. Miðað við gengi í haust voru erlendu lánin orðin um 1200 milljónir. Innlend lán hafa líka hækkað mikið vegna verðbólgu. Leiga íþróttamiðstöðvar sem er í eigu Fasteignar hefur hækkað en leigan er að hálfu gengistryggð. Gengishrunið hefur því valdið miklu tjóni, sérstaklega þar sem fjárhagstaðan var veik fyrir. Með styrkingu krónunnar mun þetta tjón vonandi að hluta til ganga til baka. Í „Árbók sveitarfélaganna 2009“ greinir frá rekstri sveitarfélaganna árið 2008. Í Árbókinni eru upplýsingar um skuldir þeirra með skuldbindingum eins og þær voru í efnahag ársins 2008, í krónum á hvern íbúa. Álftanes er þar með eina milljón króna og er í hópi með átta öðrum sveitarfélögum þar sem skuldir á íbúa eru yfir milljón, í þessum hópi eru m.a. Kópavogur, Hafnarfjörður, Fjarðarbyggð og Grundarfjarðabær, svo dæmi séu nefnd. Nítján sveitarfélög koma svo skammt á eftir með milli 700 þúsund til eina milljón króna á hvern íbúa.

Hér að framan eru ekki taldar skuldir utan efnahags s.s. leiguskuldbindingar. Að sjálfsögðu þarf að horfa til þeirra þegar greiðslugeta er metin. Nægilegt veltufé frá rekstri þarf að vera til staðar til að standa undir lánum. Ekkert sveitarfélag getur til lengdar fjármagnað rekstur með lánsfé. Jafnframt þarf að horfa til langtímaáætlana en aðstæður sveitarfélaganna eru ólíkar. Hvað Álftanes varðar þarf ríkisvald að verða við kröfum um auknar jöfnunargreiðslur en til lengri tíma litið munu tekjustofnar styrkjast. Á Álftanesi er áætlað að íbúum fjölgi á næstu árum úr 2500 í 3500 og munu skuldir og skuldbindingar á hvern íbúa lækka. Skattstofnar munu eflast og breikka með tilkomu atvinnulífs en byggð fyrir atvinnulíf hefur verið skipulögð. Núverandi eignir í lóðum og byggingarlandi munu mæta skuldum með frekari uppbyggingu.

Fjárhagsvandi margra sveitarfélaga hefur aukist eftir hrunið. Á Álftanesi varð röng stefna D-listans um árabil til þess að auka á vandann. D-listinn fylgdi markaðshyggju í skipulagsmálum og nýtti ekki hagvaxtarskeiðið frá 2002-2006 til að styrkja eigið fé bæjarsjóðs. Þetta er staðfest í skýrslu endurskoðanda sveitarfélagsins með ársreikningi 2006. Á þessu tímabili fjölgaði íbúum um 50 % og voru byggðar á fjórða hundrað íbúðir og sérbýli. Þó var ekki úthlutað einni einustu lóð, heldur keyptu verktakar allt land til skipulagningar og tóku til sín hagnaðinn af lóðasölu. Áætla má að verktakahagnaður hafi verið 1500 milljónir. Ef hagnaðurinn hefði runnið í bæjarsjóð hefði bæjarsjóður verið skuldlítill þegar hrunið skall á. Fyrir 1500 milljónir hefði mátt byggja öll íþróttamannvirki á Álftanesi. Álftanesingar þurftu hins vegar að taka lán fyrir öllum fjárfestingum sem fjölguninni fylgdu, meðan aðrar bæjarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu skipulögðu lóðir til úthlutunar og nýttu hagnað til að byggja skóla- og íþróttamannvirki. D-listinn vanrækti líka að krefjast endurskoðunar á greiðslum frá Jöfnunarsjóði en rökstutt hefur verið að greiðslur frá honum þyrftu að tvöfaldast til að jafna þann aðstöðumun sem er á milli Álftaness og höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur er tilkominn vegna þess að hlutfall barna og unglinga er 40% hærra á Álftanesi en á höfuðborgarsvæðinu. Ef aðstöðumunur væri að fullu jafnaður ætti að greiða til Álftaness um 100-200 milljónir hærra framlag árlega. Ámælisvert er að þetta hafa viðgengist um langt árabil og leitt til þess að bæjarsjóður hefur þurft að selja eignir fyrir rekstri.

Framundan er mikið verkefni að endurreisa atvinnulíf í landinu, bæta fjárhag sveitarfélaga og heimila. Sveitarfélagið Álftanes mun vinna sig frá núverandi vanda með stuðningi ríkisvalds sem hlýtur að leiðrétta jöfnunargreiðslur og aðstoða við að draga úr tjóni vegna gengishruns. Álftnesingar hafa líka sýnt það á þessu ári, að þrátt fyrir samdrátt hefur verið seldur byggingaréttur fyrir rúmar 400 milljónir í „grænum miðbæ“. Hrunið hlýtur líka að hvetja til aukinnar samvinnu milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með það markmiði að hagræða, samræma ákvarðanatöku og jafna aðstöðu af ýmsu tagi.

Höfundur er bæjarfulltrúi og oddviti Á-lista.

www.ellingsen.is
ÚLPUDÖGUM
LÝKUR Í DAG
30–70%
afsláttur af eldri gerðum
GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK - SÍA

Þetta er landið okkar líka

UMRÆÐAN
Þorvaldur Gylfason skrifar

ÞORVALDUR GYLFASON

Greinina, sem hér fer á eftir, skrifaði ég 1. maí 1995 til birtingar í *Morgunblaðinu* í tilefni af myndun nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Tveir yfirlesarar réðu mér frá að birta greinina. Ég fór að ráðum þeirra. Þegar greinin var skrifuð, hafði ríkt stöðnun í efnahagslífinu frá 1987, en samningurinn um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafði verið samþykktur árið áður, 1994, með 33 atkvæðum af 63 á Alþingi. Í ljósi þess, sem síðan hefur gerzt, þykir mér rétt að birta greinina nú óbreytta og leggja hana í dóm lesandans fjórtán og hálfu ári eftir að hún var skrifuð.

YFIR ESJUNA „Ætlum við að láta þá halda áfram að skipuleggja fátækt á Íslandi og flæma börnin okkar burt?“ spyr greinarhöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Andrew Lloyd Webber, höfundur Evítu, Cats og margra annarra vinsælla söngleikja, er sagður hafa komið til kunningja síns í öngum sínum og spurt hann: „Hvers vegna fellur öllum strax svona illa við mig?“ Kunninginn svaraði að bragði: „Það sparar tíma.“

Nú er ný ríkisstjórn setzt að völdum á Íslandi. Hana skipa tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins. Þeir hafa setið að völdum ýmist á víxl eða báðir í einu síðastliðin 65 ár samfleytt, ef utanþingsstjórnin 1942-44 og tvær minnihlutastjórnir til bráðabirgða eru undan skildar. Þeir bera því höfuðábyrgð á þeirri efnahagshnignun, sem hefur átt sér stað hér heima undangengin ár. Þeir bera ábyrgð á því, að Ísland er nú komið í hóp fátækustu landa Evrópu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslum um kaupmátt þjóðartekna á vinnustund og stefnir neðar. Þetta er þeirra verk.

Þeir bera einnig ábyrgð á því, að ofsóknin á Íslandsmið heldur áfram, þótt hættumerkin hrannist upp. Það er þeirra verk, að sjávarútvegurinn í heild – „undirstöðuatvinnuvegurinn“, sem þeir þreytast aldrei á að nefna svo – er enn sem endranær á hvínandi kúpunni og ófær um að standa skil á skuldum sínum við banka og sjóði, enda hafa 50 milljarðar króna farið forgörðum í bankakerfinu síðan 1987. Rögnvaldur Hannesson, prófessor í Viðskiptaháskólanum í Bergen, kemst að þeirri niðurstöðu í ágætri grein í síðasta hefti Hagmála, að „[þ]ví miður bendi[r] flest til þess, að lífskjör á Íslandi fari smám saman versnandi og að Íslendingar dragist verulega aftur úr nágrannaþjóðunum efnahagslega.“ (bls. 38)

Þessir sömu stjórnmálaflokkar hafa líka ráðið landbúnaðarstefnunni og dæmt hundruð bænda til hungurbúskapar, um leið og heimilin í landinu eru enn sem fyrr að sligast undan of miklum matarkostnaði. Þeir bera ábyrgð á löngu úreltu vinnumarkaðsskipulagi, sem ber meiri keim af sovézkri miðstjórn en markaðsbúskap og veldur því, að skólar landsins hafa t.a.m. staðið lokaðir langtímum saman með reglulegu millibili, svo að fjöldi æskufólks hefur orðið fyrir miklum skaða. Þeir bera ábyrgð á láglaunabaslinu, sem mikill og vaxandi fjöldi fólks verður að una við, um leið og stjórnmálastéttin, nómenklatúran, heldur áfram að hlaða forréttindum undir sjálfa sig.

Meira af hinu sama

Forustumenn stjórnarflokkanna sýna engin merki þess enn, að þeir beri nokkurt skynbragð á þann skaða, sem flokkar þeirra eru búnir að valda. Þeir virðast þvert á móti staðráðnir í að bjóða þjóðinni meira af hinu sama, svo sem stefnuyfirlýsing stjórnarinnar ber með sér. Þeir ætla að ríghalda í rangláta kjördæmaskipan og í ríkisbanka- og sjóðakerfi, sem er bæði óhagkvæmt og spillt. (Þeir segjast að vísu ætla að „breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða“, en þeir hafa engin áform um einkavæðingu þeirra, sem er aðalatriðið; á síðasta kjörtímabili gerðist ekkert í þessum málum hér heima, á meðan bankar í Austur-Evrópu voru einkavæddir í tugatali, þar á meðal allir bankar Tékklands.) Þeir ætla einnig að halda Íslandi utan Evrópusambandsins.

Forsprakkarnir þræta fyrir ófremdarástandið í lengstu lög, enda líður þeim vel í ljóma forréttindanna, sem þeir hafa skammtað sjálfum sér til að firra sig fátæktinni, sem þeir leggja á aðra með auknum þunga.

Allt þetta gera þeir auðvitað í eiginhagsmunaskyni. Þeir vita það vel, að réttlát kjördæmaskipan, hagkvæmt og heilbrigt bankakerfi og aðild Íslands að Evrópusambandinu myndu svipta þá völdum (og forréttindum), enda er umbótahnignunar efnahagslífsins smátt og smátt og ófarnaðar í þjóðfélaginu í heild.

Því segi ég við lesendur *Morgunblaðsins*: Sparið þann tíma, sem í það færi að gefa þessari ríkisstjórn tækifæri til að sýna, hvað í henni býr. Það býr ekkert í henni. Það er auðséð strax í upphafi. Það er búið að reyna þessa flokka til þrautar. Þeir hafa brugðizt.

Hættuleg efnahagsstefna

Vandinn er sá, að báðir stjórnarflokkarnir fylgja efnahagsstefnu, sem er röng og hættuleg í veigamiklum atriðum og hefur reynzt þjóðinni dýrkeypt marga áratugi aftur í tímann. Þeir tóku við gjaldeyriseign, sem var jafnvirði 80-90% af þjóðarframleiðslunni við lýðveldisstofnunina 1944, eins og Jóhannes Nordal, fyrrum seðlabankastjóri, hefur rifjað upp í fróðlegri grein í Fjármálatíðindum, en þessi eign hefur smám saman snúizt upp í erlenda skuld, sem nemur nú 60-70% af þjóðarframleiðslunni. Þeir ætla samt bersýnilega að halda áfram sömu braut. Þeir ætla að halda áfram að hlaða undir sérhagsmunahópana og grafa um leið undan afkomu fólksins í landinu. Þeir ætla að reyna að koma sér undan því að gera almenningi grein fyrir fjárreiðum sínum, þótt þeim hafi af ærnu tilefni borizt opinber áskorun um það frá hópi háskólakennara fyrir hálfu öðru ári. Þeir ætla að halda áfram að troða óhæfum mönnum úr eigin röðum í ýmis mikilvægustu embætti landsins. Þess vegna meðal annars mega þeir ekki til þess hugsa að missa bankakerfið undan yfirráðum sínum. Þeim gæti hæglega átt eftir að takast að leggja efnahagslíf landsins í rúst.

Nú leika menn sér auðvitað ekki að því að leggja efnahagslíf fullvalda ríkis í rúst. Forsprakkarnir þræta fyrir ófremdarástandið í lengstu lög, enda líður þeim vel í ljóma forréttindanna, sem þeir hafa skammtað sjálfum sér til að firra sig fátæktinni, sem þeir leggja á aðra með auknum þunga. Einmitt þannig fóru austur-evrópskir kommúnistar að, en þeir höfðu þó manndóm til að viðurkenna mistök sín á endanum og biðjast afsökunar.

Gerbreytum landslaginu

Málsvörn margra þeirra, sem hafa veitt stjórnarflokkunum brautargengi fyrr og nú, hefur jafnan verið sú, að betra lið sé ekki í boði. Það er því miður mikið til í því. Við því þarf að bregðast. Annars byrjar unga fólkið að flykkjast burt úr landinu í hrönnum eins og gerðist í Færeyjum. Þessa sjást nú þegar ýmis teikn, en þó ekki enn í brottflutningstölum Hagstofunnar, því að margir halda gjarnan lögheimili sínu á Íslandi enn um sinn, þótt þeir flytji búferlum til útlanda. Ef þessi þróun heldur áfram, geta margir Íslendingar á miðjum aldri átt einmanalega elli í vændum. Hví skyldi t.d. háskólakennari kjósa að eyða starfsævinni hér og láta síðan bjóða sér 70.000 kr. á mánuði í eftirlaunaumslagið, þegar starfsbræður hans í nálægum löndum eiga þrisvar sinnum hærri eftirlaun í vændum fyrir sama ævistarf? Svipuð dæmi er hægt að nefna um flestar aðrar starfsstéttir. Það hljóta allir réttsýnir menn að sjá, að við þetta er ekki búandi.

Forustumenn stjórnmálaflokkanna skulu ekki gleyma því, að veður geta skipazt æði skjótt í lofti á starfsvettvangi þeirra. Þeir skulu ekki gleyma því, að stærsti stjórnmálaflokkur Kanada var nánast þurrkaður út af þingi í einni svipan fyrir fáeinum árum. Þeir skulu ekki heldur horfa fram hjá því, að stærsti stjórnmálaflokkur Ítalíu, sem hafði stjórnað landinu samfleytt í hálfa öld ásamt öðrum, var líka þurrkaður út í einum þingkosningum. Og úr því að hægt var að ryðja stærstu stjórnmálaflokkunum úr vegi í einu vetfangi úti í heimi, þá getur það varla verið mikið verk fyrir vaska menn að gerbreyta landslaginu í stjórnmálalífinu hér heima, þegar hætta steðjar að.

Ég spyr: Ætlum við að láta þá halda áfram að skipuleggja fátækt á Íslandi og flæma börnin okkar burt? Er þetta ekki landið okkar líka?

Höfundur er prófessor.

© 2009 KPMG hf., íslenski aðilinn að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.

Endurreisnin

Endurskipulagning á erfiðum tímum

Ráðstefna KPMG 5. nóvember

Endurskipulagning á rekstri og fjárhagsskipan er mikið í umræðunni. Eftir algjört hrun íslenska fjármálakerfisins má spyrja hvert stefnum við, hvert er hlutverk fjármálastofnana og hver er staða hluthafa og starfsmanna við þessar kringumstæður. Hvernig verður best staðið að endurskipulagningu? Er hætta á að sjónarmið lánardrottna verði of ráðandi í starfsemi fyrirtækja?

Dagskrá

- **Sigurður Jónsson**, framkvæmdastjóri KPMG setur ráðstefnuna
- **Gylfi Magnússon**, efnahags- og viðskiptaráðherra
- **Birna Einarsdóttir**, bankastjóri Íslandsbanka
- **Benedikt Jóhannesson**, framkvæmdastjóri Útgáfufélagsins Heims
- **Craig Masters**, sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja, KPMG London
- **Þorsteinn Pálsson** stýrir pallborðsumræðum
  - Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Útgáfufélagsins Heims
  - Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka
  - Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda
  - Hörður Arnarson, forstjóri Sjóvá
  - Símon Á. Gunnarsson, Partner KPMG

Ráðstefnustjóri er **Finnur Oddsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Sigurður Jónsson

Gylfi Magnússon

Birna Einarsdóttir

Benedikt Jóhannesson

Craig Masters

Þorsteinn Pálsson

Finnur Oddsson

Staður: Grand Hótel Reykjavík, Gullteigur
Tími: 5. nóvember frá kl. 13:00 til 17:00
Ráðstefnugjald: 17.500 kr.
Léttar veitingar verða í boði að loknum pallborðsumræðum.

Skráning á kpmg@kpmg.is eða í síma 545 6000.

kpmg.is

AUDIT ▪ TAX ▪ ADVISORY

KPMG

Ég er frekur gagnvart hagsmunum míns fólks

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, hefur sætt gagnrýni úr ýmsum áttum síðustu daga. Hann lætur sér það í léttu rúmi liggja og segir baráttuna fyrir hagsmunum ASÍ-félaga það eina sem skipti máli. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** ræðir við Gylfa um pólitíkina og stöðuna í samfélaginu.

Þú ert sagður hafa teygt þig um of inn á pólitíska sviðið. Áttu að vera þar?

„Já, að sjálfsögðu. Launafólk á að hafa mikið um það að segja á hverju þetta samfélag byggist. Við erum hagsmunasamtök og það verður ekkert pólitískara heldur en hagsmunir fólks. Ég er í forsvari fyrir 112 þúsund manns og ber ábyrgð á að fylgja hagsmunum þeirra eftir. Mig varðar ekkert um hverjir sitja í ríkisstjórn og hvort það er hægri stjórn eða vinstri stjórn. Það er samfella í málflutningi Alþýðusambandsins óháð ríkisstjórnum og um leið og við eigum samstarf við ríkisstjórnir leyfum við okkur að gagnrýna þær ef við teljum þær vera að gera eitthvað sem er andstætt hagsmunum okkar fólks. Hagsmunirnir breytast ekki eftir því hvernig ríkisstjórn situr.“

Þú sætir gagnrýni frá vinstri væng stjórnmálanna og innan úr verkalýðshreyfingunni en átt samleið með atvinnurekendum. Er ekki eitthvað rangt við það?

„Nei. En þetta kann að líta undarlega út. Þótt hagsmunir launafólks og atvinnurekenda séu í grundvallaratriðum ólíkir falla þeir saman að mörgu leyti. Það er til dæmis beggja hagur að örva hagvöxtinn, byggja upp fyrirtæki og fjölga störfum. Það urðu fullkomnar vanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar á stöðugleikasáttmálanum og við því brást ég. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld standi við yfirlýsingar og loforð og skuldbindandi samninga.“

Hvers vegna leggurðu þessa ofuráherslu á Helguvíkurálverið?

„Vegna þess að þær framkvæmdir eru nú einu sinni forsenda þjóðhagsáætlunar og fjárlaga. Ríkisstjórnin lofaði að beita sér ekki gegn þessu en gerði það svo með ákvörðun umhverfisráðherra. Stjórnmálamenn hafa ekki rétt til að snúa við eigin yfirlýsingum og loforðum. Þannig vinna menn í bananalýðveldum en ekki í þroskuðum lýðræðisríkjum. Stjórnvöld hafa gert fjárfestingasamning um álver í Helguvík og við hann á að standa.

En um stóriðjuumræðuna get ég hins vegar sagt að innan Alþýðusambandsins vex þeirri skoðun fylgi að það sé komið nóg og jafnvel of mikið af áli.“

Leggurðu þá ekki áherslu á álver við Bakka?

„Ég legg mikla áherslu á atvinnuuppbyggingu þar og tel ýmis tækifæri til að byggja þar upp framleiðslu sem þarf mikla orku. Ég hef hins vegar efasemdir um að það eigi endilega að vera í áli. Nú er búið að opna þetta ferli og hleypa fleirum að sem er mjög mikilvægt. Það er rangt að veita einu fyrirtæki einkaleyfi til að velta fyrir sér hvað það ætlar að gera í framtíðinni. Á meðan skoðar enginn annar möguleikana. Þetta sagði ég Alcoa.

Ég skil hins vegar félaga mína á Húsavík að leggja áherslu á álið því þeir hafa þurft að horfa upp á innihaldslausa en yfirlýsingaríka byggðastefnu til áratuga.“

Þú hefur gagnrýnt að vextirnir hafi ekki lækkað eins og fjallað er um í stöðugleikasáttmálanum. Þú veist að ríkisstjórnin ræður ekki vöxtunum.

„Það er hárrétt en ríkisstjórnin ræður við þær aðstæður sem til þurfti. Hún lenti í gíslingu eigin flokka um Icesave-málið og er ábyrg fyrir að hafa misst meirihluta sinn á þingi í sumar. Það tók hana fjórtán vikur að endurheimta meirihlutann og þeim tíma sólundaði hún með þeim afleiðingum að atvinnurekendur fengu í hendurnar möguleika á að segja upp kjarasamningum.“

> Ég get alveg viðurkennt að ég er frekur gagnvart hagsmunum míns fólks.

Lýðræðið var að verki í þinginu, ekki ertu á móti því?

„Nei. En þingræðið byggir á því að ríkisstjórnir hafi meirihluta og leggi sínar ákvarðanir fyrir Alþingi til staðfestingar. Það er skrítið þingræði þar sem ríkisstjórn missir meirihluta sinn og til verður nýr meirihluti á þingi. Það á frekar skylt við stjórnleysi heldur en þingræði. En aðalatriðið í þessu máli er að afleiðingin af þessu varð sú að ekki voru teknar ákvarðanir sem þurfti að taka og kjarasamningar voru í hættu. Af því hafði ríkisstjórnin litlar áhyggjur.“

Lætin voru í VG og umhverfisráðherrann er í VG, viltu þann flokk úr ríkisstjórn?

„Nei, nei. Mér finnst Steingrímur J. Sigfússon til dæmis hafa staðið sig mjög vel. Hann er fylginn sér og það er samfella í málflutningi hans. VG og svo sem Hreyfingin eru einu flokkarnir sem ekki eru ábyrgir fyrir þeirri þróun sem hér varð. Ísland er ríki í greiðsluaðlögun og ástæðan fyrir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er okkur nauðsynlegur er sú að stjórnvöld hundsuðu í mörg ár ráðgjöf erlendra sérfræðinga. Við vorum á móti skattalækkununum sem Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson réðust í og vöruðum við að þær myndu leiða til óskapa. Það endaði svo með því að alþjóðasamfélagið treystir ekki íslenskum stjórnvöldum og þess vegna þurfum við tilsjónarmann sem er auðvitað sárt fyrir stjórnmálamenn að sætta sig við.“

FORSETINN Gylfi Arnbjörnsson segist hafa efasemdir um að heppilegt sé að reisa álver á Bakka en vill að þar verði öflugur iðnaður knúinn af orkunni í Þingeyjarsýslu. Hann segir að þeirri skoðun vaxi fylgi innan Alþýðusambandsins að nóg sé komið af áli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þú brást ókvæða við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í vikunni um stöðugleikasáttmálann. Hvers vegna?

„Af því að það vantaði í hana að tiltekin deilumál yrðu dregin upp og sett í viðræðufarveg.“

Eitt af því sem þú vilt ræða um við stjórnvöld er að taka yfir rekstur Atvinnuleysistryggingasjóðs. Er það ekki bara frekja í þér?

„Við viljum fá að axla ábyrgð á því að reka atvinnuleysistryggingakerfið eins og við gerðum í fjörutíu ár og teljum affarasælla að þjónusta við atvinnulausa sé nær verkalýðshreyfingunni. Hitt er svo annað mál að ég get alveg viðurkennt að ég er frekur gagnvart hagsmunum míns fólks og ég er stoltur af því. Ég held reyndar að ég hafi verið kjörinn í þetta embætti af því að ég er frekur um hagsmuni míns fólks.“

Ertu ekki svo frekur að þú viljir stjórna landinu öllu?

„Nei, alls ekki, þá hefði ég boðið mig fram í það.“

En þú talar nú stundum eins og þú viljir stjórna landinu öllu?

„Þegar kemur að hagsmunum minna félagsmanna þá leyfi ég mér að gagnrýna ríkisstjórnina. Það er alveg ljóst að hún hefur meirihluta á þingi og getur farið sínu fram alveg eins og hún vill. Hún getur það þvert á skoðanir forseta Alþýðusambandsins. En ríkisstjórnin hefur sjálf sagt að hún telji mikilvægt að eiga við okkur gott samstarf og þá skulum við hafa það þannig.

Samstarf og samráð fela í sér að maður deilir ábyrgðinni og ákvörðuninni. Það kemur ekki til álita að ríkisstjórnin fái verkalýðshreyfinguna til að deila með sér ábyrgðinni án þess að deila ákvörðuninni.“

➜ LENGI HJÁ ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson hefur verið forseti Alþýðusambandsins í eitt ár. Samhliða gegnir hann starfi framkvæmdastjóra ASÍ en hann var ráðinn til þess starfs árið 2001. Gylfi lauk verslunarprófi frá Samvinnuskólanum á Bifröst 1978 og meistaragráðu í hagfræði frá Verslunarháskólanum í Kaupmannahöfn 1986.

Áður en hann varð framkvæmdastjóri ASÍ var hann framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn, hagfræðingur ASÍ og hagfræðingur Kjararannsóknarnefndar.

RISA

TAX FREE

helgi á Korputorgi um helgina.

the PIER

TOYS R US

Office1

Listsmiðja

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára

Europris

MERKJA OUTLET

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ILVA

*Tax free gildir ekki í verslun Bónus.
Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.

KORPUTORG

PIPAR • SÍA • 91837

Í minningu Flosa

Flosi Ólafsson verður borinn til grafar í dag. Glaðværð, leiftrandi húmor og orðsnilld einkenndu Flosa allt hans líf og gerðu hann ógleymanlegan. Hér deila samferðamenn og -konur Flosa minningarbrotum með lesendum. Flosi hefði orðið áttræður 27. október en hann lést í kjölfar bílslyss laugardaginn 24. október. Skömmu fyrir slysið tók blaðamaður við hann afmælisviðtal, sem fjölskylda hans hefur veitt Fréttablaðinu leyfi til að birta. Í því sést vel að lífsgleðin fylgdi Flosa fram á síðustu stundu.

VIÐ SKRIFBORÐIÐ Flosi Ólafsson var leikari, leikstjóri, skáld og rithöfundur. Hann skrifaði nokkrar bækur um ævina, enda lumaði hann á ógrynni skemmtisagna í hugarfylgsnum sínum. Í Kvosinni var bókanna best, að hans eigin mati. Hún var endurútgefin 27. október, daginn sem Flosi hefði orðið áttræður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mínir nánustu vilja endilega stofna til mannfagnaðar. En ég tek það ekki í mál, enda erum við Lilja nýbúin að halda upp á gullbrúðkaupið okkar með voldugri veislu. Þar að auki er ég haldinn svo djúpstæðum ótta við svínaflensuna að ég hef afráðið að halda mér frá fólki," segir Flosi Ólafsson leikari, grallaralegri röddu. „Ef þú trúir þessu ekki þá verður bara að hafa það," bætir hann við. „Þar að auki má ég ekki vera að því að skemmta mér, þar sem ég er á bólakafi í því að hjálpa til við að koma endurútgáfu á stórverki mínu – Í Kvosinni – á framfæri. Það er nú eitthvert það leiðinlegasta verk sem ég get hugsað mér, að ganga manna á milli og lofsyngja sjálfan mig og verk mín. Mér hefur alltaf fundist drýldnir og sjálfumglaðir menn heldur óskemmtilegir. En ég get svo sem sagt þér það í trúnaði, sem þú mátt kannski hafa eftir mér ef þú lætur það ekki fara lengra, að þetta er djöfull skemmtileg og snaggaralega skrifuð bók."

Í Kvosinni kom fyrst út fyrir rúmum aldarfjórðungi, seldist þá fljótt upp og hefur ekki verið fáanleg í bókaverslunum síðan. Bókin ber undirtitilinn „æskuminningar og bersöglismál" og fjallar um líf Flosa, frá því fyrir fæðingu og þangað til hann var loks búinn að „hlaupa af sér hornin og orðinn þorstaheftur" eins og Flosi segir sjálfur. Þegar því stigi var náð flutti Flosi upp í Borgarfjörð með sinni ástkæru eiginkonu, Lilju. Það var fyrir um tuttugu árum.

Í bókinni er, eins og mætti ímynda sér, margar kostulegar sögur að finna. „Þarna segir frá því hvernig ég kynntist leyndardómum ástarlífsins, sem bráðungur maður, ja, eða barn," rifjar Flosi upp. „Ég minnist þess þegar átti að fara að kenna okkur hvernig börnin yrðu til, í Miðbæjarskólanum. Þá vorum við strákarnir í sjö ára bekk löngu orðnir doktorar í þeim fræðum, búnir að vera í linnulausum læknisleik með stóru stelpunum. Þær kenndu okkur allt um það hvernig lífið og tilveran gengi fyrir sig. Svo segi ég líka sögur af menntaárum mínum, þegar ég fór úr tannlækninum í þjóðhagfræði í Háskólanum í Hamborg. Pabbi ætlaði mér að verða tannlæknir. En ég er voða feginn að vera eins og ég er en ekki eins og ég átti að verða."

Endurútgáfa bókarinnar á hug Flosa allan og hann má lítið vera að því að tala um aldur sinn. „Æ, ég hef nú enga þjálfun í því að vera gamall, því ég hef alla tíð verið svo ungur," segir hann. Einn ljósan punkt sér hann þó í stöðunni. „Ég er með kransæðastíflu, sem hefur þá góðu kosti að læknirinn er búinn að tilkynna minni elskulegu og yndislegu eiginkonu að hún verði að hafa mjög ofarlega í huga að hún megi ekki mótmæla mér. Allt andóf gegn mér getur nefnilega orsakað það að ég detti niður dauður. Hún þarf því alltaf að vera sammála mér, sem henni gengur reyndar misjafnlega með. En hún reynir sitt besta, enda afbragðsstelpa hún Lilja mín. Ég er voðalega skotinn í henni. Það er satt að segja það eina sem lifir eftir af mér."

holmfridur@frettabladid.is

➜ FYRIRMYND Í GRÍNINU

„Flosi átti mjög stóran þátt í að ég gerðist skemmtikraftur sjálf. Það var í byrjun árs árið 1998 að góð kona bað mig um að skemmta í Logalandi í Borgarfirði. Hún þurfti að ganga mjög mikið á eftir mér með það, því ég hafði aldrei komið fram alein áður, bara með öðrum. Svo ég bjó til prógramm, orð fyrir orð. Ég æfði meðal annars upp aríu Karmenar, fékk pappabrjóst lánuð hjá vinkonu minni og leigði mér Vælu Veinólínukjól, alsettan svörtum slaufum. Svo keyrði ég þangað alein og kvíðin. Flosi var ræðumaður kvöldsins. Hann var á sviðinu í klukkutíma og fólk lá og veinaði – hann var svo fyndinn. Á meðan pappabrjóstin stungust lengra inn í hold mitt beið ég eftir því að fara næst upp á svið. Það lá við að ég stykki út í bíl í fullum skrúða og keyrði heim. En þegar hann lauk sínu kom hann til mín og sagði; „sæl, elskan mín" – alltaf jafn yndislegur – „þau bíða eftir þér. Þau verða góð við þig". Sem þau voru. Flosi var búinn að koma svo miklum hlátri af stað að þau hlógu að mér líka. Flosi var fyrirmynd mín að mörgu leyti, með sinn ofboðslega húmor og hjartahlýju. Þessi samkoma í Logalandi var svo vel heppnuð að hún varð til þess að ég fór að skemmta ein."



Á ÞREKHJÓLINU Flosi, ungur og spengilegur, þrekmældur í nuddstofu Jóns Ásgeirssonar í Bændahöllinni í september árið 1970.



MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

FAÐIR ÁRAMÓTASKAUPSINS Flosi Ólafsson var brautryðjandi í gerð gamanþátta á Íslandi. Höfuðið notaði Flosi í áramótaskaupinu árið 1970.

LILJA OG FLOSI Þau hjónin höfðu nýlega fagnað gullbrúðkaupsafmæli, sem þýðir að þau höfðu verið gift í fimmtíu ár. Myndin var tekin í eldhúsinu heima hjá Lilju og Flosa árið 1986. Lilja hrærir í potti og Flosi horfir á með aðdáun.

SPANNAÐI ALLAN SKALANN Í HÚMOR

„Allir vita að Flosi var húmoristi, en sumir halda að hann hafi verið örlítið groddalegur húmoristi. Það var hann alls ekki, nema því aðeins að hann teldi það vera eina rétta tóninn á þeirri stundu. Hann spannaði nefnilega allan skalann í húmor. Kannski af því að hann var svo skrambi vel gefinn. Í gleðskap í gamla daga var Flosi ævinlega ein af helstu gleðisprautunum jafnvel þegar margir af rómuðustu brandarakörlum landsins voru saman komnir, sem ekki var óalgengt, og oftar en ekki heima hjá honum og Lilju í Lækjargötunni. Sem dæmi um hárfínan og raffíneraðan húmor Flosa leyfi ég mér að nefna ummæli hans um fyrirbrigðið „vinnu" sem var að vísu yfirleitt forðast að nefna undir slíkum kringumstæðum en mönnum tókst þó ekki ævinlega að flæma alveg úr huga sér, til dæmis þegar þeir áttu að vera á öðrum stað að standa skil á sínu og samviskan var farin að yggla sig í bakþankanum. Hann súmmeraði þetta vandamál betur upp en nokkur annar maður sem ég veit til, og það að Óskari Wilde meðtöldum. Flosi sagði: „Það versta við vinnuna er að hún slítur svo sundur fyrir manni daginn."

Örnólfur Árnason rithöfundur

VIÐKVÆMAR OG AUÐTRÚA LEIKKONUR

„Flosi hafði sérstaka skemmtun af því að segja auðtrúa, viðkvæmum leikurum sögur, einkum ef þeir voru kvenkyns. Einhverju sinni gerðist það að ljón í Sædýrasafninu í Hafnarfirði beit í hönd á konu. Þetta fór fyrir brjóstið á viðkvæmri, auðtrúa leikkonu og Flosi barnaði söguna strax í hennar eyru. Í meðförum Flosa hafði konan í Sædýrasafninu misst höndina og það sem meira var; að dáður og virtur tónlistarstjóri leikhússins þá, Agnes Löve, sem og er góður píanisti, hefði orðið fyrir þessu óláni (vona að Agnes fyrirgefi mér þessa endursögn). Nú datt andlitið af auðtrúa leikkonunni, auk þess sem hún var í sjokki; „guð minn góður og hún sem er píanóleikari!“ sagði þá aumingja leikkonan, en þá var Flosi fljótur til svars: „Já, þetta er skelfilegt, en það er huggun harmi gegn að þeir hjá Sinfóníuhljómsveitinni hafa brugðist skjótt við og boðið einhentum píanistanum að leika með hljómsveitinni á þríhorn.“ Féll þá leikkonan í öngvit.“

Egill Ólafsson tónlistarmaður

FYRSTI GRÍNISTINN

„Flosi var fyrir mér, sem grínisti, svolítið eins og Hörður Torfa var fyrir hommunum á níunda áratugnum. Hann þorði að vera grínisti – að vera fyndinn þótt hann þyrfti að taka ýmsum afleiðingum af því, svo sem því að vera ekki tekinn alvarlega sem leikari. Að vera grínisti er nefnilega svolítið eins og að vera hommi. Maður er öðruvísi en annað fólk. Enda komast fæstir grínistar í leiklistarskóla, því þeir eru ekki alveg álitnir leikarar. Mín kynslóð var brautryðjandi í því að búa til starfsheitið grínisti. Menn eins og ég, Þorsteinn Guðmundsson og Sigurjón Kjartansson erum af fyrstu kynslóð viðurkenndra grínista á Íslandi. En fyrir mér var Flosi raunverulega fyrsti íslenski grínistinn.“

Jón Gnarr leikari

FLOSI ÓLAFSSON 27.10.1929-24.10.2009

Flosi fæddist í Reykjavík og ólst upp í Kvosinni. Hann útskrifaðist úr Menntaskólanum á Akureyri árið 1953, lauk prófi í leiklist frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1958 og lærði leikstjórn og þáttagerð hjá BBC í London á árunum 1960 til 1962. Flosi starfaði jöfnum höndum sem leikari, leikstjóri og rithöfundur allt sitt líf. Hann stofnaði leikhúsið Nýtt leikhús í Framsóknarhúsinu í Reykjavík árið 1959 og var fastráðinn hjá Þjóðleikhúsinu í nær fjörutíu ár. Eftirlifandi eiginkona Flosa er Lilja Margeirsdóttir en þau voru gift í fimmtíu ár. Þau eiga saman soninn Ólaf og barnabörnin Önnu og Flosa. Dóttir Flosa af fyrra sambandi heitir Anna og á hún fjögur börn. Flosi verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju í dag klukkan 14.

➜ HLÝR OG BLÍÐUR FAGMAÐUR

„Ég varð mjög glaður þegar við fengum Flosa til að taka að sér hlutverk í Laxdælu Lárusar. Það er nú yfirleitt auðveldara að segja sögur af einhverju veseni og drama. En ég get ekki sagt slíka sögu af Flosa. Samstarfið var svo meinljúft að það hálfa væri nóg. Flosi var afskaplega blíður og það var svo mikil hlýja í kringum hann. Í myndinni leikur hann bónda sem er heldur leiðinlegur við Stefán Karl, sem leikur aðalhlutverkið. Hann var fagmaður fram í fingurgóma og hafði skemmtilegar hugmyndir, bæði varðandi senuna sjálfa og búninginn sinn. Honum var dröslað þarna vestur, þar sem við vorum að smala og taka upp í fjárhúsunum. Það var heilmikið húllumhæ í kringum þetta og Flosi var ótrúlega fyndinn. Það voru algjör forréttindi að fá að vinna með þessum manni, sem hafði verið manni svona mikill innblástur í æsku. Hann var eitt af ídolunum mínum.“

Ólafur Jóhannesson leikstjóri

Á ÞJÓÐLEIKHÚSFJÖLUNUM Flosi fór létt með að bregða sér í allra kvikinda líki. Hér leikur hann ungbarn í kerru í leikritinu Óvitum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Með honum á myndinni er Örn Árnason og ung leikkona í gervi fullorðinnar konu.

„Vegaaðstoð Sjóvá?
Ég er alveg rafmagnslaus.
Bobbinn fékk sér Candyfloss.“

CANDYFLOSS
Í BOÐI SJÓVÁ

Í dag, laugardag, verða starfsmenn Sjóvá í verslunarmiðstöðinni Kringlunni og munu gefa gestum og gangandi candyfloss.

Þar verður einnig hægt að taka þátt í skemmtilegum leik með veglegum verðlaunum.

Komdu við í Sjóvá-básnum á 1. hæð í Kringlunni í dag og fáðu þér candyfloss!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 09-1782

VEGAAÐSTOÐ SJÓVÁ
Þjónusta fyrir viðskiptavini í Stofni þeim að kostnaðarlausu

440 2222

- Bensínlaus?
- Straumlaus?
- Sprungið dekk?
- Tjónaskýrsla?

Vegaaðstoð Sjóvá er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum, í Reykjanesbæ, Borgarnesi og Hveragerði. Nánar á **sjova.is**.

SJÓVÁ
STOFN

Bæ bæ McDonald‘s!

Í dag er síðasta tækifærið til að snæða **McDonald‘s** á Íslandi. Á morgun tekur alíslenska hamborgarakeðjan Metro. Engin frétt vikunnar hefur vakið eins mikla athygli og brotthvarf keðjunnar. Sumir fagna endalokunum á meðan aðrir gráta. *Dr. Gunni* kveður menningarfyrirbærið.

SÍÐASTA STJÖRNUMÁLTÍÐIN (Í BILI) Það á eftir að koma í ljós hvort McDonald‘s eigi afturkvæmt á skerið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veitingahús koma og fara, erlendar keðjur jafnt sem innlend veitingahús. McDonald‘s er ekki fyrsta erlenda skyndibitakeðjan sem yfirgefur skerið. Hér fengust á tímabili Burger King hamborgarar, kjúklingabitar frá Popeyes, ís frá Dairy Queen og Ben og Jerrys og pítsur frá Little Caesars. Þótt McDonald‘s hverfi á braut geta aðdáendur ameríska skyndibita eftir sem áður fengið sér Taco Bell, KFC, Subways, Quiznos, Pizza Hut og Dominos. Þetta er gott úrval miðað við norræna borg, enda hefur löngum verið talað um að Ísland sé ameríkaniserað land. Þessu til viðbótar eru hér Ruby Tuesdays og TGI Fridays, staðir sem eru hluti af amerískum veitingahúsakeðjum, en teljast ekki til skyndibita.

Borgarabræður opna búllu

Brotthvarf McDonald‘s er engu að síður stórtíðindi, enda er engin önnur keðja jafn þekkt. McDonald‘s er fyrirmynd annarra keðja og er á næsta bæ við Kók og Disney sem tákngervingur bandarískrar menningar og bandaríska heimsveldisins. Aðdáunarvert og spennandi fyrirbæri að sumra mati, en táknmynd hins illa að mati annarra. Tákn um yfirgang auðhyggjunnar, ofurframleiðslunnar sem lítilsvirðir hið smáa fyrir hámarksgróða. Viðbrögðin við fréttinni um McDonald‘s sé að hverfa frá Íslandi segir sitt um vægi keðjunnar. Fáir létu það á sig fá þegar Burger King hætti hér í fyrra.

Margar útgáfur af sögunni um uppfinningu hamborgarans eru til og allar gerast þær í Bandaríkjunum í upphafi síðustu aldar. Nafnið er annaðhvort komið frá Hamborg í Þýskalandi eða bænum Hamburg í New York ríki þaðan sem greiðasölumennirnir Frank og Charles Menches komu. Þeir fóru að selja steikt hakkað nautakjöt í platta á milli brauðsneiða þegar skortur var á pulsum. McDonald‘s-hamborgarinn dregur nafn sitt af bræðrunum Richard og Maurice McDonald. Þeir byrjuðu með pylsuvagn sem þeir kölluðu Airdrome í Arcadia í Kaliforníu 1937. Þremur árum síðar stækkuðu þeir við sig, færðu greiðasöluna til San Bernardino og breyttu nafninu í McDonald’s Barbeque. Bræðurnir gerbreyttu búllunni 1948 og kynntu til sögunnar einfaldari matseðil og nýja framleiðsluaðferð. Nú var eldað á einskonar færibandi, sem bræðurnir kölluðu „SpeeDee system“. Með kerfinu gátu þeir annað sívaxandi eftirspurn. Á næstu sex árum voru opnaðir níu nýir staðir í Kaliforníu.

47 milljón viðskiptavinir

Líklega hefði McDonald‘s-veldið aldrei náð þessum svimandi hæðum hefði Ray Kroc ekki komið inn í líf bræðranna. Hann seldi hrærivélar, meðal annars multimixer-vél sem gat hrært marga mjólkurhristinga í einu. Bræðurnir í Kaliforníu pöntuðu svo margar slíkar vélar að Chicago-búinn Kroc gerði sér ferð til þeirra til að athuga hvað væri eiginlega í gangi. Hann heillaðist af fyrirbærinu og þá sérstaklega „SpeeDee systeminu“. Hann fékk þá hugmynd að framselja öðrum leyfi til að reka McDonald‘s-staði og sá um þessa „franchise“ þjónustu. Svona byrjuðu McDonald‘s-staðirnir að breiðast út um Bandaríkin og urðu smám saman að því veldi sem þeir eru í dag.

METRO FRANSKAR Það sem koma skal: Íslenskar franskar í íslenskum umbúðum.

Í dag eru meira en 31.000 McDonald‘s-staðir í heiminum í 122 löndum. Staðirnir þjónusta 47 milljónir kúnna á dag og starfsmenn eru um 400.000. Reyndar hefur keðjan munað fífil sinn fegri. Hún hefur tapað niður forystunni sem stærsta skyndibitakeðja heims. Sú stærsta í dag er Yum! Brands-keðjan, en þar innanborðs eru Taco Bell, KFC, Pizza Hut, Wingstreet, Long John Silver’s og A&W veitingahús. Subway-keðjan er næst-stærst en McDonald‘s er í þriðja sæti.

McDonald‘s á Íslandi

Ísland varð 66. landið til að fá keðjuna þegar McDonald‘s hóf starfsemi sína hér í september 1993. Lyst ehf. hefur verið sérleyfishafi McDonald‘s á Íslandi frá upphafi. Jón Garðar Ögmundsson keypti fyrirtækið fyrir sex árum. Á morgun opnar svo veitingastaðurinn Metro á sömu kennitölunni á sömu stöðunum þremur, í Skeifunni, Kringlunni og á Smáratorgi. Jón sér ekki eftir McDonald‘s og segir þessar breytingar jákvæðar. „Það eru gríðarleg tækifæri í því að vinna í nánu samstarfi með innlendum framleiðendum. Matseðillinn verður stílfærður að íslenskum bragðlaukum. Stærstu „sellerarnir“ verða á sínum stað, undir nýju nafni og með öðru innihaldi, en við höldum í stílinn. Maður hleypur ekki frá því sem maður hefur verið að selja, þetta eina og hálfa milljón borgara á ári.“

Í nótt verður öllum ummerkjum um McDonald‘s rutt í burtu. „Máltíðirnar munu lækka í verði hjá Metro og það verður meira lagt upp úr salötunum en áður. Þetta verða svo girnileg salöt að fólk mun geta hugsað sér að bjóða fólki þau í mat,“ segir Jón. „Starfsfólk verður komið í nýja búninga á morgun og við höldum áfram að bjóða upp á barnabox. Við kaupum dótið að utan og þetta verður svipað og áður.“

MCDONALD‘S Þessi heimsfræga hamborgarakeðja kom til Íslands í september 1993.

Í upphafi var íslenskt kjöt í borgurum McDonald‘s á Íslandi. Jón Garðar segir að þetta hafi breyst fyrir fimm árum í kjölfar kjötskorts á Íslandi. Síðustu árin hefur því kjötið sem og flest annað komið í gámum frá Þýskalandi – „McDonald‘s hefur ekki gefið leyfi til að breyta þessu síðan þá, sama hvað ég hef reynt,“ segir Jón. Tíu til fimmtán ný störf verða til hjá innlendum framleiðendum vegna breytinganna og þær hafa ýmis jákvæð hliðaráhrif eins og að framvegis verða allar umbúðir prentaðar innanlands. „Það er eitthvað sem aðrir innlendir veitingastaðir njóta góðs af,“ segir Jón Garðar.

Ísland verður eitt af sex löndum Evrópu án McDonald‘s. Hin eru Albanía, Armenía, Bosnía og Hersegóvína, Grænland og Vatíkanið. Önnur lönd sem McDonald‘s hefur yfirgefið eru meðal annars Jamaíka, sem hefur verið án McDonald‘s síðan 2005 og Bermúda, sem losnaði við keðjuna 1995.

McDonald‘s, börnin og dótið

McDonald‘s hefur lengi notað börnin til að draga foreldrana að stöðunum. Lukkudýrið Ronald kom til sögunnar 1963 en sérstök barnabox – Happy meals – byrjuðu að fást árið 1979. Í framhaldinu var lögð áhersla á að auglýsa staðinn upp sem veitingastað fyrir alla fjölskylduna. Leiksvæðum var komið fyrir og rúsínan í hamborgaraendanum var dótið sem fór að fylgja með barnaboxunum. Fljótlega var byrjað að tengja dótið nýjum bíómyndum. Fyrsta myndin til að tengjast McDonald‘s var Star Trek: The Motion Picture árið 1979. Disney var löngum öflugur samstarfsaðili McDonald‘s en hætti samstarfinu árið 2006 því fyrirtækið vildi tengjast hollari fæði.

McDonald‘s dót úr boxum og aðrir munir tengdir fyrirtækinu eru vinsælir hjá söfnurum. Í mars seldi ellefu ára strákur, Luke Underwood, safn með meira en fimm þúsund McDonald‘s leikföngum á 11.500 dollara (1,5 milljónir kr.). Ef einhver hefði verið svo fyrirhyggjusamur að geyma allt dótið sem hefur fylgt með McDonalds‘s barnaboxum á Íslandi frá byrjun – í óopnuðum umbúðum náttúrlega – væri hann væntanlega í góðum málum í dag.

➜ TÍMALÍNA MCDONALD‘S

1940: Fyrsti McDonalds-staðurinn opnar.

1954: Ray Kroc kemur inn í líf McDonald‘s bræðranna.

1959: Hundraðasti McDonald‘s staðurinn opnaður.

1961: McDonald‘s bræður selja Ray nafnið og reksturinn. Þeir reka þó áfram upphaflega staðinn undir nýju nafni, The Big M.

1963: Lukkudýr McDonald‘s, Ronald McDonald, er kynntur til sögunnar.

1967: Fyrsti McDonald‘s utan Bandaríkjanna opnar í Kanada.

SÖGUFRÆGUR STAÐUR Fyrsti McDonald‘s-staðurinn, í San Bernardino.

1968: Big Mac-borgarinn kynntur.

1968: Þúsundasti staðurinn opnar.

1971: Fyrsti McDonald‘s í Evrópu opnar í Hollandi.

1978: Fimm þúsundasti staðurinn opnar í Japan.

1984: McDonald‘s, styrktaraðili Ólympíuleikanna, tapar stórfé á tilboðinu „When the US wins, you win,“ eftir að Sovétríkin ákveða að sniðganga keppnina.

1990: Stærsti staðurinn til þessa opnar í Moskvu. Sama ár opnar McDonald‘s-staður í Kína.

1992: Fyrsti staðurinn í Afríku opnar í Marakkó. Þar með er McDonald‘s í öllum heimsálfum.

EKKI ÁRENNILEGUR Svona leit fyrsti Ronaldinn út.



MCDONALDS DÓT Í HRÖNNUM Margir safna McDonald‘s varningi.

1996: Staðurinn kemur til hundraðasta landsins þegar Hvítarússland fær sinn McDonalds-stað.

2003: Auglýsingaherferðin „I‘m lovin‘ it“ kynnt til sögunnar.

2004: Kvikmyndin Super size me vekur mikla athygli. McDonald‘s bregðast við og gefur hollustunni meira gaum, hættir meðal annars að ota möguleikanum á að „stækka máltíðina“ að fólki.

sumarferdir.is

☆ NÓVEMBERSÓL

EINSTAKT TILBOÐ! - EITT BESTA 5 STJÖRNU LÚXUS-HÓTEL SEM TENERIFE HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA!

BROTTFARIR: 4., 11., 18. OG 25. NÓVEMBER.

Hotel Villa Cortes

☆☆☆☆☆ LÚXUS

Á Villa Cortes er allt fyrsta flokks! Herbergi og svítur eru glæsilega innréttuð með fullbúnum lúxusbaðherbegjum.Stórglæsilegt 5 stjörnu lúxushótel frábærlega staðsett á Playa de las Americas ströndinni.

frá 159.927 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn m/morgunmat í viku. Ef miðað er við tvo fullorðna er verðið frá 178.030 kr.

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

Vill aðskilnað ríkis og kirkju

Séra **Örn Bárður Jónsson** telur að þjóðkirkjan verði að rísa upp og leiða almenning eftir hrunið, engin stofnun hafi betri aðstöðu til þess. Kristur hafi verið pólitíkus og það eigi prestarnir líka að vera. Örn varaði á sínum tíma við frjálshyggju en þá tók biskup hann úr kristnihátíðarnefnd, eftir kvörtun þáverandi forsætisráðherra. *Klemens Ólafur Þrastarson* leit við í Neskirkju.

Fyrir tíu árum birtist dæmisagan Íslensk fjallasala h.f. í Lesbók Moggans. Í henni er Esjan seld til útlanda í frjálshyggjukasti og haldið partí í beinni útsendingu, þar sem fluttar eru ræður um viðskiptasnilldina. En svo sekkur Esjan í sæ á leið til kaupandans og Íslendingar verða að athlægi í útlöndum. Eftir stendur hnípin þjóð.

Eftir á að hyggja má líta á söguna sem spádóm um útrásina og hrunið. En eftirmálin urðu þau að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, lét séra Karl Sigurbjörnsson biskup vita af því að honum mislíkaði sagan. Biskup ýtti síðan höfundinum, séra Erni Bárði Jónssyni, úr starfi sínu í kristnihátíðarnefnd hjá Biskupsstofu. Séra Örn bað þá um tilfærslu og kvaddi Biskupsstofuna.

Fréttablaðið spurði séra Örn um stöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju, hvort hún hefði brugðist í góðærinu og hvert væri hlutverk hennar á svokölluðu Nýja Íslandi. Hefðu fleiri prestar átt að stíga í fótspor hans og gagnrýna það sem fyrir augu bar, þrátt fyrir að forsætisráðherra hafi skipt sér af tjáningarfrelsi í landinu, eins og Örn orðar það?

„Auðvitað eru prestar vítt og breitt um landið að tala um málefni líðandi stundar en það ratar ekki alltaf í fjölmiðla. Það er nú einu sinni svo að þessi boðskapur okkar er pólitískur. Hann varðar mannlífið. Jesús er að tala um líf fólks. Hann er ekki bara að tala um eitthvað framandi og uppi í himninum. Hann er mjög harðorður gegn þeim sem koma að honum með hroka og yfirlæti en stórkostlegur gagnvart þeim sem minna mega sín. Sælir eru ofsóttir, segir hann: við erum sæl ef við erum atyrt fyrir að tala fyrir rétti í þjóðfélaginu.

Prestar eiga að fara að þessu fordæmi?

Ég hefði haldið það, já. Í samfélaginu í dag skiptir það auðvitað máli að tala fyrir því að réttlætið nái fram að ganga og sannleikurinn, að ljósið lýsi upp myrkrakompurnar.

Staða þjóðkirkjunnar sem ríkiskirkju býður ekki upp á að prestar séu mikið að byrsta sig, er það? Þeir eiga ekki að abbast upp á hið pólitíska vald. Samanber dæmið um smásöguna þína. Þar lét kirkjan undan.

Ég veit nú ekki hvað má gera mikið úr því að ég hvarf úr nefndinni. Þetta var bara óþægileg staða og ég var peð sem mátti fórna. Við erum á hverjum degi í siðferðisprófi og öll erum við fallistar. En auðvitað gerum við kröfur til yfirvalds kirkjunnar og til presta. Það getur verið mjög erfitt að lifa við það að vera fyrirmynd annarra. Það að vera prestur er mjög erfitt. Og það að vera biskup yfir kirkjunni er óvinnandi vegur.

En Karl biskup er einn af þeim prestum sem hafa verið hvað pólitískastir, þegar hann var prestur í Hallgrímskirkju. Það er svo annað mál með fjölmiðlana, maður sér að þeir hafa lítinn áhuga á því sem gerist í kirkjunni. Enda hafa þeir lítinn tíma til að setja sig inn í málefnin, því þeir eru vanmáttugir fjárhagslega.

En það er þjóðkirkjan ekki. Prestar eru á svipuðum launum og alþingismenn, greidd af ríkinu.

Þegar ég byrjaði í prestskap voru launin lægri og þriðjungur þeirra fór í að borga leigu. Seinna fóru laun presta fyrir kjaranefnd, sem úrskurðaði okkur mikla kjarabót. Við erum á góðum grunnlaunum. Auður kirkjunnar er jarðeignir sem hún hefur eignast í gegnum tíðina. Þær eignir hefur hún afhent ríkinu til eignar og fengið laun presta greidd í staðinn. Þetta voru eigur kirkjunnar.

SÓKNARPRESTURINN Séra Örn hefur ýmsar skoðanir sem ekki samræmast opinberri stefnu kirkjunnar. Hann telur til að mynda að vel megi ræða það út frá siðferðilegu sjónarhorni hvort þjóðkirkjan eigi að deila eignum sínum með öðrum kristnum kirkjum í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég vil sjá kirkjuna lausa undan valdinu svo hún geti talað skýrt og skorinort gegn spillingu

Þetta eru eigur sem voru teknar með valdi af kaþólsku kirkjunni, ekki satt?

Eflaust mætti færa rök fyrir því að kaþólska kirkjan hafi átt þessar eignir. Siðbótin var pólitísk í aðra röndina og snerist um landeignir og annað. En kaþólska kirkjan hefur ekki gert tilkall til þessara eigna. Jarðirnar hafa verið í eigu safnaðanna og kirkjujörð stóð undir launum prests. Þetta er gamalt kerfi þar sem menn lifa af landsins gæðum.

Best að eiga sem minnst

Er ekkert óþægilegt fyrir presta að fá marga milljarða á ári frá skattgreiðendum, þegar verið er að skera niður í heilbrigðismálum, ekki vegna þess að kirkjan hafi staðið sig svona vel, heldur af því að hún seldi jarðir?

Laun presta hafa nú þegar verið skorin niður og kirkjan stendur frammi fyrir miklum niðurskurði um allt landi. Við skorumst ekkert undan því. En Jesús setti sig ekkert á móti auðæfum. Hann ræddi um afstöðuna til auðæfa. Ríkur maður spurði hann hvernig hann ætti að öðlast eilíft líf. Farðu og seldu allar eigur þínar og gefðu fátækum, sagði Jesús. Þá varð sá ríki hnugginn. Kannski var hann of bundinn við eigur sínar. Það er til fólk sem veit að það er best að eiga sem minnst, þá ertu síður bundinn.

Kirkjan rísi upp

Þarf þjóðkirkjan að taka sig á til að geta leitt fólk í gegnum yfirstandandi erfiðleika?

Já, hún þarf heldur betur að taka sig á. Taktu eftir því að það er engin stofnun í landinu sem hefur sömu möguleika og kirkjan til þess að leiða þjóðina. Hún er með mannafla og húsnæði um allt land til að safna fólkinu saman. En því miður, við í Neskirkju erum til dæmis með 150 til tvö hundruð manns hér í messu hvern sunnudag. En það eru ellefu þúsund í söfnuðinum. Ég veit að margt af þessu fólki ræktar sína trú í einrúmi en styrkur trúarinnar felst ekki síst í því að fólk komi saman. Auðvitað vil ég fullar kirkjur, að fólk heyri hreinan og skíran boðskap um trú og skyldur þess við náungann. Þetta er mjög ríkt í kenningum Krists og er líka í Gamla testamentinu. Að gæta réttar kúgaðra, minnihlutahópa, ekkna og munaðarlausra. Jesaja spámaður segir að hamingjan sé fólgin í að gefa sig að öðrum. Ef þú gefur öðrum það sem þig sjálfan langar í, þá verður bjart í kringum þig, segir hann. Þér líður vel. Og það er þetta sem er lausn okkar þjóðar núna, að við hugum hvert að öðru. Það er betri mæting hér í Hagaskóla en undanfarin ár, börnunum gengur betur í prófum og þeim líður betur. Ég frétti þetta á fundi um málefni Vesturbæjar um daginn og ég sagði bara lifi kreppan! Auðvitað veit ég að mörgum fullorðnum líður illa vegna hennar, en hrunið hefur kennt okkur svo margt.

En þú saknar þessa hreina og skýra boðskapar. Hann myndi færa kirkjuna nærri fólkinu?

Skarpari prófíll skapar líka meiri skil. Breiður faðmur getur haldið utan um marga en ef þú yddar endalaust endarðu á því að vera hnífskarpur og með lítinn trúfastan kjarna sem vill berjast alveg til hinstu stundar. Ég vil hafa breiða kirkju en ekki bragðlausa.

Stundum heyrist að kirkjan jaðri við að vera lítið meira en ríkisstyrkt brúðkaupsþjónusta.

Hún má ekki vera það. Nú er ég innan apparatsins og erfitt fyrir mig að horfa á þetta utan frá. En ef þetta á að vera spámannleg kirkja þá verður hún að rísa upp. Því miður finnst mér núna í kjölfar hrunsins að þjóðin eigi sér engan talsmann. Hver er það sem blæs einhverri bjartsýni, trú og von í þjóðina? Hver er það sem leiðir hana áfram og segir að við verðum að komast út úr þessu og að við gerum það með því að standa saman. Kannski erum við prestarnir að tala um þetta, en þjóðin heyrir það ekki. Ég veit ekki hvernig ég á að gera þetta. Á ég að fara niður á Austurvöll og þruma yfir gangandi vegfarendum? Það heyrðist þó allavega í mér. Prestur í samtímanum má ekki bara tala í predikunarstól. Hann þarf að skrifa í blöð og láta að sér kveða í félagslífi og víðar. Vera virkur. Þetta er ekki eins og í gamla daga þegar allir komu í kirkjuna og presturinn talaði þar við allt samfélagið.

Biskup á að tala skorinort

Ætti þá biskup að sýna fordæmi?

Biskupinn hefur nú stigið fram og flutt góðar ræður. Hann er ekki að tala hvern einasta sunnudag, en ég hef heyrt hann tala tæpitungulaust, núna á liðnu ári. En auðvitað á leiðtogi þjóðkirkjunnar að stíga fram og tala skorinort. Svo er hin hliðin að það hefur verið vandi að tala inn í þessar aðstæður. Það var svo mikil reiði í fólki, það útilokaði allt og fussaði á kirkjuna að hún væri bara partur af kerfinu.

En spurningin er hvort hún sé ekki of mikil stofnun og of laus við sjálfsgagnrýni. Er hún of föst í eigin embættismannakerfi til að geta stigið fram og gagnrýnt mál með trúverðugum hætti núna?

Ég get alveg svarað þessu játandi. Hún er það. Vandi hennar er öðrum þræði sá að hún er breið og stór og sterk og ekki grasrótarhreyfing sem slík.

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Þarf þá ekki að skera á þessi tengsl, gera kirkjuna að lifandi afli sem nærist á starfinu en ekki hefðinni?

Ég vildi gjarnan að kirkjan væri algjörlega á eigin fótum. Í raun og veru var ég mjög krítískur á það á sínum tíma að kirkjan afhenti eigur sínar ríkinu. Ég vil helst taka þær allar til baka og segja að við ætlum að sjá um okkur sjálf, algjörlega. Og ef kirkjan er ekki lengur á fjárlögum og fer að vinna á eigin vegum, hvað gerist þá? Þá þarf hún að vinna allt öðruvísi og hugsa betur um sitt fólk og sína hjörð og ég held að það væri hollt. Ég er alveg sammála því.

Þannig að þú ert stuðningsmaður aðskilnaðar ríkis og kirkju?

Já. Ég myndi vilja sjá þennan aðskilnað og að kirkjan væri alveg á eigin vegum, fyrir utan að hún nyti lagaverndar eins og önnur trúfélög. Ég vil sjá kirkjuna lausa undan valdinu svo hún geti talað skýrt og skorinort gegn spillingu og gegn valdi sem fer yfir mörkin, alveg hiklaust.

➜ UM GUNNAR BJÖRNSSON

Ég get ekki sleppt þér nema minnast á Gunnar Björnsson. Þú lýstir því yfir að þú værir sammála biskupi um að Gunnar yrði færður til og settur í sérverkefni. Þetta er snúið mál, er ekki skylda ykkar að fyrirgefa séra Gunnari og taka við honum aftur?

Að sjálfsögðu. Við erum allir syndugir og breyskir menn. Það eru örfá svona mál sem koma upp í fjölmiðlum. Fyrst og fremst er kirkjan samfélag friðar og gleði, þar sem er mikið unnið vítt og breitt um landið.

Gunnar hefur farið yfir mörk sem mörgum finnst að gangi ekki og er í bága við siðareglur kirkjunnar. Því hefur biskup tekið þetta mál ákveðnum tökum og ég lýsti því að ég væri sammála þeirri efnismeðferð. Ég vil Gunnari vel og óska honum alls hins besta. Guð blessi hann og hans fólk. Það er í anda fyrirgefningarinnar að hann hefur úr mörgum kostum að velja og er boðið annað starf. Honum er alls ekki kastað út á guð og gaddinn. Mér finnst mikil miskunnsemi í þessu, kærleiki og skilningur, þannig að mér finnst kirkjan taka á þessu af miklu viti. Það er styr um þetta, en ég held að langflestir séu fylgjandi því sem biskup hefur verið að gera.

Ég leit á mína yfirlýsingu sem stuðning við fórnarlömbin, svo þau vissu að kirkjan er ekki eins og einhver ókleifur veggur sem stendur gegn þeim. Öðru nær.

TAX FREE HELGI

Í ÖLLUM VERSLUNUM RÚMFATALAGERSINS!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF **ÖLLUM** VÖRUM UM HELGINA!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Afsláttur inn er á kostnað Rúmfatalagersins. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri

VIÐ SNORRALAUG Í bókinni setur Óskar fram þá kenningu að Snorri Sturluson hafi verið gigtarsjúklingur og þess vegna sótt í heitt vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snorri kallaði á mig

Fáir hafa sett viðlíka mark á Íslandssöguna og menningarsögu Vestur-Evrópu en Snorri Sturluson. Í vikunni kom út ævisaga sagnaritarans úr Reykholti eftir Óskar Guðmundsson. Í samtali við Bergstein Sigurðsson bendir Óskar á líkindin milli okkar tíma og Sturlungaaldar og viðrar kenningu sína um að Snorri hafi verið digurvaxinn gigtarsjúklingur.

Það fylgir því sambland af gleði og létti að afrakstur tíu ára rannsóknarstarfs sé loksins komið út á bók, segir Óskar Guðmundsson um ævisögu Snorra. „En ég væri óærlegur ef ég viðurkenndi ekki að þessu fylgir líka viss eftirsjá. Þetta sköpunarstarf hefur verið dásamlegt, jákvæð lífsreynsla og gefandi lærdómsferli.“

Fyrir áratug var Óskar að taka saman bókaflokkinn um Aldirnar þegar sú hugmynd fæddist að skrifa ævisögu Snorra Sturlusonar. „Hvarvetna á fyrstu öldum Íslandsbyggðar er heimildaarfurinn alltaf eitthvað tengdur Snorra og ég fékk þá hugmynd að reyna að gera honum skil í heildstæðri ævisögu. Ég er mjög upptekinn af töfrum tímans; það er eitthvað í hverjum tíma sem á sér engin fordæmi og er nýtt en líka alltaf eitthvað sem hefur hliðstæðu í sögunni. Ég er líka mikill áhugamaður um pólitík og bókmenntir og hvort tveggja var aðalviðfang Snorra Sturlusonar. Það hafa verið gerð ákveðin drög að ævisögu Snorra, eins og Sigurður Nordal gerði, og ágrip af ævi hans en engar tilraunir til að skrifa heildstæða ævisögu. Þetta var kannski rannsóknarviðfang sem beið manns eins og mín með þessi áhugamál og bakgrunn. Það má því eiginlega segja að Snorri og þetta verkefni hafi kallað á mig.“

> Miðaldasamfélagið var mjög næmt gagnvart sæmdinni og kröfunni um sæmd og virðingu. Mér finnst samfélagið sem við búum í í dag stundum ganga út á þetta; á tíðum geta peningar talað í þágu þessarar sæmdar og þeirrar virðingar en stundum hafa þeir bara ekkert að segja.

Óx með tímanum

Óskar byrjaði strax á því að viða að sér efni og leita úrræða til að geta helgað sig bókinni. „Undanfarin þrjú ár hef ég getað haft þetta að aðalstarfi. Mér tókst það meðal annars vegna þess að það var stofnað merkilegt félag, Snorrasambandið, sem hjálpaði mér til að geta lifað af. Svo fékk ég þokka á þessum stað, Reykholti, fyrir nokkrum árum. Bjó fyrst um sinn í fræðimannsíbúð en ákvað svo að flytja hingað. Fyrir mann í mínu starfi er líklega hvergi betra að vera.“

Óskar segir það vinna með bókinni að hún er skrifuð á löngum tíma. „Verkið kallaði alltaf á stærri hluta af mér og það var margt sem hjálpaði til í tímanum, til dæmis hefur ýmislegt rannsóknarkyns á undanförnum áratug ýtt mjög undir vinnu af þessum toga.“

Talar til okkar tíma

Að mati Óskars á saga Snorra Sturlusonar sérstaklega ríkt erindi við íslenskt samfélag nú á dögum. „Við höfum gengið í gegnum ofboðslegt hrun; fall samfélags má segja. Það eru svo ótal margar hliðstæður milli samtíma Snorra og þeirra tíma sem við lifum. Við sjáum hversu veik samfélög geta orðið þegar framkvæmdavald er veikt. Við reynum það að Íslendingar voru að ýmsu leyti á háu menningarstigi á Sturlungaöld, að minnsta kosti höfðingjastéttin. Allt fór það nú forgörðum. Það vill stundum gleymast að söguleg þróun er ekki alltaf upp og fram á við; það eru hæðir og dalir, stundum djúpir. Eins fjallar þetta verk um það sem við menn-irnir erum sífellt að berjast við í vanmætti okkar, græðgi, hégómaskap, ofdirfð og dramb: þetta eru sígild viðfangsefni sem Snorri og hans samtími tókust á við rétt eins og við nú.“

Tengsl Snorra, og Íslands, við útlönd eru mikilvægur þáttur í sögu Snorra og kallast á við okkar tíma að dómi Óskars.

„Það má segja að það komi upp alls konar Icesave-mál í sögu Snorra; það er útrás í gangi á þessum tíma. Það voru alls kyns erlend tengsl og sambönd, sem voru vandmeðfarin en nauðsynleg. Íslenskir höfðingjar voru ævinlega að keppa um hylli konunga og valdamanna í Noregi. Þetta er á tímum þar sem við notum sama tungumálið og önnur norræn samfélög. Það er gífurlega mikilvægt þegar við reynum að skilja þetta samfélag og Snorra Sturluson. Hann var maður sem réð yfir menningarauðmagni, sem hvarvetna gat talað og notaði það greinilega til að koma ár sinni fyrir borð hjá hirðinni í Noregi. Og hann var náttúrulega auðkýfingur, hann var ævintýralega voldugur og auðugur. Það sem er líka sláandi er að hann er áhrifamikill og ríkur á tímum þar sem vopnin töluðu yfirleitt. En það eru hins vegar engin dæmi þess að Snorri hafi nokkurn tímann beitt vopnum. Að því leyti til líktist hann fóstra sínum, Jóni Loftssyni, meira en föðurfjölskyldu sinni, Sturlungum, sem voru vopnaskakarar og rollukarlar á Vesturlandi.“

Kynntist upphefð og niðurlægingu

Óskar segir ýmislegt úr ævi Snorra kallast á við samtímann; Snorri hafi til dæmis verið auðkýfingur sem kynntist bæði upphefð og niðurlægingu. „Miðaldasamfélagið var mjög næmt gagnvart sæmdinni og kröfunni um sæmd og virðingu. Mér finnst samfélagið sem við búum í í dag stundum ganga út á þetta; á tíðum geta peningar talað í þágu þessarar sæmdar og þeirrar virðingar en stundum hafa þeir bara ekkert að segja. Auðvitað var það þannig með Snorra að hann var á vissum tímum fyrirlitinn en á öðrum var hann hafinn til vegs og virðingar. Þegar kom að ævilokum hans var hann hvorki hátt skrifaður meðal valda- og áhrifamanna á Íslandi né meðal náinna venslamanna sinna, sem stóðu að vígi hans.

Það sem einkennir Snorra er ákveðin tvíhyggja; hann er frelsissinni, en hann er líka konungssinni og aðdáandi konungsveldisins. En það er líka áberandi að hann er tækifærissinni. Hann skiptir oft um flokka, stundum að óvörum, í þeirri pólitík sem hann rak. Margir stjórnmálamenn ættu að geta skoðað sig í spegli í gegnum þetta.“

Myndin af Snorra

Samtímaheimildir um Snorra Sturluson eru brotakenndar. Í bók sinni bregður Óskar því stundum á það ráð að sviðsetja atburði til að fylla í eyðurnar. Hann leikur sér líka með útlit Snorra og dregur upp af honum nýja mynd. „Það er auðvitað bara leikur, eins og menn hafa lengi stundað. Myndin sem var lengi ríkjandi útlitslega var mynd sem birtist í Noregskonungasögu Snorra Sturlusonar, sem kom út í Noregi laust fyrir aldamótin 1900. Síðar kom svo í ljós að þessi mynd, og eftirmyndir af henni, var í rauninni sjálfsmynd listamannsins. Eftir að Kristján Eldjárn, sem var mikill alþýðuforingi varð forseti og menn sáu allt það fegursta í íslenskri menningu í honum, þá fóru listamenn hins vegar að sjá Snorra Sturluson meira sem bjartan yfirlitum og sköllóttan mann.

Ég geri ráð fyrir að Snorri hafi verið óhófsmaður í mat og drykk. Ég leiði líka líkur að því að hann hafi verið gigtarsjúklingur og þess vegna svona fanginn af heitu vatni og gufu. Það er þekkt úr mannkynssögunni að heitt vatn laðaði til sín volduga menn; Karlamagnús keisari valdi til dæmis Achen sem höfuðaðsetur sitt vegna heitra linda af því að hann var gigtarsjúklingur. Í sjálfu sér gæti það átt við Snorra Sturluson og út frá því leik ég mér dálítið með hvernig hann hefur getað litið út.“

Að mati Óskars hefur söguvitund Íslendinga farið hnignandi á undanförnum árum. Hann hafi reynt að skrifa bók sem auðveldi aðgengi að menningararfinum. „Ég spyr: Hvaða framtíð á sögulaust samfélag? Miðaldasagan er auðvitað partur af þessari sögu þótt hún sé langt í burtu. Ég vona að mér hafi tekist að setja saman bók sem skiptir máli og auðveldi almenningi aðgengi að undursamlegu tímabili í Íslandssögunni, gullöldinni.“

➜ Í STUTTU MÁLI

Óskar er fæddur í ágúst 1950.
Hann lauk stúdentsprófi frá MA 1971 og nam sagnfræði við HÍ 1972-1974. Lærði stjórnmálafræði og sögu við Háskólann í Bremen í Þýskalandi 1974-1977 og í bókmenntafræði við Kaupmannahafnarháskóla 1979-1980.
Óskar ritstýrði Stúdentablaðinu 1978 og vikublaði Norðurlands á Akureyri 1979. Hann hefur starfað sem blaðamaður á Þjóðviljanum og Helgarpóstinum og var ritstjóri Þjóðlífs 1988-1992. Óskar hefur starfað sjálfstætt að ritstörfum frá 1992.
Kona Óskars er Kristín Ólafsdóttir. Þau eiga saman eina dóttur. Fyrir átti Óskar dóttur og Kristín son.

Ályktun aðalfundar ÖBÍ

24. október 2009

Alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur lagst mjög þungt á öryrkja. Þeir hafa orðið að þola skerðingar á framfærslulífeyri umfram aðra þegna þessa lands. Um áramótin síðustu voru bætur almannatrygginga hjá meirihluta lífeyrisþega skertar um allt að 10% og 1. júlí síðastliðinn voru greiðslur til fjölmargra skertar enn frekar með nær engum fyrirvara. Þar að auki var þátttaka ríkisins í kostnaði við sjúkra-, iðju- og talþjálfun skert til muna nú 1. október.

Öryrkjar nutu ekki góðærisins og eiga því sérstaklega erfitt með að takast á við kreppu og kjaraskerðingar. Aðalfundur ÖBÍ skorar á ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar að bæta öryrkjum þær skerðingar sem þeir hafa orðið fyrir sem fyrst.

ÖBÍ bindur vonir við að hugmyndir nefndar sem unnið hefur að breytingum á greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu nái fram að ganga. Þær gera ráð fyrir því að landsmenn borgi aldrei meira en ákveðna upphæð á ári fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu.

ÖBÍ treystir því að nefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins komi fram með tillögur sem einfalda kerfið, geri það sanngjarnara og bæti hag öryrkja og sjúklinga til muna. Mikilvægt er að bótaflokkurinn aldurstengd örorka verði áfram í gildi og önnur sértæk úrræði, s.s. umönnunarbætur, uppbót vegna mikils lyfjakostnaðar og bensínstyrkur. Draga þarf verulega úr tekjuskerðingum á ný. Víxlverkunum á milli almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfisins til öryrkja verður að linna. Það er ótækt að lífeyrissjóðir skerði réttindi fólks vegna greiðslna úr almannatryggingakerfinu.

Notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) er brýnt að koma á sem fyrst. Stór hópur fatlaðra þarf að vera heima í dag þar sem félagsþjónusta fer einungis fram á heimilum fólks. NPA er úrræði fyrir þennan hóp, auk þess að vera atvinnuskapandi, fyrir fjölbreyttan hóp, um allt land. NPA gerir fötluðum kleift að vera virkir samfélagsþegnar á eigin forsendum, frjálsir og ábyrgir. Við leggjum til að þjónustan verði veitt þar sem fólk kýs.

Ekkert um okkur án okkar!

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

www.obi.is

Blóðug rómantík

Sannkallað vampírufár hefur gripið um sig í Hollywood í kjölfar „Twilight“ og „True Blood“ og það teygir anga sína víða inn í dægurmenninguna. En hvaða fyrirbæri eru eiginlega þessar rómantísku en hryllilegu blóðsugur? *Anna Margrét Björnsson* fór á stúfana í tilefni hrekkjavökunnar.

LILITH Hebresk vera sem drakk blóð ungbarna.

Hver er uppruni vampíra?

Eins einkennilega og það má virðast þá hafa sögur og goðsagnir um verur sem nærast á blóði hinna lifandi verið til í flestöllum menningarheimum jarðkringlunnar í mörg hundruð og jafnvel þúsundir ára. Á Indlandi eru sögur um „vetala“, eins konar djöfla sem taka sér bólfestu í líkama fólks. Indverska gyðjan Kali er sýnd í myndmáli með vígtennur og hálsfesti búna til úr hauskúpum og hefur ávallt verið tengd við blóðdrykkju og mannfórnir. Í Egyptalandi til forna drakk ljónagyðjan Sekhmet blóð. Persar áttu sér djöfla sem líkjast mikið vampírum seinni tíma og Babýlóníumenn rituðu sögur um Lilitu sem seinnar varð að hinni hebresku Lilith, fyrstu konu Adams. Lilitu nærðist á blóði manna, kvenna og ungbarna. Rómverjar trúðu á vængjaðar verur sem nefndust Lamia og drukku blóð úr börnum og ungum karlmönnum að næturlagi. Einnig má benda á tengsl sögusagna um vampírur við kristnina, en þar er talað um að neyta blóðs Krists og líkama í táknrænni merkingu. Orðið vampíra eða „vampyr“ kemur svo úr miðaldasögum Austur-Evrópu þar sem ákveðin móðursýki og hræðsla myndaðist um blóðsugur sem áttu að herja á heilu þorpin.

EILÍF ÁST Vampírurnar Lestat og Louis úr Interview with a Vampire eftir Anne Rice.

Kynlíf, eiturlyf og hómóerótík

Árið 1819 birti rithöfundurinn John Polidori stutta sögu sem nefndist The Vampyre. Sagan var byggð á aðdáun hans á Lord Byron, skáldinu sem síðar öðlaðist sess sem táknmynd rómantíska tímabilsins og þeirri ákveðnu kynlífsbyltingu sem þá átti sér stað. Enginn veit hvort raunverulegt samband átti sér stað milli Polidoris og Byrons þar sem dagbækur þeirra fóru á bálið en það er augljóst að mikill hómó-erótismi er til staðar í sögunni. The Vampyre er einnig fyrsta vampírusagan þar sem vampíran er sýnd sem heillandi og rómantísk andhetja. Bækur bandaríska rithöfundarins Anne Rice um vampíruna Lestat sem urðu gífurlega vinsælar á níunda áratugnum eru einnig uppfullar af ást og erótík milli karlmanna. Spekúlantar vilja meina að vampíruæðið sem á sér reglulega stað tengist ávallt einhvers konar kynlífsbyltingu eða krísu í heiminum og nefna sem dæmi að Drakúla eftir Bram Stoker hafi verið skrifuð á miðju tímabili þar sem frjálsar ástir og notkun vímuefna eins og kókaíns og ópíums tröllriðu ákveðnum stéttum. Á níunda áratugnum varð til dæmis ákveðið vampíruæði með bókum fyrrnefndrar Anne Rice og kvikmyndum eins og The Hunger og The Lost Boys sem mætti tengja við útbreiðslu eyðni í heiminum – vampírur sem eru fallegar, töff og gáfaðar en dæmdar til eilífðarnóns. Vampíruæðið sem nú ríkir með bókunum og kvikmyndunum Twilight, og sjónvarpsþáttunum True Blood er uppfullt af hómóerótískum tilvísunum. Í Twilight heillast stúlkan Bella af vampírunni Edward. Edward er dásamlega fagur en virðist hræddur og fyllist jafnvel viðbjóði í návist hennar. Ekkert kynlíf á sér stað á milli þeirra og má draga þá ályktun að sagan sé ákveðin fantasía stúlkna um að vera með samkynhneigðum mönnum í sambandi sem er kynferðislega hættulaust. Í sjónvarpsþáttunum True Blood er talað um að vampírur „komi út úr líkkistunni“ og í byrjunartitlunum sést skiltið „God Hates Fangs“ (Guð hatar vígtennur) sem er væntanlega bein tilvísun í „God hates fags“ skilti í biblíubeltinu. Blaðamaðurinn Stephen Marche skrifaði í tímaritið Esquire nýlega að vampírur hefðu herjað á dægurmenninguna hreinlega vegna þess að ungar gagnkynhneigðar konur vilji fara í rúmið með samkynhneigðum karlmönnum. Hann segir að þorsti ungs fólks í vampírubókmenntir og kvikmyndir séu táknmynd kynlífsbyltingar í Bandaríkjunum þar sem það óvenjulega er samþykkt, hvort sem það eru hjónabönd samkynhneigðra, transgender einstaklinga eða „gotharar“ sem þrá það heitast af öllu að vera vampírur.

VAMPÍRAN Verkið „The Vampire“ eftir Sir Philip Burne-Jones sem málað var á hátindi gotneskrar rómantíkur á 19. öld.

Nokkrar staðreyndir um vampírur

Flestum vampírusögum ber saman um eftirfarandi einkenni:

- Vampírur þurfa blóð til að lifa. Án blóðs deyja þær, blóðið veitir þeim orku og eilíft líf. Vampírur nærast einungis á blóði.
- Vampírur fara á kreik að næturlagi og hræðast sólarljósið. Í mörgum vampírusögum brenna vampírur upp til agna ef sólarljós skín á þær.
- Vampírur drepa oftast fólk með því að bíta það á háls og tæma úr því blóðið. Vampíra getur hins vegar kosið að skapa aðra vampíru með því að tappa blóði af manneskju og láta hana svo drekka af sínu blóði.
- Vampírur styrkjast með árunum og þær vampírur sem hafa lifað öldum saman eru voldugastar.
- Vampírur eru oftast hávaxnar, grannvaxnar með sítt hár, ljós og undarleg augu og föla húð.
- Vampírur geta breytt sér í dýraliki, oftast leðurblökur, rottur, ketti, hrafna og úlfa.
- Vampírur lifa ofan í gröfinni eða sofa í kistum sínum að degi til.
- Vampírur hafa enga spegilmynd.
- Vampírur hræðast oft krossa,kirkjur og Biblíur; slíkt er þó ekki algilt.
- Vampírur geta einungis dáið ef þær fá viðarstjaka í gegnum hjartað, eru brenndar eða afhöfðaðar. Í sumum sögum er hægt að skjóta þær með silfurkúlu í hjartað.
- Vampírur eru oftast sýndar með vígtennur í bíómyndum en slíkt er sjaldnast tekið fram í þjóðsögum um vampírur.



Drakúla – frægasta vampíran



DRAKÚLA GREIFI Bela Lugosi í hlutverki sínu árið 1931

Frægasta bókmenntaverk um vampírur er Drakúla eftir Bram Stoker, en hún var byggð á sögusögnum um hinn skelfilega Prins Vlad hinn þriðja í Rúmeníu sem var uppi á fimmtándu öld. Prinsinn var þekktur sem „Vlad the Impaler“ vegna þess að hann stjaksetti fórnarlömb sín og pynti þau á hryllilegan hátt. Vampírusögur voru mjög algengar á þessu landsvæði og Stoker kaus að byggja sögu sína um Drakúla greifa í Transylvaníu á prinsinum. Í verkinu fremur ástkona Vlads sjálfsmorð og harmur hans leiðir til þess að hann ákallar hin myrku öfl um að öðlast eilíft líf handa dauðans. Drakúla getur því ekki dáið og leitar að brúður sinni öldum saman sem leiðir svo til þeirrar æsispennandi atburðarásar í eltingarleik vampíruveiðarans Van Helsing við skrímslið. Mikil rómantík er einnig í verkinu um ást sem aldrei gleymist, hina eilífu ást handan dauðans. Bók Stokers um Drakúla hefur veitt endalausan innblástur og hefur meðal annars verið kvikmynduð árið 1931 með Bela Lugosi í aðalhlutverki, og árið 1992 af Francis Ford Coppola.

Vampírukvikmyndir

Sögur um blóðsugur og Drakúla greifa hafa getið af sér ótal kvikmyndir. Þar má nefna Hammer Horror-myndir sjötta áratugarins með Christopher Lee sem Drakúla. Árið 1972 kom svo svört útgáfa af Drakúla í kvikmyndinni Blacula. Árið 1979 kom kvikmyndin Salem's Lot og sama ár Nosferatu þýska leikstjórans Werners Herzog. Kvikmyndin Blade og sjónvarpsserían Buffy The Vampire Slayer fjalla um vampíruveiðara en blóðsugur eru hetjurnar í kvikmyndum eins og The Hunger (1983) og Interview with the Vampire (1994) sem byggði á The Vampire Chronicles eftir Anne Rice. Svíar sendu frá sér vampírumyndina Låt den rätte komma in árið 2008 en hún fékk afbragðsgóða dóma.

NÍUNDI ÁRATUGURINN Catherine Deneuve í The Hunger.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

398

ALI GRÍSABÓGUR FERSKUR **398 kr.kg.**

598

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr.kg.

698

STEIKTUR HEILL ELDAÐUR KJÚKLINGUR
1250g **698 kr.stk.**

1598

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1598 kr.kg.

1189

K.S FERSKT LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR
1189 kr.kg.

KF FROSIÐ SPARHAKK
MERKT VERÐ 498 KR.KG.
20% AFSLÁTTUR
398 kr.kg.

398

198

K.S FROSINN INNMATUR
HJÖRTU OG LIFUR **198 kr.kg.**

2998

FERSKT LAMBAFILLET **2998 kr.kg**

McCORMIC SEASON ALL
KRYDD 453g
279 kr.
Hentar sérlega vel
á ferskt lambakjöt !

279

269

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA:
FROSIN LAMBASVIÐ **269 kr.kg.**

1998

FERSKT LAMBAPRIME **1998 kr.kg**

245

PAMPERS SIMPLY BLAUTÞURRKUR
72 STK **245 kr.**

98

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 375g **98 kr.**

198

MYLLU JÓLAKAKA 420g **198 kr**

1698

PAMPERS SIMPLY BLEIURNAR
8-15% LÆGRA VERÐ **1698 kr pakkinn.**

695

COKE TILBOÐ 4 FLÖSKUR X 2 LTR. = 8 LTR. **695 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

POTAST ÁFRAM Þó af minni krafti en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA Fáir búa við Urðarbrunn eins og er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enginn bjóst við þeim veruleika sem nú blasir við

Hvernig er að búa í nýju hverfi sem á að rúma tíu þúsund íbúa en tvö hundruð manns búa í núna? *Dr. Gunni* talaði við **Kristin Stein Traustason** sem býr í Úlfarsfellshverfi. Þetta er þannig séð paradís, segir hann.

Það vantaði ekki framsýnina og dugnaðinn í góðærinu. Alls staðar spruttu upp ný hverfi, meira af kappi af en forsjá, svona eftir á að hyggja. Hvaða fólk átti að búa í öllum þessum húsum í öllum þessum nýju hverfum?

Afleiðingar hrunsins og kreppunnar eru hálfbyggð hverfi, sem af kaldhæðni mætti kalla draugahverfi. Tóm hús, hálfbyggð hús eða grunnar standa myrkvuð innan um vegi og ljósastaura, hugmynd sem var stöðvuð í miðri framkvæmd – „beinagrindur góðærisins“ vilji maður vera ægilega dramatískur.

Úlfarsfellshverfi, á móti Grafarholti við rætur Úlfarsfellsins, er dæmi um hverfi þar sem mjög hefur hægst á uppbyggingunni. Í þeim hluta hverfisins sem fyrst átti að byggja upp, var gert ráð fyrir um það bil 780 íbúðum í fjölbýli og sérbýli. Samkvæmt vef Reykjavíkurborgar er áætlað að samtals muni hverfin í Úlfarsárdal fullbyggð rúma um tíu þúsund íbúa. Í upphafi var gert ráð fyrir fimmtán þúsund íbúum, en talan minnkaði eftir að núverandi borgarstjórnarmeirihluti tók við og fækkaði fjölbýlum á svæðinu á kostnað sérbýla.

Eins og Þingholtin

Raunveruleikinn er allt annar en háleitar góðærishugmyndirnar gerðu ráð fyrir. Nú búa í Úlfarsfellshverfi um 200 manns í 40-50 íbúðum. Einn þessara frumbyggja er Kristinn Steinn Traustason rafiðnfræðingur, sem býr að Gefjunarbrunni ásamt konu sinni og tveimur dætrum, fjögurra og átta ára.„Við bjuggum í Grafarvoginum og þurftum að stækka við okkur,“ segir hann. „Okkur langaði til að byggja og það var líka landhagstæðast á þessum tíma. Við keyptum lóðina árið 2006 og hófumst handa. Öll plön sem við gerðum hafa staðist hundrað prósent, nema það bjóst auðvitað enginn við þessari rosalegu rýrnun krónunnar. Öll lán hafa hækkað upp úr öllu valdi vegna gengishrunsins. Það voru bara engin önnur lán í boði á þessum tíma önnur en myntkörfulán. Íbúðalánasjóður vildi ekki lána fyrir nýframkvæmdum.“

Kristinn segir að Úlfarsfellshverfið hafi litið mjög vel út á pappírunum. „Þetta var kynnt sem mjög spennandi svæði. Skipulagið minnti á Þingholtin. Það var þétt byggð og mikil nálægð, húsin byggð framarlega á göturnar svo það áttu að vera bakgarðar út um allt. Það var skemmtileg hönnun á þessu og þetta átti að verða sjálfbært hverfi. Í sumum fjölbýlishúsunum var gert ráð fyrir atvinnu- og þjónustuhúsnæði og það áttu að koma skólar og leikskólar. Nú er gert ráð fyrir að sambyggður leikskóli og grunnskóli fyrir fyrstu bekkina opni á næsta ári. Núna keyrir skólabíll um hverfið og fer með krakkana í nærliggjandi skóla og foreldrar keyra yngri börn í leikskóla.“

Smábæjarstemning

Þótt enginn hafi búist við þeim veruleika sem nú blasir við segir Kristinn fólk almennt jákvætt. Það sé ekki annað hægt en að taka orðnum hlut með jafnaðargeði og æðruleysi. „Það er bara kósí að búa hérna,“ segir hann. „Sumarið var frábært. Maður vaknaði í fuglasöng og það er sólríkt hér og virkilega gott að vera í góðum veðrum. Það er stutt í náttúruna inn í dal eða upp á Úlfarsfellið. Þetta er þannig séð paradís. Eins er stutt í þjónustu, til dæmis styttra en ég var vanur í Grafarvogi. Maður er fljótur að komast úr hverfinu og hefur um að velja verslanirnar í Grafarholtinu og Krepputorgið.“

Kristinn segir að aldrei hafi komið til greina að hætta við. „Við fluttum inn vikuna sem allt hrundi, 11. október í fyrra. Það var ekki aftur snúið. Maður situr uppi með þá ákvörðun. Þeir sem eru fluttir ætla að búa hérna áfram. Fólk stendur saman og það er baráttuandi í fólki. Það er enginn að væla.“

Kristinn segist vera farinn að kannast við flesta í hverfinu. „Ég er alinn upp í Ólafsvík og veit hvernig smábæjarstemningin er. Þetta er ekki ósvipað hérna, nema Ólafsvík var stærri bær. Í sumar þegar fólk flutti í eitt húsið hérna var mikil innflutningsveisla með rokktónleikum. Það mættu margir í hverfinu þangað. Fólk er bara bratt og ákveðið í að halda þetta út.“

Kofar og kassabílar

Kristinn segir að uppbyggingin í hverfinu potist áfram þótt hægt fari. „Auðvitað er þetta samt eins og Kósóvó eftir loftárás á meðan er verið að byggja. Ég hef enga hugmynd um það hvenær hverfið verður klárað. Mér skilst að borgin sé að pressa á fólk að klára það sem það byrjaði á. Ég veit ekki hvað er að ske með verktakana sem standa fyrir kumböldunum, öllum hálfbyggðu fjölbýlishúsunum. Veit ekki hvort þeir eru farnir á hausinn eða hvað. En það er samt unnið. Það er ekki alveg dautt. Menn eru að pota þessu áfram þótt af minni krafti sé en áður. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem hægist á framkvæmdum í sögunni. Maður vonar bara að ástandið lagist sem fyrst.“

Þetta er spennandi umhverfi fyrir krakkana í hverfinu. Kristinn segir lítið um slysagildrur og að þokkalega sé gengið frá. „Það er stuð hjá krökkunum. Þau bjarga sér þótt það sé ekki leikvöllur. Smíða kofa og kassabíla og leika sér á götunum og í görðunum. Krakkar geta alltaf bjargað sér þótt það sé ekki allt mulið undir þá.“

Kristni dettur ekki í hug að velta sér upp úr ástandinu eða eyða tímanum í ásakanir. „Nei, það er nóg af öðrum að spá í því,“ segir hann og hlær. „Ég er ekki reiður. Maður heldur bara sínu striki. Maður vinnur sig bara út úr sínu.“

> Auðvitað er þetta samt eins og Kósóvó eftir loftárás á meðan er verið að byggja. Ég hef enga hugmynd um það hvenær hverfið verður klárað.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞAÐ ER BARA KÓSÍ HÉRNA Kristinn Steinn Traustason og húsið sem hann byggði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STUTT Í NÁTTÚRUNA Og frábært á sumrin.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

október 2009

Adda mætir til leiks á ný

Klassískur bókaflokkur endurútgefinn.

SÍÐA 10

Sonurinn lagður í einelti

Hárrétt viðbrögð björguðu málunum.

SÍÐA 8

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilja gera Reykjavík barnvænni

Þrír einstaklingar með sömu hugmyndir um mikilvægi fjölskyldu og góðra samverustunda tóku að leggja á ráðin um Fjölskylduhúsið fyrir tveimur árum. Nú sér fyrir endann á undirbúningi þessa metnaðarfulla verkefnis sem aðstandendur vonast til að geta opnað á nýju ári í miðbænum.

„Við viljum styrkja fjölskylduna, hvað er betra á tímum sem þessum?“ segir Linda Mjöll Stefánsdóttir leikmyndahönnuður í spjalli við Fjölskyldublaðið. Fjölskylduhúsið sem stefnt er að því að opna á nýju ári í miðbænum verður samkomustaður fjölskyldna, kaffihús, leiksvæði og vettvangur fyrir hvers kyns námskeið sem munu höfða til fjölskyldufólks á öllum aldri.

Góð viðbrögð við hugmynd

Hugmyndin hafði legið í loftinu að sögn Lindu, sem flutti til Reykjavíkur fyrir nokkrum árum og fann fljótlega þörfina á barnvænu kaffihúsi, sem þó væri miklu meira en venjulegt kaffihús.

Hún ræddi hugmyndina við Kristínu Stefánsdóttur, sem átti um tíma verslunina Liggalá við Laugaveg sem margir muna eftir. Þær hittu svo eldhuga fyrir í Patrick Immer, Svisslendingi sem flutti hingað ásamt konu og börnum fyrir nokkrum árum. Patrick er

FRAMHALD Á SÍÐU 11

Sigríður Tómasdóttir skrifar

Da va dídúdídú

Það skemmtilegasta sem ég veit er að horfa á Star Wars, sagði tæplega fimm ára sonur minn við vinkonu mína á dögunum. Hún var efins, byrjar Star Wars-áhuginn virkilega svona snemma? Snemma fannst mér ekki rétta orðið þegar ég hef haft tilþrif tveggja ára dótturinnar fyrir augunum um skeið. Sú tekur prik í hönd og segir da va (Star Wars) og beinir að gestum og gangandi með tilheyrandi hljóði – vúvú, sem á að minna á hljóð í geislasverði.

Ég hef ekki haft lúmskt gaman af þessum vopnaburði smábarnsins, sem gjarnan fær að vera í hlutverki vélmennisins R2D2 (dídúdídú) í Star Wars-leikjum heimilisins, eða þá varnarkúlu sem drengurinn vill meina að leiki hlutverk í heimi Stjörnustríðs. Rétt er að taka fram að ég er lítið menntuð í fræðum nýju myndanna þriggja.

Ég hélt sjálf ógurlega upp á „gömlu“ myndirnar. Þegar ég ákvað að rifja upp kynnin við þá fyrstu af gömlu myndunum síðastliðið vor fékk strákurinn að sjá hluta hennar. Ekki þurfti meira til, honum fannst þetta brot alveg stórkostlegt og þá einkum Svarthöfði magnaður. Mér fannst hann nú í það yngsta fyrir myndina og við tókum ekki upp kvikmyndaþráðinn fyrr en með haustinu. Þess má þó geta að í millitíðinni fóru ógurlega margir Star Wars-leikir fram á heimilinu, prik urðu að geislasverðum og skikkjur að Svarthöfðabúningi. Einnig var gamalt legódót dregið fram með ýmsum hetjum nýrri myndanna sem nágrannadrengur sá um útskýringar á.

Í haust hófst svo það verkefni vetrarins að horfa á allar myndirnar sex – drengnum til mikillar ánægju. Hann situr límdur við sjónvarpið og hefur mesta ánægju af bardögum. Stúlkuna, sem fékk að horfa á nokkrar mínútur, þurfti að draga grátandi í burtu hrópandi „dava“ áður en hún var svæfð. Ég hef hins vegar ekki haldið meira út en áhorf með öðru auganu, svo langdregnar eru þessar myndir. Söguþráðurinn er líka frekar ruglingslegur og ég hef ekki lagt í miklar útskýringar á honum nema að hann snúist um baráttu þeirra vondu og góðu.

Á því hafa börnin áhuga – hvort sem er í bók eða mynd. Sú litla heldur því reyndar fram stundum að hún sé að horfa á Star Wars þegar barnatíminn er í sjónvarpinu. Og heldur áfram að munda sverðið af miklum glæsileik.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Anton Brink Pennar: Karen Kjartansdóttir, Gunnar Hjálmarsson, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Vera Einarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

Nýtur þess að miðla þekkingu til barna Þótt liðin séu um 20 ár frá því að Guðmundur lét útbúa barnaefnið Flautan og litirnir eru þættirnir enn á dagskrá RÚV. Von er á nýju efni frá Guðmundi í takt við breytta tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Miðlar stærðfræði og TUNGUMÁLI Í TÓNUM

Guðmundur H. Norðdahl hefur á nærri sjötíu ára löngum tónlistarferli starfað víða um land og ávallt þótt hvalreki í menningarlífinu. Hvar sem hann kemur vaknar áhugi á hljómum meðal fólks, ekki síst ungra barna. Von er á nýju kennsluefni fyrir börn frá honum þar sem teiknimyndafígúrur sjá um kennsluna.

Einn mesti frumkvöðull í tónlistarkennslu og tónlistarstarfi Íslendinga, Guðmundur H. Norðdahl, vinnur um þessar mundir hörðum höndum að því að útbúa nýtt kennsluefni fyrir börn. Efninu er ekki aðeins ætlað að opna augu þeirra fyrir heimi tónlistarinnar heldur stefnir Guðmundur einnig að því að styrkja hæfileika þeirra til að skilja stærðfræði og tungumál.

Guðmundur er 81 árs og á að baki nærri 70 ára tónlistarferil. Hann hefur stofnað tónlistarskóla og starfað víða um land sem hljómsveitarstjóri, hljóðfæraleikari, kór- og lúðrasveitastjórnandi auk þess sem hann hefur ávallt verið við tónlistarkennslu eða í starfi skólastjóra tónlistarskóla. Mest yndi hefur hann þó haft af því að kenna ungum börnum töfra hljómanna. „Börnin er eina óspillta fólkið á Íslandi,“ segir Guðmundur og hlær góðlátlega þegar hann er spurður hvers vegna hann hafi helst kosið að starfa með börnum sem ekki þykir eins fínt að kenna og fullorðnum.

Um þessar mundir endursýnir Ríkissjónvarpið barnaefnið Flautan og litirnir sem fyrst var sýnt um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Efnið útbjó Guðmundur með hliðsjón af samnefndum kennslubókum sínum en fyrsta hefti þess hefur selst í þúsundum eintaka og telst með söluhæstu bókum hér á landi. Guðmundur segir efnið þó barn síns tíma. Það sem hann sé nú að útbúa ásamt fleiri fagmönnum sé ný tækni og nýjar aðferðir.

„Með því vil ég kenna fimm til sex ára krökkum lestur og reikning með tónlist,“ segir hann og bendir á að sama grunn þurfi til að ná tökum á þessu námsefni. Teiknimyndafígúrur muni leiðbeina barninu og metnaður lagður í að leiða barnið áreynslulaust á brautir áhuga og þekkingar.

Í tónlistarskóla Hafralækjarskóla í Þingeyjarsýslu var hafið samstarf við grunnskóla og lögð áhersla á faglega samræmingu tónlistar við almennt skólastarf. Guðmundur kom að stofnun skólans, eins og svo margra annarra, og segir hann starf skólans ávallt hafa verið til fyrirmyndar í þessum efnum. „Krakkar eru svo móttækilegir og gleypa í sig allt,“ segir hann. Því sé mikilvægt að vanda til verka við fræðslu þeirra.

Guðmundur sinnir nú tónlistarkennslu í Fossvogsskóla auk þess sem hann vinnur að því að útbúa tæki og kennsluefni til að auðvelda börnum námið. Spurður hvort hann hafi ekki áhuga á að fara að setjast í helgan stein skellir hann upp úr og svarar: „Ég vil kenna á meðan ég hef heilsu til. Annars myndi mér bara leiðast.“ *kdk*

Frábærar og enn betri fréttir

Til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8 við meltingarörðuleikum.

50% meira er af góðgerlum í hverju hylki sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiðri meltingu.

Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!

BARNVÆNT

Draugagangur í Salnum

Tíbri heitir draugur sem birtist alltaf í Salnum í Kópavogi 1. nóvember til að segja sögur af vinum sínum sem eru tónlistarmenn. Í ár ætlar Tíbri að segja sögur af Poulenc og Beethoven og hann verður ekki einn, því nornin Kírikí, sem er alltaf að hrekkja, kemur að hitta hann. Frá klukkan 12.30 verða fjöllistamenn frá Götuleikhúsinu og einnig tveir andlitsmálarar sem bjóða upp á ókeypis andlitsmálun. Börn eru beðin um að koma klædd í grímubúninga á tónleikana ef þau geta. Tónleikarnir, sem hefjast klukkan eitt, eru hluti af tónleikaröð fyrir börn sem boðið er upp á í Salnum í vetur fyrstu helgina í mánuðinum. Í desember verða það spaugararnir í Ljótu hálfvitunum sem ætla að skemmta börnunum þannig að segja má að tónleikarnir séu af fjölbreyttum toga. Miðaverð eru þúsund krónur.

ego dekor

Skápur fáanlegur í svörtu og hvítu háglans

Verð:
138.000,-

DIVANY
– einnig fáanlegt í hvítu háglans

Veggskápur 160cm verð:
69.000,-
Skenkur 180cm verð:
158.000,-
Borðstofuborð 140X140 verð:
118.000,-

-20%

Borðstofuborð
160X90 hvítt háglans
Verð áður: 78.000,-
Verð nú: 62.400,-



COMO
Stækkanleg borðstofuborð í hnotu

160(248)x100
Verð: 159.000,-

200(288)x110
Verð: 179.000,-

Vegghengdur skenkur 182cm
Verð: 108.000,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



LUCAS leðurtungusófi
Stærð: 285X223
Verð: 299.000,-

-10%

NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
Færanleg tunga
Verð áður: 188.000,-
Verð nú: 169.200,-



VISION leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri
3ja sæta
Verð: 169.000,-
Stóll
Verð: 85.000,-

-15%

FATCAT tungusófi
Stærð: 320X165
Færanleg tunga
Verð áður: 235.000,-
Verð nú: 199.750,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

minningar

...ylja okkur á síðkvöldum

INNRAMMAÐAR MINNINGAR Myndir af ættingjum og vinum eru fyrirtaks skraut á hverju heimili. Nú er um að gera að nota haustkvöldin til að framkalla nokkrar góðar myndir í stað þess að láta þær liggja í tölvunni um ókomna tíð.

Jól í október Jólasveinarnir í glugga Rammagerðarinnar hafa fylgt aðdraganda jóla lengi. Þó að ekki séu allir sáttir við jólaskreytingar í október er það skemmtileg tilbreyting fyrir börn og fullorðna að rölta fram hjá glugganum og komast í snemmbúið jólaskap.

Hugað að föndri Ekki er jólaföndurráð nema í tíma sé tekið! Nú styttist í að það sé leyfilegt að fara að huga að jólaföndri fjölskyldunnar. Upplagt er að nota næstu vikur til þess að viða að sér efni í föndrið, könglum, rúllum undan klósettpappír og því sem til fellur. Hugmyndaflugið er eina hindrunin hér. Svo er tilvalið að hafa notalega föndurstund við upphaf aðventunnar og gera jólagjafir sem hitta örugglega í mark hjá stórfjölskyldunni, enda halda allir mest upp á heimagerðar gjafir að því er rannsóknir herma.



Prinsessa Dalía hefur gaman af prinsessum en Salbjörg tók af henni myndaseríu í prinsessuleik.

MYND/SALBJÖRG

Margföldun Í sumum tilfellum færir Salbjörg hluti úr stað og margfaldar myndefnið.

Í geimflaugaleik Ísar er hugfanginn af geimnum og ef vel er að gáð má sjá fljúgandi geimflaug á ferð.

HVERSDAGSLEG ævintýri fest á filmu

Salbjörg Rita Jónsdóttir fangar hversdagsleg ævintýri barna á filmu. Hún skerpir á þeim með eilítið ævintýralegri útkomu en leggur þó höfuðáherslu á að myndirnar verði minning um það sem börnin hafa gaman af að gera.

Myndverkakonan Salbjörg Rita Jónsdóttir býður upp á barnamyndatökur á vettvangi en hún vill helst mynda börn í umhverfi sem þau þekkja og líður vel í. Ljósmyndaþjónustan hefur fengið nafnið Köttur úti í mýri og lýsir hún tilurð hennar með eftirfarandi hætti á heimasíðunni www.kottur-uti-i-myri.com:

„Köttur úti í mýri kemur við sögu í niðurlagi margra ævintýra. Sem barn opnaðist mér marglitur heimur þjóðsagna og ævintýra í safni Jóns Árnasonar. Upp frá því langaði mig að segja ævintýri. Ég lærði hönnun og listir í sjónrænum miðlum í Þýskalandi og nota því frekar myndir en orð til að segja frá.“

Salbjörg hefur lengi haft gaman af því að mynda börn og hefur hugmyndin blundað í henni um margra ára skeið. Hún reynir oftast að láta sem minnst fyrir sér fara til að ná augnablikum þegar börnin eru sem eðlilegust. „Það eykur líkurnar á því að ég nái að festa á mynd einhverja þá töfra sem þau upplifa.“ Salbjörg er ekki ljósmyndari í tæknilegum skilningi þess orðs þótt hún noti myndavélina til að draga upp portrett af fólki. „Ég byggi á bakgrunni mínum í hönnun og listum til að ljá ljósmyndunum ákveðinn blæ.“

Salbjörg reynir að skapa ákveðna stemningu með vali á sjónarhornum og linsum. Þá eyðir hún dágóðum tíma í eftirvinnsluforritum til að auka áhrif ljóss og skugga og draga fram ákveðna liti. Í sumum tilfellum færir hún hluti úr stað eða margfaldar myndefnið svo dæmi séu tekin. „Ég reyni að fanga raunveruleikann sem ég skerpi síðan á með eftirvinnslu og oft verður útkoman eilítið ævintýraleg. Umfram allt reyni ég þó að mynda börnin við að gera eitthvað sem þau hafa gaman af til að myndin verði minning um það. Stundum hentar þó betur að taka uppstilltar myndir og tek ég þær vitanlega líka að mér ásamt því að mynda börn við hin ýmsu tækifæri.“ Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni. *- ve*

Hefur lengi haft ánægju af því að mynda börn Hugmyndin að ljósmyndaþjónustunni hefur blundað í Salbjörgu lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frábært úrval sófa og hvíldarstóla

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

100% náttúrulegt

metasys®

Fékk heilsuna aftur með Metasys

-bónusinn var að missa 29 kg.

Sandra Fannarsdóttir 45 ára, fjárfesti í fyrsta Metasys pakkanum fyrir 4 árum. Hún heyrði frá góðri vinkonu að Metasys væri mjög orkugefandi og var það einmitt það sem Söndru vantaði og það heldur betur. Á þessum tíma þjáðist hún af vefjagigt, háþrýstingi og ýmsum kvillum og tók inn ótalmörg lyf, hafði gert árum saman og var ekki tilbúin að gefast upp. Ekki aldeilis. „ Ég var orðin algjörlega orkulaus og við það að bugast sem í huganum var eiginlega ekki í boði, móðir í ábyrgðarstöðu og í fullu kennaranámi. Vinkona mín sagði einnig að Metasys væri frábært fitubrennsluefni og fussaði ég bara við því, þar sem ég taldi mig vera búin að prófa allt undir sólinni í þeim efnum. Á þessum tímapunkti var ég 40 kílóum of þung og má segja að það sé orsök og afleiðing af þeim kvillum sem ég hafði verið að kljást við. Ég var fyrst og fremst á höttunum eftir ORKU, og aukakílóin voru aukaatriði! Eftir að ég byrjaði að taka inn Metasys fann ég nánast strax fyrir frábærri orkubreytingu og var þá yfir mig ánægð með áhrifin af Metasys. Eftir rúman mánuð uppgötvaði ég að ég var nánast verkjalaus og hreinlega bara leið rosalega vel. Ég er geðgóð að eðlisfari og viðurkenni að þegar mér leið sem verst var ég ekki eins glöð og ánægð með lífið eins og mér er eiginlegt. Svo fóru kílóin að fjúka sem var frábær bónus. Á þessum 4 árum hef ég prófað að hætta á Metasys og lengst í tvo mánuði og satt að segja ætla ég ekki að gera það aftur. Verkir og slen komu aftur og gamlir kvillar fóru að gera vart við sig. Metasys eitt heldur mér heilbrigðri og þarf ég engin lyf lengur. Á þessum 4 árum sem ég hef tekið inn Metasys hefur þyngdin rokkað og náði mest af mér á tímabil 19 kg. en ég vildi ná meiri árangri. Hóf samstarf við frábæran einkaþjálfara, Nonna Hjaltalín, sem hefur hjálpað mér að ná settum markmiðum og átta mig á því að ábyrgðin er í mínum höndum og ekkert gerist nema að tekið sé á vandamálinu. Metasys er frábær hjálp en hreyfing og hollt mataræði verður að fylgja með enda kemur það fram í leiðbeiningunum sem fylgja Metasys. Ég mun aldrei þreytast að mæla með Metasys ég er í langtum betra formi og léttari en þegar ég var tvítug“ Segir Sandra að lokum kát í bragði.

Sandra Fannarsdóttir

Metasys er þróað og rannsakað sem þriggja mánaða áætlun og þeir sem þurfa léttast ná bestum árangri sem skrá matardagbók, auka hreyfingu og hyggja að mataræði!

Metasys hefur verið fáanlegt á Íslandi í 5 ár og er eitt vinsælasta fæðubótaefnið til að grennast ásamt því að vera mjög orkugefandi og heilsubætandi en hægt er að nálgast fjölmargar góðar reynslusögur á www.metasys.is

20% afsláttur á meðan birgðir endast!

Metasys er ekki “kraftaverkapilla” árangur þyngdarlosunar stjórnast af þrem megin þáttum.

1. Taka inn METASYS reglulega og minnst þrjá mánuði
2. Viðhafa skynsamlegt mataræði, borða reglulega, forðast sykur, áfengi og óvönduð kolvetni
3. Stunda hæfilega hreyfingu minnst 3x í viku, minnst 30 mínútur í senn.

METASYS er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða

metasys®

Náttúruleg leið til þyngdarstjórnunar

prentun.is

úti að leika

er hollt og gott ...

KAFFISOPINN INDÆLL ER Foreldrar sem sitja og fylgjast með börnum sínum leika sér á leikvöllum eiga það á hættu að verða kalt, enda ekki á fullu í leik eins og krakkarnir. Til að forðast kuldahroll er gott ráð að taka kaffi eða kakó með á leikvöllinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grænuborg
Leikvöllurinn á Grænuborg, á Eiríksgötu gegnt Hallgrímskirkju, er dæmi um leikvöll sem er á leikskólalóð. Slíkir leikvellir eru við alla leikskóla, en misspennandi eins og gengur. Þeir standa öllum opnir fyrir utan dagvistunartíma barnanna. Þessi á Grænuborg er stór og spennandi, meðal annars með einni hæstu rennibrautinni í bænum. Þá er stutt í myndastyttugarðinn við safn Einars Jónssonar, sem krökkum finnst skemmtilegur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hljómskálagarðsróló
Hljómskálagarðinn, sem og Miklatún, mætti nýta mun betur fyrir fjölskyldur í borginni. í Hljómskálagarðinum má þó finna leikvörubíl og sandkassa og nokkuð mikilfenglega klifurgrind. Hún er ekki heppileg fyrir yngstu börnin en krakkar á skólaaldri fá góða útrás í þessari stóru klifurgrind.

FRÉTTABLAÐIÐ/VPJETUR

Álafosskvosin
Leikvöllurinn í Álafosskvosinni er með viðáttumestu leikvöllum landsins. Betra væri að tala um leiksvæði. Skemmtileg rennibraut er þarna, aparóla, rólur, þrautabraut og mjög spennandi höggverk eftir Magnús Tómasson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Seðlabankaróló
Á Arnarhóli er ágætis róluvöllur með klifurbraut og húsum. Þarna reynist krökkum auðvelt að virkja ímyndunaraflið, enda platkíkir á svæðinu sem snýr að miðbænum. Þarna er líka sandkassi og rólur, sem kunnugir fullyrða að séu kraftmestu rólur á höfuðborgarsvæðinu.

BESTU RÓLÓARNIR

Ferð á leikvöllinn er góð fjölskylduskemmtun um helgar. Ef allir eru orðnir leiðir á leikvellinum í næsta nágrenni er af nógu að taka á höfuðborgarsvæðinu. Fjölskyldublaðið bendir hér á nokkra einstaklega góða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VPJETUR

Tjarnarborg
Fjölbreytileg leiktæki fyrir litla krakka og stóra er að finna á Tjarnarborg sem eins og nafnið gefur til kynna er við Reykjavíkurtjörn. Útsýnið yfir Þingholtin er skemmtilegt og umhverfið notalegt. Sandurinn í sandkassanum er ljós sem er skemmtileg tilbreyting.

FRÉTTABLAÐIÐ/VPJETUR

Víkingaróló
Í Leirvogstunguhverfinu í Mosfellsbæ, við enda Kvíslartungu, var opnaður í sumar ljómandi skemmtilegur víkingaleikvöllur. Hann samanstendur af húsaþyrpingu með brú á milli sem krökkum finnst gaman að leika sér í. Þarna er líka fyrirtaks aparóla, sparkvöllur, grillaðstaða og aðstaða til að snæða. Stutt er í hesthúsin í Mosfellsbæ svo oft má rekast á hross í nágrenninu.

Glerfínt og GLJÁANDI fyrir jólin

Tilboð gildir út nóvember 2009 eða meðan birgðir endast

20% afsláttur af hreinsiefnum

Útsölustaðir
Besta Ármúla 23
Reykjavík
Sími 510-0000
Besta Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími 420-0000
Besta Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími 430-0000
Besta Miðvangi 13
Egilsstöðum
Sími 470-0000
Besta Egilsbraut 6
Neskaupstað
Sími 477-1900
A.Karlsson
Víkurhvarfi 8
Kópavogi Sími
5600-900

Ultra glerhreinsir
Hreinir gluggar
Til notkunar á alla gler- og plastfleti.

SparCreme
Burt með uppsafnaðann kísil
Frábært efni til að fjarlægja uppsöfnuð óhreinindi, kísil og sápuskánir. Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl.

NABC
Baðherbergishreinsir
Hreinsar, sótthreinsar og eyðir ólykt.

SparCling
WC-hreinsir
Fyrir harða sýruþolna fleti.

Blue Star
Öflugt hreinsiefni á gólf, veggi og skápa
Vinnur á hverskyns óhreinindum. Þornar hratt og skilur ekki eftir sig sápuskán.

BESTA

A. KARLSSON

HREIN FAGMENNSKA FRAM Í FINGURGÓMA HJÁ BESTA

Tilboð gildir út nóvember 2009 eða meðan birgðir endast

HOLTAGARÐAR verða með líflegra móti um helgina. Ingó Veðurguð syngur frá 14 til 15 á laugardag, trúður verður þar báða dagana og margar kynningar í gangi. Hin þekkta verslun Habitat opnar í dag og er á efri hæð Holtagarða ásamt Tekk-Company, Te og Kaffi og Dorma.

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Friendtex bangsar til styrktar leitarstöð krabbameinsfélagsins á íslandi eru til sölu á eftir töldum stöðum

Allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til Krabbameinsfélag Íslands. Bangsarnir eru til í svörtu, hvítu, bleiku og brúnu.

Bangsi kr. 1000.-

Allir sölufulltrúar Friendtex selja bangsa til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands allt árið og eftirtaldar verslanir aðstoða okkur í landsátakinu.

Reykjavík:Útivist og Sport Regatta Faxafeni 12 - Gallerí Os Rangárseli, Studío OS Réttarseli 8 - Lítil í upphafi Skólavörðustíg 5, Anna María design Skólavörðustíg 3 - Frú Vattar Spönginn Grafarvogi. **Mosfellsbær:** Mosfellsbakarí Mosfellsbæ - Texture hársnyrtistofa Mosfellsbæ. Fótaaðgerðastofan Þverholti Mosfellsbæ - Reykjalundur búðin. **Akureyri:** Gullsmiðir Sigtryggur og Pétur Brekkugötu 5 - Mössubúð Glerártorgi. **Ísafjörður :** Konur og Menn í Neista - Blómaturninn Hafnarstræti Prjónakaffi Smiðjugötu - Bensínstöðin Pollgötu. **Vestmannaeyjar:** Verslunin Geisli og Axel Ó Bárustíg. Selfoss: Sportbær Austurvegi. **Egilsstaðir:** Hárhöllin Dynskógum 4, - Topp Hlutir Miðás 7. Klassík Selás 1,- Cafe Valný ehf. Miðvangi 2-4 Gullsmiði, úrsmiði Lararási 8. **Reyðarfjörður:** Birta Gleraugnaþjónusta – optic, gullsmiði Búðareyri 15. **Eskifjörður:** Bókabúðin Eskja. **Neskaupsstaður:** Nesbær ehf. Egilsbraut 5



friendtex

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

Ingimar Flóvent Marinósson stofnaði Facebook-síðu sem hvetur karlmenn til herramennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fæddur herramaður

Ingimar Flóvent Marinósson hefur ekki þaulskipulagt helgina. Hann veit þó að hann ætlar að skella sér í hrekkjavökupartí og út að dansa á eftir og eitt er víst að hann mun hegða sér sem herramaður.

Ingimar stofnaði nýlega síðu á Facebook undir yfirskriftinni Höldum herramennskunni lifandi. „Ég var orðinn frekar pirraður á að sjá stráka skella á eftir sér hurðum beint framan í konur og annað fólk, og hegða sér almennt á ókurteisan hátt í garð kvenna," segir hinn tvítugi Ingimar.

Blaðamann fýsir að vita hvaðan þessi áhugi á herramennsku sé ættaður, er hann kannski alinn upp á þennan hátt? „Nei, ætli þetta sé ekki bara meðfætt. Ég hef alltaf viljað vera herramaður og haft áhuga á sixtís-menningu þar sem menn sýndu konum sínum virðingu," svarar hann.

Ingimar reynir að leggja sitt af mörkum með því til dæmis að opna hurðir, bera töskur og standa upp fyrir konum í stræto. „Með því að stofna þessa Facebook-síðu vildi ég dreifa boðskapnum og vona að fleiri taki sér herramennskuna til fyrirmyndar," segir hið unga séntilmenni sem reynir helst að líkjast göfugmennum úr gömlum myndum á borð við Cary Grant og Rock Hudson,

En að helgarplönum. Hefur hann eitthvað herralegt í huga? „Ég var reyndar bara að hugsa um að fara í hrekkjavökupartí til vina minna og ætli við förum ekki í bæinn á eftir," segir Ingimar sem heldur talsvert upp á staðina Sódómu og Zimsen.

Á sunnudaginn ætlar hann að taka því rólega og líklegt þykir honum að hann endi með vídeóglápi.

solveig@frettabladid.is

MÁLSTOFA UM GALILEO GALILEI verður haldin í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 13. Í ár eru 400 ár liðin frá því að Galileo gerði merkar uppgötvanir á sviði stjörnufræði. Málstofan er haldin í tengslum við árlega viku ítölskunnar sem haldin er víða um heim. www.hi.is



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Simi 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Helga og Rakel eru báðar miklar barnagælur. Helga vinnur í hlutastarfi á leikskóla og Rakel á von á sínu þriðja barni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Notað og nýtt á börnin

Barnafataverslunin Fiðrildið opnar í dag en þar fá vel með farin barnaföt nýtt líf. Þar er einnig boðið upp á nýja smávöru, tréleikföng, barnavörur í umboðssölu og íslenska hönnun.

Þær Rakel Hlín Bergsdóttir og Helga Bestla Baldursdóttir stýra barnafataversluninni Fiðrildinu sem opnar í Faxafeni 9 í dag en Rakel lýsir tilurð verslunarinnar með eftirfarandi hætti: „Ég útskrifaðist úr viðskiptafræði árið 2007 og fór að vinna á endurskoðunarskrifstofu. Ég fann fljótlega að það átti ekki við mig og langaði að gera eitthvað lifandi og hitta fólk. Hugmyndin að versluninni skaut upp kollinum og fékk ég vinkonu mína Helgu Bestlu Baldursdóttur í lið með mér.“

Rakel og Helgu grunaði að mikið væri til af heillegum barnafötum sem væru komin úr notkun í skápum og skúffum landsmanna og kom það svo sannarlega á daginn þegar þær fóru að grennslast fyrir. „Við auglýstum á Barnalandi og í kringum okkur, og erum komnar með fínan lager af fallegum fötum. Við borgum kílóverð fyrir fötin og förum vandlega í gegnum þau. Þau eru síðan þvegin og straujuð og eru mörg hver eins og ný.“

Fötin eru þvegin og straujuð og eru mörg hver eins og ný.

Í versluninni má finna íslenskt handverk eins og þessa prjónahúfu, Fjörkálfinn, eftir Þóru Kristínu Bjarnadóttur.

Þær Rakel og Helga selja einnig nýjar samfellur, teppi, sokkabuxur og sokka. „Þetta eru fötin sem eru næst barninu og eru auk þess mikið notuð og þvegin svo við ákváðum að hafa þau ný. Við reynum að kaupa þau inn á hagstæðu verði því við viljum halda verði í versluninni í lágmarki til að sem flestir geti átt kost á því að koma.“

Í versluninni eru einnig barnavörur í umboðssölu. „Við tökum við vögnum, kerrum, bílstólum, ömmustólum, bumbostólum, göngugrindum, hjólum og fleiru sem viðkemur börnum en okkur finnst hafa vantað vettvang fyrir notaðar vörur af þessu tagi. Þá finnst okkur um að gera að nýta það sem er heillegt í stað þess að flytja stöðugt inn auk þess sem við teljum okkur vera að leggja okkar að mörkum til umhverfisins. „Við erum þó líka með leikföng en þá eingöngu tréleikföng og má þar nefna dúkkuhús, eldavélar og púsl,“ segir Rakel og bendir á að í versluninni sé einnig að finna íslenskt handverk eins og spangir og prjónahúfur.

Þær Rakel og Helga vilja að börn hafi ánægju af því að koma í búðina og hafa lagt sig fram um að gera umgjörðina litríka og skemmtilega. Þær hafa útbúið lítið leikhorn og í tilefni opnunarinnar verður boðið upp á blöðrur og sleikjó.

vera@frettabladid.is

Slys og veikindi barna

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur námskeiðið Slys og veikindi barna 9. og 11. nóvember kl. 18-21 í Hamraborg 11, 2 hæð.

Á námskeiðinu er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl.

- Námskeiðsgjald: 6.500 kr. á mann en 5.000 krónur ef maki eða eldra systkini tekur líka þátt.
- Innifalin eru námskeiðsgögn og þátttökuskírteini.
- Leiðbeinandi er Sigrún Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur.
- Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðið og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fá 10% afslátt.

Frekari upplýsingar fást í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Skráning er til 5. nóvember.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

Rúi og Stúi á fjalirnar á ný

Uppfinningamennirnir Rúi og Stúi skemmta börnum í Leikhúsinu í Kópavogi næstu þrjár helgar.

Barnaleiksýningin Rúi og Stúi sem frumsýnd var hjá Leikfélagi Kópavogs síðastliðið vor hefur verið tekin upp að nýju. Kynning og sala sýningarinnar er í samstarfi við Kópavogsdeild Rauða krossins og rennur þriðjungur af miðaverði til barna- og ungmennastarfs Rauða krossins.

Rúi og Stúi fjallar um sérkennilega uppfinningamenn sem hafa fundið upp vél sem getur búið til eða lagað hvað sem er. Bæjarbúar eru afar ánægðir með vélina en blikur eru á lofti þegar vélin bilar og bæjarstjórinn hverfur. Samtímis fer skuggaleg persóna á kreik í bænum og undarlegustu hlutir fara að hverfa úr fórum bæjarbúa.

Höfundar verksins eru Skúli Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson. Sex leikarar taka þátt í sýningunni sem er í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar.

Aðstoðarleikstjóri er Sigrún Tryggvadóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir sér um leikmynd og lýsingu annast Arnar Ingvarsson og Skúli Rúnar Hilmarsson.

Rúi og Stúi eru litríkir uppfinningamenn.

Sýningar fara fram í Leikhúsinu Funalind 2. Miðaverð er 1.500 kr. Miðapantanir eru í síma 554 1985 eða á netfanginu midasala@kopleik.is. Sex sýningar eru eftir en tvær verða nú um helgina, á laugardag og sunnudag klukkan 14.

Hér er listaverkið Tölum saman að verða til í Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Það var gert í tilefni eins árs afmælis Söguhrings kvenna. MYND/KRISTÍN R.

Vigdís afhjúpar verk Söguhrings kvenna

Söguhringur kvenna verður eins árs á morgun, sunnudag. Í tilefni af því er gestum af báðum kynjum boðið í Borgarbókasafnið við Tryggvagötu klukkan 14 til að fagna og vera viðstaddir afhjúpun listaverks.

Tölum saman heitir verkið sem Vigdís Finnbogadóttir afhjúpar á morgun í tilefni af ársafmæli Söguhrings kvenna. Það er unnið undir handleiðslu listakvennanna Fitore Berisha og Helgu Arnalds. Helga hefur einnig gert vídeóverk um sköpunarferli verksins og það verður frumsýnt við sama tækifæri. Fólk af erlendum og íslenskum uppruna skemmtir með tónlist og dansi og boðið verður upp á veitingar.

„Samkoman er öllum opin, líka körlum," segir Kristín R. Vilhjálmsdóttir brosandi en hún er frumkvöðull Söguhringsins. Það er félagsskapur kvenna af erlendum uppruna sem hittast í Borgarbókasafni Reykjavíkur einu sinni í mánuði ásamt íslenskum stallsystrum til að njóta samveru, deila reynslu hver með annarri og æfa sig að tala íslensku.

Kristín flutti til Íslands í fyrra eftir að hafa alist upp í Danmörku og var fljótlega ráðin verkefnisstjóri fjölmenningardeildar Borgarbókasafnsins. „Ég sótti fyrirmynd starfseminnar til Danmerkur þar sem bókasöfn eru mikil gátt inn í samfélagið í tengslum við fjölmenningu og innflytjendamál," segir hún. „Þaðan kemur hugmyndin um að hittast á bókasafninu og gera eitthvað skapandi saman, byggja brýr og hjálpa konum af erlendum uppruna og íslenskum konum að tengjast."

Kristín segir allar sem hafi áhuga á að hitta aðrar konur í fjölmenningarlegu umhverfi velkomnar í söguhringinn fyrsta sunnudag hvers mánaðar. „Á hverjum fundi fáum við eina konu til að segja sögu sína og eftir það er óformlegt spjall um allt mögulegt sem konunum liggur á hjarta. Auðvitað eru töluð önnur tungumál ef margar eru af sama þjóðerni en þetta er líka góður vettvangur til að miðla íslenskunni. Markmiðið er þó fyrst og fremst að eiga notalega samverustund."

Kristín segir listaverkið Tölum saman ótvírætt hafa skapað tengsl milli kvennanna og veitt þeim sjálfstraust og gleði.

gun@frettabladid.is

Þúsundasti Fuzzy

Sýning á viðhafnarúgáfu af Fuzzy-kollinum verður í Aðalstræti 10.

Sigurður Már Helgason hefur framleitt þúsundasta Fuzzy-kollinn. Sá er með rennda álfætur en hinn venjulegi gærukollur hefur fjóra ávala og sterka viðarfætur. Kollurinn með álfæturna er viðhafnarútgáfa af Fuzzy en hann er nú ásamt eldri útgáfum til sýnis á skörinni hjá Handverki og hönnun í Aðalstæti 10.

Sigurður, sem er húsgagnabólstrari, hannaði og smíðaði fyrsta Fuzzy-stólinn árið 1972. Þetta er lítill kollur með sútaðri lambsgæru. Sigurður notar gæruna óklippta eins og hún kemur af kindinni. Fæturnir eru renndir úr fjölbreyttum viðartegundum í líki vatnsdropa.

Nánari upplýsingar um kollinn má nálgast á www.fuzzy.is

Upprunalegur Fuzzy-kollur.

Allra veðra kápur
20% afsláttur

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

03.nóv Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
04.nóv Hreinsun Líffæra
Jónína Benediktsdóttir-aðgangur ókeypis
05.nóv Læsi á eigin líðan
Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur
09.nóv Matreiðslunámskeið 2 fyrir 1
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur
10.nóv Hvað er heilun
Kristján Viðar Haraldsson

Nýjar vörur

Glæsilegar dúnúlpur, yfirhafnir, húfur og hattar

TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16

Hugsaðu um heilsuna
maður lifandi

Ævintýralíf
Þriðjudagurinn 03. nóv.
kl: 17:30-19:30
í Borgartúni 24
Verð: 1.900.-

Lífið er ferðalag og þú getur stjórnað því hvort þú lendir í spennandi ævintýrum og lætur drauma þína rætast eða festist í gráum hversdagsleikanum.

Ekki fresta því að koma á hnitmiðaðann fyrirlestur um hvernig hægt er að hafa ótrúleg áhrif á daglegt líf þitt.

Fyrirlesari: Benedikta Jónsdóttir - Heilsuráðgjafi

Skráning: í síma 699-6416
benediktaj@hotmail.com—madurlifandi@madurlifandi.is

Tveir keikir kokkar, Torfi Arason og Addi kokkur, á Græna risanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenskt hráefni, ódýrt, gott og hollt

Græni risinn heitir nýr veitingastaður sem var opnaður nýlega í Ögurhvarfi í Kópavogi. Þar er hollustan í fyrirrúmi að sögn eigenda.

„Í dag er tískan íslenskt, ódýrt, gott og hollt. Það erum við að gera," segir Arnþór Þorvaldsson, Addi kokkur, á glænýjum veitingastað, Græna risanum í Ögurhvarfi í Kópavogi. „Við köllum okkur heilsusetur og reynum auðvitað að standa undir nafni. Það er engin óhollusta á matseðlinum, engin olía nema kókosolía, engin egg, sykur og hvítt hveiti. Bara ferskt grænmeti og sem fituminnst hráefni."

Addi lærði kokkinn í Múlakaffi fyrir 23 árum og hefur komið víða við síðan. Síðasta hálfa árið vann hann á hinum vinsæla veitingastað Saffran í Glæsibæ og sá um daglegan rekstur. Á nýja staðnum segist hann vera að fínpússa ýmsa þætti í rekstrinum sem honum fannst mega fínpússa. „Ég held við séum einn af glæsilegri stöðunum í þessum geira, erum á tveimur hæðum og útsýnið er frábært."

Á fjölbreyttum matseðli má meðal annars finna vefjur, fletjur, salöt, „pottaða rétti" úr tandoori-potti og ristaða rétti. Að ógleymdu bústinu. „Nú þarf ekki að fara niður í bæ eftir bústinu sínu," segir Addi. „Við reynum að gera vel í hverfisþjónustunni. Ég held að allir sem skoða matseðilinn okkar muni sjá að við erum sanngjörn." - drg

Evudætur prýða Akureyri

Þrjár vinkonur sem allar hafa unnið í fornversluninni Fríðu frænku í Reykjavík hafa opnað sýningu í Listasafni Akureyrar. Þar ganga gamlir hlutir í endurnýjun lífdaga og andi hins liðna svífur yfir vötnum.

Evudæturnar hafa allar starfað í verslunni Fríðu frænku þar sem gamlir hlutir koma upp úr glatkistunni.

MYND/TÓMAS JÓNSSON/KVIKA.IS

Listakonurnar eru þær stöllur Þórunn Elísabet Sveinsdóttir eða Tóta eins og hún er kölluð, Þorbjörg Halldórsdóttir sem gengur undir nafninu Tobba og Hrafnhildur Arnardóttir. Þær takast á við ólík mál þótt ýmislegt sameini þær einnig.

„Þetta ár hefur verið mikið kvennaár hjá safninu ef svo má segja," segir sýningarstjórinn Hannes Sigurðsson. Hann útskýrir því næst að listaárið á safninu hafi hafist á sýningu á verkum Margrétar Jónsdóttur leirlistamanns en í tilefni sýningarinnar gaf safnið út 200 síðna bók. Því miður verður að teljast harla óvenjulegt að safn veiti leirlistakonu svo mikla upphefð og segir Hannes að leirlist sé eitt þeirra listforma sem oft verði útundan og talað um á niðrandi hátt sem hannyrðir. Fleiri konur sýndu svo listir sínar á safninu í ár og þótti Hannesi við hæfi að listaárinu lyki á svipaðan hátt og það hófst, það er að segja með verkum sem eiga það til að verða útundan þegar rætt er um listir og eru eftir konur. Sýning Evudætra sé ein heildstæð innsetning en með þremur ólíkum konum sem sameinist þó á vissum sviðum.

Það er um Evudætur að segja að Þórunn hefur starfað innan leikhússins í hartnær þrjátíu ár og getið sér gott orð fyrir búningahönnun og sviðsmyndir. Tilfinning og efnismeðferð í myndlist Þórunnar hefur í öllum sínum fjölbreytileika og litadýrð lengst af verið nátengd ástríðu hennar fyrir búningum.

Hrafnhildur hefur búið og starfað í New York um langt skeið. Listamannsnafn hennar er Shoplifter, sem gæti útlagst búðarhnuplari á íslensku. Í verkum hennar er tekist á við fyrirbæri eins og hégóma, sjálfsmynd, fegurð og tísku og kemur hún með margvíslegum hætti inn á þráhyggju og blæti, afsprengi nútímalifnaðarhátta. Á undanförnum árum hefur hún unnið mikið með gervihár og náttúrulegt hár og búið til skúlptúra og veggmyndir sem minna á klifurplöntur. Úr verður skreytikennd fegurð sem býr jafnframt yfir ógnvekjandi draugalegum áhrifum, eins og segir í fagurlega hannaðri sýningarskránni.

Þorbjörg hélt ung til Mexíkó þar sem hún dvaldi í tólf mánuði og stundaði tónlistarnám og starfaði sem tónlistarþerapisti. Tímamót urðu í hennar lífi þegar hún kynntist Önnu í versluninni Fríðu frænku. Hún hóf að þróa myndlist sína í gegnum kynni sín af búðinni og vinnur hún nú mest með innsetningar og gjörninga, þá gjarnan í samvinnu við aðra listamenn.

Rithöfundurinn Sjón skrifar smásögu í sýningarskrána, sem er hönnuð af Kviku ehf. Sýningin stendur til 13. desember. Listasafnið á Akureyri er opið frá klukkan 12-17 alla daga nema mánudaga. Ókeypis aðgangur er í boði Akureyrarbæjar.

karen@frettabladid.is

Renndir og tálgaðir trémunir

Munir úr smiðju Jóns Guðmundssonar verða til sýnis í félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105 um helgina í tilefni af Menningardögum í Árbæ.



Jón Guðmundsson er plöntulífeðlisfræðingur og trérennismiður og vinnur eingöngu úr innlendum viði auk rekaviðar.

Á sýningunni gefur að líta fjölbreytta muni, skálar, lampa, vasa og styttur. Í tilkynningu frá Jóni lýsir hann vinnslu verka sinna þannig: „Innlendur/heimaræktaður viður getur verið mikilvægt hráefni í listsköpun svo og framleiðslu nytjahluta. Nýting þessa hráefnis er sjálfstætt markmið. Í lauftrjám má finna margs konar áferð, liti og mynstur. Við vinnslu viðarins er ávallt reynt að ná fram sérstöðu hvers viðarbútar, svo sem einstakt viðarmynstur. Suma viðarbúta er hægt að renna það þunnt að hægt er að nota þá í lampaskerma og nærri allir henta í skálar og krúsir. Einkenni rekaviðarins er að þar má finna maðksmogna búta, sem við vissar aðstæður fegrar hlutinn." - sg

JAFNVÆGI
HEILSURÆKT

6 vikna námskeið í STOTT PILATES hefjast 2. nóvember grunn-, framhalds- og karlatímar .

Skráning hjá Hrafnhildi i síma 894-1806
eða á vefsíðu www.jafnvaegi.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýkomið glæsilegt úrval af kvenskóm úr leðri og fóðraðir með flís.
Margar gerðir.

Stærðir: 36–42
Verð: 17.500.-

Stærðir: 36–41
Verð: 17.500.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Kristín Marja krufin til mergjar

RITÞING HELGAÐ KRISTÍNU MARJU BALDURSDÓTTUR.

Bækurnar Karitas án titils og Óreiða á striga eru á meðal þess sem fjallað verður um á ritþingi helguðu Kristínu Marju Baldursdóttur rithöfundi í Gerðbergi í dag.

Þar mun Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur lesa upp brot úr verkum Kristínar Marju. Ármann Jakobsson íslenskufræðingur og Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri verða í hlutverki spyrla.

Sýning Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Óreiðan – Söguheimur Karitasar, verður opnuð að þinginu loknu. Sýningin byggir á fyrrnefndum bókum Kristínar Marju um listakonuna Karitas og stendur til 3. janúar. Þess má geta að ókeypis aðgangur er á ritþingið, sem fer fram frá klukkan 13.30 til 16.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

Spænskukennari óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða vanan spænskukennara í hlutastarf næstu vorönn.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið ohj@hradbraut.is.

CENTER FOR ICELANDIC ART
KYNNINGARMIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR
CIA.IS

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar auglýsir eftir umsóknum um stöðu forstöðumanns.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar var stofnuð árið 2005 í því skyni að koma íslenskum myndlistarmönnum á framfæri erlendis. Stofnunin er sjálfstæð og fyrst og fremst fjármögnuð af menntamálaráðuneytinu. Allar helstu myndlistarstofnanir og -samtök á Íslandi eru aðilar að miðstöðinni.

Forstöðumaður er yfirmaður stofnunarinnar í fullu starfi, ráðinn af stjórn hennar til fimm ára í senn. Hann mótar starfsemi stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir henni gagnvart stjórn.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í listasögu, sýningarstjórn eða sambærileg menntun
- Öflug tengsl á sviði myndlistar s.s við erlend söfn, safnara, sýningarstjóra og annað fagfólk
- Reynsla af alþjóðasamskiptum
- Geta til að koma vel frá sér texta í rituðu og töluðu máli á ensku er skilyrði og þekking á Norðurlandatungum er kostur
- Skipulags- og rekstrarhæfileikar, svo og reynsla af fjáröflun

Umsóknir skulu sendar rafrænt til Halldórs Björns Runólfssonar, stjórnarformanns KÍM á netfangið board@cia.is, fyrir 23.nóvember 2009. Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar. http://www.cia.is/info/7.html

ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR

ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM FRAMKVÆMDASTJÓRI

Þingvallanefnd auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á heimsminjaskrá UNESCO og hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem verndarsvæði vegna einstaks menningarlandslags. Þjóðgarðurinn er undir stjórn Þingvallanefndar sem hefur m.a. það hlutverk að varðveita ásýnd þjóðgarðsins, viðhalda þar upprunalegu náttúrufari og dýralífi, stuðla að verndun Þingvallavatns og lífríkis þess og hafa eftirlit og umsjón með framkvæmdum innan þjóðgarðsins.

Starf þjóðgarðsvarðar felst í að annast og bera ábyrgð á rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum í umboði Þingvallanefndar. Þjóðgarðsvörður ber ábyrgð á fjárreiðum þjóðgarðsins og annast m.a. ráðningu starfsfólks, gerð fjárhags-, rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðgarðinn og er tengiliður á milli almennings, lóðarleiguhafa, ábúenda, sveitarfélagsins o.fl. og Þingvallanefndar. Hann hefur eftirlit með innheimtu lóðarleigugjalda og gjalda svo sem vegna tjaldsvæða og veiðileyfa. Þjóðgarðsvörður er ábyrgur fyrir þjónustu við ferðamenn og aðra gesti, sér um og skipuleggur fræðslustarf og viðhald göngustíga. Þjóðgarðsvörður sinnir öðrum verkefnum sem Þingvallanefnd felur honum og falla innan starfssviðs hans skv. reglugerð nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð og í samræmi við lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu verða hafðar til viðmiðunar við mat á hæfni umsækjanda og ráðningu í starfið:

- Háskólamenntun sem nýst getur í starfi, framhalds menntun er kostur
- Þekkingu á Íslandi, sögu lands og þjóðar, íslensku náttúrufari og íslenskri ferðaþjónustu
- Reynsla af stjórnunarstörfum, almennum rekstri, fjármálastjórn og mannaforráðum
- Þekking á umhverfismálum, náttúrutúlkun og/eða landvörslu er kostur
- Reynsla eða þekking á fræðslu til mismunandi hópa
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk Norðurlanda máls, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Stefnt er að því að ráða í starfið frá og með áramótum en fyrr ef kostur er. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Skriflegri umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Þingvallanefndar, Austurstræti 8, 150 Reykjavík, eigi síðar en 20. nóvember n.k. Upplýsingar um starfið veitir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, netfang alfheiduri@althingi.is, sími 8938866. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin.

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Efnaverkfræðingur

Vegna aukinna verkefna leitum við nú að efnaverkfræðingi til starfa á starfsstöð okkar á Akureyri.

Meðal verkefna viðkomandi má nefna:

- Rannsóknir og þróun endurnýjanlegs eldsneytis í samvinnu við atvinnulíf og háskóla
- Orkulíftækni
- Vinna tengd loftslagsmálum
- Meðhöndlun úrgangs og nýting
- Ýmis veruþróun

Hæfniskröfur:

- Meistaragráða í efnaverkfræði með áherslu á framleiðslu (e. process engineering)
- Gott vald á skrifaðri og ritaðri íslensku og ensku
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starf
- Starfsreynsla úr atvinnulífinu er æskileg

Á starfsstöð Mannvits á Akureyri vinna nú tveir efnaverkfræðingar. Auk þess vinna fimm efnaverkfræðingar í Reykjavík. Mannvit hefur rekið rannsóknarstofu á Akureyri síðan vorið 2008 þar sem m.a. hefur verið haft eftirlit með malbikslögnum og tilraunaframleiðsla lífdísils.

Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember nk.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is

Nánari upplýsingar veitir
Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.

VR FYRIRTÆKI 2009

Mannvit verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öfluga starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: Traust, víðsýni, þekking og gleði.

Mannvit hf. I Grensásvegi 1 I 108 Reykjavík I s: 422 3000 / f: 422 3001 I www.mannvit.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Hafnarfjörður
Sorphirða 2010-2013

Hafnarfjarðarbær auglýsir útboð vegna sorphirðu í sveitarfélaginu. Útboðið er tvíþætt og felur í sér eftirfarandi verkþætti :

- Hirðing húsasorps frá íbúðarhúsum og opinberum stofnunum
- Hirðing á flokkuðu sorpi frá opinberum stofnunum.

Útboðsgögn verða seld hjá Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2 og kosta 5.000 kr.

Tilboð verða opnuð þann 16. desember 2009 kl 11:00 á sama stað.

Útboðið er auglýst á EES.

PRESSAN
www.pressan.is

Pressan auglýsir eftir dugmiklu starfsfólki

- **Auglýsingahönnuður**
  Reynsla af Photoshop og Flash skilyrði.
  Vefhönnun, auglýsingahönnun og vefsíðugerð.
- **Fulltrúi á skrifstofu**
  Ritvinnsla og umsjón með föstum dálkum á Pressunni, símsvörun, skipulagning og margvísleg tölvuvinnsla.

Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð skilyrði.
Pressan er líflegur og skemmtilegur vinnustaður þar sem jafnan er unnið undir miklu álagi.
Taktu þátt í að byggja upp nýtt og spennandi fjölmiðlafyrirtæki.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist á Arnar Ægisson, framkvæmdastjóra, á netfangið arnar@pressan.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Veitingahúsið Einar Ben við Ingólfstorg auglýsir eftir yfirmatreiðslumeistara.

Kær vinur okkar og yfirmatreiðslumeistari Nico Vergnauld hefur ákveðið að hverfa á heimaslóðir til Frakklands. Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum matreiðslumanni til þess að taka við af honum og stjórna eldhúsi okkar. Framundan eru spennandi verkefni sem bíða þeim sem vill taka við.

Upplýsingar gefa Stefán veitingastjóri s. 693 6526 og Jóhann s. 770 4720

Einar Ben RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

HS Orka hf
óskar eftir að ráða í eftirtalinn störf

Starfsmaður gufuveitu Reykjanesi/Svartsengi

Helstu þættir starfsins eru:
- viðhald við gufuveitu orkuvera í Svartsengi, á Reykjanesi og hugsanlega víðar,
- rekstrarúrlausnir tengdum gufuveitu,
- nýsköpun í rekstri jarðgufveitu,
- viðhaldsaðgerðum er stýrt eftir ástandsmats- og fyrirbyggjandi vinnuferlum sem er tölvustýrt.

Hæfniskröfur:
- sveinspróf í vélvirkjun / járniðn,
- góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum,
- sjálfstæð og öguð vinnubrögð,
- góð verkkunnátta á svið járnsmíði og rörasuðu,
- haldgóð þekking á PC tölvum.

Rafvirkjar Reykjanesi/Svartsengi

Helstu þættir starfsins eru:
- viðhald og rekstur á skynjurum og öðrum búnaði er tengist kerfisráð orkuveranna,
- viðhald og rekstur á raforkuflutningskerfi orkuver s.s. rofa spenna ofl.,
- fyrirbyggjandi aðgerðir í lág- og háspennubúnaði orkuveranna,
- viðhaldsaðgerðum er stýrt eftir ástandsmats- og fyrirbyggjandi vinnuferlum sem er tölvustýrt

Hæfniskröfur:
- sveinspróf í rafvirkjun,
- góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum,
- sjálfstæð og öguð vinnubrögð,
- haldgóð þekking á PC tölvum.

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.
Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,
Verið velkomin

Óska eftir góðri sambyggðri smíðavél með góðu plötulandi. áhugasamir seljendur vinsamlegast sendið tölvupóst til frumskogar@frumskogar.is

Óska eftir bandsög og ýmsum öðrum föndurverkfærum. Uppl. í s. 891-6381.

Lítil rafskutla óskast keypt Uppl. í s. 891 8727.

FISKABÚR: Óska eftir 300-700 lítra Gler fiskabúri uppl í síma 8934890-8934891

Jólaskeiðar frá Guðlaugi óskast. Sendist á amb@syning.is

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Einnig harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.



Til Sölu. Gamall Brambach flygill. 142 cm. Spilhæfur en þarnast aðhlynn. 170þús. s. 869 2257.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Óska eftir að kaupa notaða súlubor vél og fleiri járnsmíðavélar. Uppl. í s. 897 6630.

Til bygginga

Ódýr sjálfreisandi krani: Liebherr 33K-30m bóma, fjarstýring, virkar vel. 990.000+vsk 824-0672.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

óska eftir mótatimbri 1 x 6 upplýsingar í síma 893-4602

Framleiðum setrusviðarklæðningar með bandsagaðri áferð í þeim prófíl sem þú óskar. Timbursmiðjan 8996778.

Til sölu

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

PARTÝBÚÐIN TVÖFALDAST: HEIL HÆÐ AF HREKKJAVÖKUBÚNINGUM, VAMPÍRUSKIKKJUR FRÁ KR. 1,490, ALLIR BARNABÚNINGAR 2,500 KALL . PARTÝBÚÐIN, FAXAFENI 11

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

J. B. HEILSULIND
Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

www.namskeid.is
ÖLL NÁMSKEIÐ Á EINUM STAÐ

Sushi námskeið, 2 dagar, 4 tímar í senn. Allt hráefni innif. í gjaldi, kostar 9.500 kr. Uppl. 896 1250

Kennsla

Námsaðstoð við grunn-, framhalds - og háskólanám. Nemendaþjónustan. S. 557 9233.

Flug

Tveggja sætja flugvél til sölu
Alon A2 Aircoupe. Góður tímasafnari, vélin er sundurtekin og í geymslu. Tilboð ósast. Uppl. í s. 898 0667 & peturbja@simnet.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum ofl S. 897 5484/897 3327.

Antík

Antík viðgerðir
Antik og húsgagnaviðgerðir. Áralöng reynsla og sérhæfður í handpóleringu. Ólafur sími 892 3041. Geymið auglýsinguna.

Málverk



ART67 glæsilegt gallerí á Laugavegi 67, málverk, leir og gler.
Opið virka daga 12.00-18.00, Laugard. 12.00-16.00

Dýrahald

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin.

Svartur Högni (Hrói) eins árs er búin að vera týndur síðan aðfaranótt 22 okt. búum í ásahverfinu í GBÆ (gamla hverfinu nær hraðbrautinni) hann er örmerktur, með græna ól með nafni, heimilsf. og símanúmeri. Ef einhver veit einhvað vinsamlegast hringið í síma 867 6051 eða kolla_e@hotmail.com Skráður á dýraspítalann í garðabæ.

Sankti-Ice.is / gudnyvala@islandia.is

Dvergschnauzer! Hvolpar væntalegir í byrjun Nóvember. Frábærir foreldrar og yndislegir fjölskylduhundar.Ættbók frá HRFI. Allar uppl. gefur Eyrún 6990108/ Guðný 8929132

dyrabaer.is
Vefverslun

Golden retriever hvolpur til sölu aðeins ein tík eftir ættbókafærð frá íshundum. Sprautuð og örmerkt í golden lit. S. 863 8596 123.is/madda

Am.cocker hvolpar til sölu. HRFI ættb. www.morgundaggar.bloggar.is eða 865 7830.

Miniature Pinscher
Hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir og með ættbók. Uppl. í s. 773 4991.

Persneskir kettlingar
Gullfallegir og himneskir loðboltar til sölu. Aðeins ein læða eftir. Aðeins gott heimili kemur til greina. S. 690 4716.

1/2 Labrador 1/2 Giant Schnauser þjálfaður veiðihundur fæst gefins vegna flutninga.Búr fylgir. Uppl. Karen 669-9373.

Fallegir fuglar til sölu með búri. Einnig stórt fuglabúr til sölu. Uppl. í s. 865 5524.

Ýmislegt

Til sölu búslóð sunnudaginn 1. Nóv kl. 14-17 verður opið hús að Laugarnesvegi 89 íbúð 105 þar sem flest allt verður til sölu. T.d. antík húsgögn, málverk, bækur og smádót. Sanngjarnt verð.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Rjúpnaveiðimenn athugið!!!

Ódýr gisting!!!
Ódýr og góð gisting í Víðigerði, Víðidal.
Upplýsingar og pantanir í s. 451 2592.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



WINSOR HILLS ORLANDO
Til leigu 5 og 6 herbergja hús, á þessum frábæra stað rétt hjá Disney. Húsin er með einkasundlaug og búin öllum þægindum. Hagstætt verð og góður afsláttur á frábæran golfvöll. Íslensk þjónusta á staðnum. Uppl. s: 898 6224 og 499 0755

Til leigu 70 fm, björt 2 herb. íbúð í fjölbýli við Fellsmúla. Glænýtt parket og endurnýjað baðherb. Laus strax. Aðeins reglusamt fjölskyldufólk kemur til greina. Leigist á 90.000 á mán. með hússjóði en án hita og rafm. Uppl. í s. 692 7618 og 662 6601

Til leigu ca 200 fm raðhús í Bryggjuhverfi 110 R. 175 þús. Uppl. s. 896-8030

Skemmtanir

Cafe Catalina
Í kvöld spilar
Hermann Ingi
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð
Boltinn í beinni!
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 80fm 3 herb. íbúð í Breiðholti með eða án húsg. Verðh. 110þ. með hita og húsg. S. 586 2019 & 698 1126.

4ra her. Áslandi, leiga m. hússj. 140þ. 3 mán trygging. Fyrsti mán frír. Búseti s. 520 5788.

5 herb. Áslandi, leiga m. hússj. 148þ. 3 mán trygging. Fyrsti mán frír. Búseti s. 520 5788.

3ja herb. 103 fm íbúð m/sérinng og verönd í N-bæ Hfj. Leiga 130þús. Uppl. í s. 891 6768.

4ra her. Álftanesi, leiga m. hússj. 138þ. 3 mán trygging. Fyrsti mán frír. Buseti s. 520 5788.

Stórt herb. til leigu í Stórholti, ódýrt, internet, eldhús og þvottahús. S. 899 3749 & 895 8698.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

City center - miðbær
Room all incl. no internet. Herb. með öllu. Uppl. í s. 860 0360.

Nokkur góð herb. í 104 Rvk., lækkað verð. Einnig bílskúr 35 fm. Uppl. í s. 697 8720.

Room for rent/herb til leigu in 101. Everything included. Nálægt lðnskólanum Uppl. í s. 692 1681.

2 herb studio íbúð 45 fm í Garðabæ laus núna um mánaðarmótin, sér inngangur, sér verönd, allt sér. uppl í s.824-5244

Góð stúdíóíbúð í Kóp. Sérinng. stofa, hol m.fatask. eldh.m.kælisk. & uppþv. baðh.m.glugga stórum sturtukl. tengi f.þvottavél. Laus fljótl.Leiga 73þ.

Lítil stúdíó íbúð í Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 50þ. með hússj. S. 895 0482.

Til leigu í hverageði 3-4 herb íbúð á góðum stað leiga 85 pr mán með hita s 8972681

Herbergi við Lokastíg 10 til 15 fermetrar kr 35.000. til 50.000. langtímaleiga 2 mánuðir fyrirfram sími 896 0242

Húsnæði óskast

Hún systir mín sem hefur búið í Ameríku í 50 ár vill taka á leigu ca. 3 herbergja íbúð í Reykjavík til ca. 6 mánaða. Hún er reglusöm og reykir ekki. Hún getur borgað 6 mánuðina fyrirfram en er til í að skoða þegar fram í sækir að vera lengur. Laugarnes er í uppáhaldi hjá henni. Ef þig vantar frábæran leigjanda þá hafðu endilega samband í síma 897 4589 eða á, sola@xnet.is

Óska eftir íbúð í kringum sv. 104. Greiðslug. 125 þús. 3ja herb. +. S. 615 4210.

Reglusöm og skilvís fjölskylda óskar eftir 4-5 herb. íbúð í Laugarnesi, frá áramótum. S: 847 4346, 665 8417.

Maður með 2 börn óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu í 101 eða 107. Langtímaleiga. S. 8400954

4 manna fjölskylda óskar eftir að taka á leigu sérbýli á Höfub.sv. Reglusöm og örugg greiðslur. Uppl. í s. 862 5018.

Lítil fjölskylda óskar eftir íbúð í Rvk101,104,105,107.Max100þús. Langtímaleiga.Kári 856-9677/551-2113

Húsnæði til sölu

Björt og falleg 70 fm 2 herbergja íbúð til leigu á neðri hæð í einbýlishúsi með sérinngang. Parket á gólfi, mikið skápapláss og stórt og gott þvottahús. Verð 95 þúsund innifalið hiti og rafmagn LAUS STRAX. Uppl í síma : 694 2526.

Fasteignir

BÚJÖRÐ ÓSKAST
Fjölskyldufólk óskar eftir bújörð í skiptum fyrir2ja hæða einbýlishús í Hafnarfirði ásamt bílskúr makaskipti. Uppl. í sima 695 3744.

Atvinnuhúsnæði

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

Geymsluhúsnæði

Sparaðu þér sporin
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Bílskúr

25 fm bílskúr til leigu í Grafarholti laus strax. Leiga 25.000. Uppl. í s. 864 2979.

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Tilkynningar

Cafe Catalina

HEILSUGÆSLAN

HEILSUGÆSLAN – hápólitískur gamanleikur

Heilsugæslan er gamanleikur og öll hlutverk í höndum tveggja leikara, þeirra Elfars Loga Hannessonar og Margrétar Sverrisdóttur. Sýningar er ein klukkustund. Heilsugæslan er hápólitískt leikrit og umfjöllunarefnið brennandi á íslenzku þjóðfélagi, ekki sízt núna, í skugga niðurskurðar. Heilsugæslan er fyrir alla!

Sýnt í Catalínu. Uppselt í kvöld, næstu sýningar 27. og 28. nóvember.
Miðasala hafin í Catalínu, Hamraborg 11. S: 554-2166.

Skammtímaleiga í 101
íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Kökuhornið Bæjarlind
Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30. Ekki yngri enn 18 ára og íslenskukunnátta skilyrði.
kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Ingibjörg

Trésmiður
Rótgróið verkstæði vantar trésmið, vanann verkstæðisvinnu. S. 660 3533.

Lítill veitingastaður í miðborginni óskar eftir árrisulum og röskum starfsmanni. Vinna ýmist í sal eða eldhúsi. Vaktavinna. Opnunartími 7.15-15.00 Uppl. graikotturinn97@gmail.com

Aukavinna- Uppgrip
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í S. 868 4551.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí.Vinnutími frá 07-13/13-18.30. Helena simi: 699-5423

Okkur vantar gott fólk til kynninga á matvöru. Vinnutími áætlaður 13:30-18:30 virka daga og 11-15 um helgar. Umsóknir sendist á: gottstarf@visir.is

Óska eftir aðstoð normanns við talmál (norska) og bréfaskriftir. Uppl. í s. 699 0472.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Viðskiptatækifæri

Viltu skapa þér eigin atvinnu? Til sölu Fortron F 810 10 nála merkjasaumsvél ásamt fylgihlutum sem m.a eru 10 rammar þ.m.t peysu-og derhúfurammi, hundruði tvinna og tugi fyrirtækja logo t.d. Frábært viðskiptatækifæri. Verðh. 3.8m S;695-0304 eða sigrunasta81@simnet.is

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

TILKYNNINGAR

Einkamál

Við erum hérna yndislegar dömur og langar til að heyra í þér .
Hringdu!!! okkur hlakkar til að heyra í þérr. Hver verður daman þín í kvöld?
Sími 908 6666 - 908 2000.

Símadömur 908 1616
okkur langar að heyra í þér !

Ertu einhleyp/ur? Langar þig að komast í kynni við konu/karl? Hafðu samband í s. 587 0206 eða trunadur@simnet.is

Fundir

Boðun aukaaðalfundar F4x4. Samkvæmt ákvörðun síðasta aðalfundar F4x4 er hér með boðað til aukaaðalfundar laugardaginn 7. nóvember 2009 kl. 14:00 í húsnæði félagsins að Eirhöfða 11, Skemma 3. Dagskrá: Setning fundar og dagskrá kynnt. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Lagabreytingar. Önnur mál. Stjórn Ferðaklúbbsins 4x4.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fasteignir

OPIN HÚS Á SUNNUDAGINN

17. JÚNÍTORG 7 Í GARÐABÆ
Milli kl. 13-13:45

Sjáland í Garðabæ - 50 ára og eldri . Einstaklega falleg og vel staðsett 145 fm, 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu í fallegu lyftuhúsi við Sjáland í Garðabæ. Íbúðin stendur á fallegum stað í Sjálandinu. Íbúðin er endaíbúð með gluggum á þrjá vegur og svalir bæði til suðurs og norðus. Íbúðin er öll hin glæsilegasta með fasaðri plankaeik á gólfum og fallegum eikar innréttingum sem eru ríkulegri en gert var ráð fyrir í byrjun.

ÁRAKUR 4 Í GARÐABÆ
Milli kl. 14-15:00.

Arnarneshæðinni í Garðabæ. Fullbúið raðhús með öllu. Nútímalegt og fallegt 232 fm funkis raðhús, tvílyft, sem byggt er á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsið er klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefur því nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald. Lóðin er að fullu frágegnin. Að innan er húsið fullbúið með gólfefnum, uppþvottavél og ísskáp. Frábær eign á hægstæðu verði.

HÚSAKAUP
Farsæl miðlun fasteigna
Jón Gretar Jónsson, löggiltur fasteignasali
GSM. 617-1800

FOLD FASTEIGNASALA
Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is
Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

Bræðraborgarstígur 49 - 101 Reykjavík
Opið hús í dag, laugardag frá kl 14-14:30

Falleg og mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð Nýtt eldhús og baðherbergi. Vönduð gólfefni. Björt íbúð á besta stað í Vesturbænum. Göngufæri í miðbæinn og Háskólann. **Lækkað Verð 16.900.000.- Tvnr. 8248**
Verið velkomin milli 14 og 14:30 í dag.

Grenimelur-jarðhæð:
Ca. 87 fm. björt og falleg jarðhæð á góðum stað vestarlega við Grenimel. Íbúðin er í dag notuð sem 2 stofur, svefnherbergi, eldhús og bað en hefur ýmsa nýtingarmöguleika. Sérinngangur og góð suðurveröndd. **Verð 23,9 millj.**

Hafið samband og skráið eignina hjá Fold-fasteignasölu.

BERG FASTEIGNASALA
Bolholt 4 • Sími: 588 5530
berg@berg.is • www.berg.is
Fax: 588 5540
Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

Einidal 11 Njarðvík.
Opið hús: Sunnudaginn 1. nóv. Kl. 14.00 til 16.00

Einbýlishús á einni hæð 179,8. fm og innbyggður 41,2 fm bílskúr alls 221 fm. Húsið er fullbúið að utan steinað í ljósum lit. Þak og Þakkantur frágengin klæddur með lituðu áli. Lóðin er náttúruleg með berjalyngi. Gluggar eru glerjaðir og hurðir ikomnar og frágengngar. Að innan er húsið tilbúið til spörslunnar, málunnar og innréttinga. Í Húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofur, sjónvarpshol, eldhús með góðum borðkrók, tvö baðherbergi, forstofa og gangur. Gengið er út i garð frá eldhúsi og stofu. Glæsileg eign.
Daniel G. Björnsson sýnir eignina. S: 897-2593
BERG fasteignasala stofnuð 1989

Til leigu / Sölu

Til leigu/sölu
Vesturgata 6-10a

Vesturgata 6-8 1000m2

Vesturgata 6-8 er fullbúið 1000m2 veitingahús með öllum tilskyldum leyfum. Húsið hentar undir ýmsa starfsemi, s.s. verslun, þjónustu, skrifstofur o.s.frv.

Vesturgata 10-10a 500m2

Vesturgata 10 og 10a eru samtals 500m2 og eru innréttuð á smekklegan hátt.

Möguleiki á að leigja/kaupa í heild eða að hluta.
Upplýsingar í S: 861 3889

Vantar þig atvinnuhúsnæði sem hentar þínum rekstri?

- Skrifstofuhúsnæði við tjörnina 360m2
- Veitingahús í miðborginni með leyfi fyrir 150 manns
- Skrifstofuhúsnæði Sundagörðum fullbúið vandað skrifstofuhúsnæði 250-1500m2 - næg bílastæði - að gangur að góðu mötuneyti fyrir starfsfólk
- Vöruhús við Sundahöfn með öllum búnaði ásamt stórum frystiklefa og fullbúnum skrifstofum 3800m2 - Möguleiki að leigja í heild eða hluta Selfoss 2000m2 lagerhúsnæði - hagstæð leiga

Upplýsingar í s. 861 3889

Eignatorg Sími 510 3500
Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

Eignatorg kynnir: Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með nátturuflísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sér Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Verð 20,9
Opið hús á SUNNUDAGINN 1/11 milli kl. 15:00-16:00 Hraunbæ 34 3.h.h. 110 RVK
Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is



Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

THE NORTH FACE

THE NORTH FACE

Nýju haustvörurnar frá North Face eru komnar.



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 47490 10/09

umburðarlyndi

mikilvægt í daglegu lífi

EINELTI KANNAÐ Olweusaráætlunin gegn einelti er við lýði í fjölmörgum skólum. Í skólum sem hafa tekið hana upp verður næstu tvær vikur lögð könnun fyrir alla nemendur í 4. til 10. bekk þar sem einelti verður kannað. Niðurstöðurnar verða eflaust forvitnilegar og gagnlegar.

Einelti - hvernig á að þekkja einkennin?

Hvað er einelti?
Einelti er ofbeldi sem aldrei er réttlætanlegt. Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu áreiti og á erfitt með að verjast því. Sá sem er sterkari, árásargjarnari og frakkari níðist á þeim sem er líkamlega/félagslega veikari. Gerandinn misbeitir valdi gegn þolandanum.

Hvaða áhrif hefur einelti?
Einelti veldur þjáningum sem geta fylgt þolandanum ævilangt. Rannsóknir sýna að margir þeirra sem hafa orðið fyrir langvarandi einelti hafa brenglaða sjálfsmynd og lítið sjálfstraust. Þeir eru líklegri en aðrir til að eiga við geðræn vandamál að stríða síðar á lífsleiðinni. Stundum verður niðurbrotið algert og eineltið leiðir til sjálfsvígs en bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli eineltis og sjálfsvígshugsana, sjálfsvígstilrauna og sjálfsvíga.

Hvaða einkenni sýnir barn sem verður fyrir einelti?
- Það vill ekki lengur fara í skólann.
- Það kvartar oft undan maga- eða höfuðverkjum og er lystarlaust.
- Það sefur illa, fær martraðir og grætur jafnvel í svefni.
- Barnið er niðurdregið, virðist óhamingjusamt eða er þunglynt.
- Það fær lélegri einkunnir og áhugi á skólanum dvínar.
- Það kemur heim úr skóla eða tómstundastarfi skítugt, blautt eða í rifnum fötum. Skólabækurnar eru skemmdar og hlutir týnast. Barnið getur ekki gert almennilega grein fyrir því sem gerðist.
- Það getur ekki gefið trúverðuga skýringu á mari, skeinum og sárum.
- Það er alltaf eitt, bekkjarfélagar/leikfélagar koma ekki lengur heim með barninu.
- Það hnuplar eða biður um meiri peninga en það er vant (til að blíðka þá sem leggja það í einelti).

Hvað er hægt að gera komi upp grunur um einelti?
- Ræða við barnið og komast að því hvort grunurinn reynist réttur.
- Leita ráða, til dæmis hjá námsráðgjafa eða sálfræðingi.
- Hafa samband við umsjónarkennara eða skólayfirvöld.
- Leita til fræðsluyfirvalda, standi viðbrögð skóla ekki undir væntingum.
- Fá upplýsingar og ráð hjá menntamálaráðuneytinu, Heimili og skóla eða Olweusaráætluninni gegn einelti.

Heimild: Einelti – fræðsluhefti Heimilis og skóla. Nánar á síðu: http://heimiliogskoli.is/einelti

Margrét Grímsdóttir Sonur hennar varð fyrir einelti en þegar upp komst var tekið á því hárréttum tökum að hennar mati. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sonurinn var lagður í einelti

Níu ára sonur Margrétar Grímsdóttur lenti í einelti í skóla sínum nýfluttur með fjölskyldunni frá Bandaríkjunum. Margrét þakkar mjög snörpum viðbrögðum kennara hans að það tókst að taka í taumana og stöðva eineltið.

Margrét og fjölskylda hennar höfðu búið um árabil í Bandaríkjunum þegar þau fluttu aftur heim til Íslands. Sonur hennar níu ára hóf nám í hverfisskólanum í Hafnarfirði og aðlögun hans að bekknum gekk í fyrstu vel. „Síðan gerist eitthvað, krakkarnir í bekknum höfðu meira og minna verið saman síðan í leikskóla og honum gekk illa að komast inn í stóra hópinn. Það þróaðist svo á verri veg og brátt var það þannig að hann fékk ekki að vera með í fótbolta, krakkar sem sögðust ætla að leika við hann sviku það og þar fram eftir götunum.“

Margrét segir að hún hafi ekki gert sér grein fyrir því um haustið að sonurinn væri lagður í einelti, hún vissi að honum var strítt en vissi ekki hversu alvarlegt málið var fyrr en í jólafríinu. „Þá fór hann að segja mér betur frá því sem var að gerast í skólanum. Kvöldið áður en skólinn hófst eftir jólafrí brotnaði hann svo alveg saman, grét og vildi alls ekki fara í skólann. Nokkrum dögum síðar varð hann veikur og þá notaði ég tækifærið og talaði við kennarann hans.“

Margrét segir það samtal hafa verið frábært. Kennarinn, Hellen S. Helgadóttir, tók henni mjög vel en hún hafði þá einmitt sjálf tekið eftir því að ekki var allt með felldu í samskiptum krakkanna við strákinn. „Hún sagði við mig að hún myndi tala við bekkinn og stöðva eineltið,“ segir Margrét. Samtal kennarans við bekkinn var árangursríkt og eftir að strákurinn sneri aftur í skólann hafði viðmót krakkanna breyst til batnaðar. Smám saman eignaðist svo sonur hennar vini í bekknum og líf hans snerist til betri vegar.

„Það er skelfilegt að sjá barnið sitt brotna svona saman. Við íhuguðum að skipta um skóla eða flytja bara aftur til Bandaríkjanna,“ segir Margrét, sem telur viðbrögð kennarans hafa skipt algjörum sköpum til að málin leystust farsællega. Sem mark um umskiptin þá vildi drengurinn ekki skipta um skóla um vorið. „Kennarinn hlustaði og brást hárrétt við og krakkarnir tóku strax við ábendingum hennar. Þessi saga er auðvitað líka styrkleikasaga fyrir krakkana í bekknum,“ segir Margrét þakklát fyrir að strákurinn hennar á marga vini í skólanum í dag. *sbt*

Átak gegn einelti

Heimili og skóli, landssamtök foreldra, standa fyrir átaki gegn einelti skólaárið 2009 til 2010. Átakinu var ýtt formlega úr vör þriðjudaginn 27. október með kynningu nýs fræðsluheftis fyrir foreldra um einelti. Heftinu er ætlað að auka þekkingu á einelti og hjálpa foreldrum að öðlast betri skilningi á líðan barna sinna. Ekki er vanþörf á umræðu um einelti að mati Heimilis og skóla þar sem um fimm þúsund grunnskólabörn eru lögð í einelti á hverju ári hér á landi. Rannsóknir sýna að líkur eru á að einelti aukist í kjölfar kreppu og bágs efnahagsástands.

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 47670 1009

Við viljum sjá þig

Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.

Nýi Kaupþing banki ætlar í samstarfi við Umferðarstofu og lögregluna að gefa endurskinsmerki, sem nálgast má í öllum útibúum bankans. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans, geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merki sent.

UMFERÐARSTOFA

Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi

NÝI KAUPÞING BANKI

lestur
er bestur...

SÍUNGAR SÖGUHETJUR Klassískar barnabækur státa margar hverjar af ógleymanlegum söguhetjum sem hitta í mark hjá börnum í áratugi. Emil í Kattholti er ein þeirra, en strákurinn úr Smálöndum hefur glatt börn síðan 1963, Lína langsokkur er frá árinu 1945. Íslensku bræðurnir Jón Oddur og Jón Bjarni komu fram á sjónarsviðið á áttunda áratugnum og svo mætti lengi telja.



BÓKIN

Gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn Í byrjun nóvember kemur út barnabókin Glingló, Dabbi og Rex – Ævintýri í Eyjum. Þetta er þriðja bókin í bókaflokknum Grallarasögur þar sem sögupersónur fræða unga lesendur um raunverulega ævintýrastaði og gefa ímyndunaraflinu um leið lausan tauminn. Grallararnir eru rammíslenskir og stoltir af landinu sínu.

Selma Hrönn Maríudóttir, vefhönnuður og rafeindavirki, er hugmyndasmiður verksins. Hún samdi vísur og texta í bókunum og sá um hönnun og uppsetningu á vefnum www.grallarar.is sem styður við bækurnar. Sögupersónur eiga sér lifandi fyrirmyndir og byggja á gæludýrum höfundar. Teikningar eru eftir Brynhildi Jenný Bjarnadóttur en hún hefur lokið mastersnámi í teiknimyndagerð.

Bækurnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 2-6 ára. Sögurnar eru í vísnaformi og vel til þess fallnar að auka orðaforða barna en einnig sagðar á einföldu máli fyrir yngstu lesendurna.

Útgáfan hlaut styrk frá Menningarráði Suðurnesja. *-gun*

Barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni

Á morgun klukkan tvö verður boðið upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Leiðsögnin er að þessu sinni ætluð börnum á aldrinum 9-12 ára. Ferðalagið hefst á slóðum landnámsmanna á 9. öld. Þaðan liggur leiðin gegnum sýninguna og 1.200 ára sögu þjóðarinnar fram til nútímans. Á Þjóðminjasafninu er endalaus uppspretta skemmtilegra muna sem flestir hafa áhugaverða sögu að baki. Leitað verður svara við ýmsum spurningum er vakna frammi fyrir gripum fortíðarinnar. Af hverju voru landnámsmenn oft grafnir með hestunum sínum? Hvers vegna eru rúmin í baðstofunni svona lítil? Hvernig var fyrsti fáni Íslands? Leiðsögnin tekur um 45 mínútur.

Nýtt og traust umboð fyrir JCB á Íslandi

Frum

VÉLFANG – VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
www.velfang.is • velfang@velfang.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bókafólk Þau Jakob og Jenna hafa bæði taugar til Öddu litlu og telja sögurnar af henni standast vel tímans tönn.

Adda mætir á ný til íslenskra barna

„Ég hef aldrei skrifað orð sem ég hef ekki haft lífsreynslu fyrir," segir rithöfundurinn Jenna Jensdóttir sem enn situr við skriftir á degi hverjum komin á tíræðisaldur. Ugla bókafélag gefur nú bækur hennar um Öddu út á nýjan leik, en þær hafa verið ófáanlegar.

Adda litla var ekki nema fjögra ára. Samt mundi hún vel eftir þeim degi þegar hún kom til Birnu gömlu. Það voru tvö ár síðan, sagði Birna henni. En Adda mundi ekki hvar hún hafði átt heima áður. Hún mundi samt óljóst eftir ungri, ákaflega góðri konu sem hún hafði kallað mömmu."

Svona byrjar sagan hennar Öddu litlu sem íslensk börn lásu sér til skemmtunar áratugum saman. Hjónin Jenna og Hreiðar skrifuðu um hana sjö bækur og fylgdu henni frá fjögurra ára aldri fram undir tvítugt. Tvær fyrstu bækurnar eru væntanlegar á markað eftir nokkra daga með upprunalegum myndum eftir Halldór Pétursson. Þær heita Adda og Adda og litli bróðir. Þar með gefst nýjum kynslóðum kostur á að kynnast þessari telpu sem jafnan hefur náð að heilla lesendur með einlægni sinni og uppátækjum.

„Adda hefur marga góða kosti en er ekki gallalaus fremur en önnur börn. Hún glímir við ýmsa erfiðleika en fær leiðbeiningar og hjálp frá vönduðu, fullorðnu fólki." Þannig farast höfundinum, Jennu Jensdóttur, orð þegar hún er beðin um örstutta lýsingu á Öddu. Spurð um fyrirmynd að aðalpersónunni svarar hún: „Ég hef aldrei skrifað orð sem ég hef ekki haft lífsreynslu fyrir. Sjálf var ég unglingur þegar móðir mín dó frá sjö börnum, því yngsta í vöggu. Þá fór ég að heiman. Síðar giftist ég Hreiðari Stefánssyni sem nú er látinn. Hann var með skóla á Akureyri fyrir fimm og sex ára börn í 21 ár og þá var ég með þeim í gleði og sorg og foreldrum þeirra frábærar sögur, skrifaðar á vönduðu og góðu máli, og eiga við á öllum tímum," segir Jakob. „Ég gaf út Pollýönnu í fyrra og hef verið að horfa í kringum mig eftir sígildum verkum. Mér finnst Öddubækurnar vera í sérflokki hér á Íslandi. Þær fjalla af næmni um samskipti barna innbyrðis og barna og fullorðinna. Adda litla átti erfitt uppdráttar og var breyskt barn. Það var gömul og geðvond kona sem annaðist hana í upphafi en hún fékk góða fósturforeldra. Þetta er þroskasaga ungrar stúlku."

Adda og Adda og litli bróðir Fyrstu bækurnar tvær eru nú komnar út á ný.

Jenna er komin yfir nírætt og fæst enn við ritstörf. Fer á fætur klukkan fimm, eins og hún kveðst hafa vanist á þegar hún skrifaði sem mest. „Ég gat ekki skrifað nema frá fimm til hálf átta og svo stundum á sumrin. Ég var að kenna og ala upp börn. En skriftirnar sækja á mann eins og þorsti."

60 ÞÚSUND EINTÖK Öddu-bækurnar hafa verið prentaðar margoft og selst í um 60 þúsund eintökum alls.

Þær eru líka. Maður lærir á því. Allir eru lopanum sínum háðir."

Það er Bókafélagið Ugla, útgáfufyrirtæki Jakobs F. Ásgeirssonar, sem gefur Öddubækurnar út. Jakob segir þær klassískar barnabókmenntir, enda meðal þeirra vinsælustu sem komið hafi út hér á landi. „Þær hafa selst í yfir sextíu þúsund eintökum þegar allt er talið," upplýsir hann en segir þær síðast hafa verið prentaðar fyrir 10-20 árum og þá með öðrum teikningum.

Bækurnar um Öddu heita: Adda, Adda og litli bróðir, Adda lærir að synda, Adda í kaupavinnu, Adda kemur heim, Adda í menntaskóla og Adda trúlofast. „Þetta eru

Jenna hefur tekið tölvutæknina í þjónustu sína enda kveðst hún ekki lengur hafa sjón til að lesa á bók og beita ritfangi. „Eitt af því sem ég hlakkaði mest til var að fá einhvern tíma frið til að lesa og skrifa," segir hún. „Þetta er dálítið hlægilegt. Maður miðar við eitthvað í lífinu en ræður ekki för sinni sjálfur. Þá er bara að velja á næstu krossgötum og við tekur eitthvað gott." *- gun*

FRAMHALD AF FORSÍÐU

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hluti hópsins Á myndinni má sjá frá vinstri Patrick Immer ásamt dóttur sinni Arielle, Margréti Kristínu Sigurðardóttur ásamt syninum Ágústi Erni, Kristínu Sigurðardóttur ásamt Dagmar Völu og Stefáni, Lindu Mjöll Stefánsdóttur ásamt syninum Alexander og Lovísu Sigurðardóttur ásamt syninum Jökli.

menntaður í fræðum Rudolfs Steiner og vildi vinna að hugmyndum um fjölskylduhús út frá hugmyndum Steiners um garð bernskunnar. „Hann vinnur þó út frá víðara sjónarhorni núna," segir Linda. „Við Patrick hittumst fyrir tveimur árum og fórum alveg á flug í hugmyndavinnunni," segir Linda Mjöll. Hún bætir við að fjölgað hafi í hópnum eftir að fyrstu skrefin voru stigin; ýmsir vilji vinna að fjölskylduvænum stað í miðborginni þar sem hægt sé að koma saman, ræða málin, leika sér og fræðast.

„Við erum öll í krefjandi störfum annars staðar, en viljum jafnframt nota orkuna okkar í í þetta verkefni. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá fólki sem er til í að halda fyrirlestra í Fjölskylduhúsinu og leggja okkur lið á einn eða annan hátt."

Fjölskylduhúsið Memm

Hugmyndin um fjölskylduhúsið komst á enn frekara flug þegar Linda Mjöll las auglýsingu um styrkveitingar Reykjavíkurborgar undir heitinu Enn betri Reykjavík. Sá styrkur hefur að vísu ekki fengist enn því verið er að fara yfir umsóknina. Linda Mjöll segir hins vegar að verkefnið hafi passað svo fullkomlega að lýsingunni að aðstandendur fengu aukna trú á því þegar þeir sáu að það væri virkilega í takt við tímann.

Nýlega var svo Facebook-síða hússins sett á laggirnar. Þar var meðal annars óskað eftir nafni á það og varð nafnið Memm fyrir valinu. „Það segir svo margt, meðal annars um andrúmsloftið sem við viljum ná, viltu vera memm, viltu vera með okkur?"

Te og kaffi í samstarf

En hvernig verður svo Fjölskylduhúsið Memm nákvæmlega og hvar verður það til húsa? „Við erum ekki komin með örugga staðsetningu, en viljum vera í miðbænum, í Þingholtunum," segir Linda Mjöll. Í því verður kaffihús, sem rekið verður í samstarfi við Te og kaffi. Það verður hannað að innan af Lindu Mjöll, sem ætlar að nýta þekkingu sýna við leikmyndagerð, rétt eins og hún gerði í kjallara áðurnefndrar verslunar, Liggalá, en þar var aðstaða fyrir börn. Andrew Burgess arkitekt og Daníel Hjörtur Sigmundsson skúlptúristi vinna einnig að hönnun Fjölskylduhússins.

Draumurinn er svo að hafa skemmtilegt og frumlegt leiksvæði í kringum húsið. Starfsemin á svo að vera af ýmsum toga. Mömmumorgnar verða við lýði og ýmiss konar námskeið. Einnig er staðurinn einfaldlega hugsaður fyrir foreldra sem vilja slappa af í mjög barnvænu umhverfi, kíkja í blöð eða á netið en sjá börnin við leik á sama tíma. „Framtíðarsýnin er svo auðvitað að opna fleiri Fjölskylduhús um allan bæinn," segir Linda að lokum full af bjartsýni, enda tímarnir góðir fyrir fjölskyldur. *- sbt*

Hugmyndafræði Memm

Húsið mun gefa börnum og foreldrum frá unga aldri miðstöð fyrir lífsgleði og jákvæðan lifnaðarhátt. Miðstöð sem hefur að geyma ólíka lagskipta starfsemi sem er í grunninn öllum gjaldfrjáls, foreldrar geta sem sagt sótt stað með börnum sínum án þess að peningar þurfi að koma við sögu. Því verður ókeypis aðgangur að leikaðstöðu, leshorni, útileiksvæði og fleira. Sem liður í að skapa beinar tekjur væru einnig haldin þar námskeið. Eitt af markmiðum hússins er að gera Reykjavíkurborg að fjölskylduvænni borg, þar sem meðvitund og virðing sé við umhverfi okkar og aðhlynning að fólkinu sem þar býr. Hægt er að hafa samband með tölvupósti í fjolskylduhus@gmail.com eða í gegnum Facebook en síða hússins heitir Fjölskylduhúsið.

ENSKA ÁN ERFIÐIS

Frábær leið til þess að læra ensku
þegar þér hentar, hvar sem þú ert
Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum

Hlusta: Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

Lesa: Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

Tala: Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

Aðstoð: Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799

Tungumál.is

BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI

BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009. Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%. Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 987 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ

GAGN&GAMAN

Konan sem kyssti of mikið
Hallgrímur Helgason hefur sent frá sér margar skáldsögur, en nú er sú fyrsta komin út sem er sérstaklega fyrir börn: Sagan um konuna sem kyssti of mikið. Í henni segir frá afleiðingum þess þegar heimilisfaðirinn í bókinni eignast nýja og frábæra konu, afleiðingarnar eru nefnilega býsna dramatískar, fyrir hann og börnin, og plánetuna í heild sinni! Hljómar skemmtilega fyrir alla, karla, konur og krakka.

Jól í skókassa Jólagjafir í skókassa hafa mörg undanfarin ár glatt börn í Úkraínu. Nú stendur söfnun á jólagjöfunum sem hæst en það eru KFUM og KFUK og biblíuleshópurinn Bleikjan sem eiga heiðurinn af framtakinu. Í fyrra söfnuðust nær fimm þúsund skókassar og er stefnt að því að gera enn betur í ár. Mælst er til þess að áhugasamir setji tannbursta og tannkrem í pakkana, leikföng og föt og merki fyrir hvaða aldur og kyn þeir eru hugsaðir. Á heimasíðu verkefnisins www.skokassar.net eru nánari upplýsingar um verkefnið.

Brúnn bleikur banani Margir foreldrar lenda eflaust í því að verða uppiskroppa með hugmyndir þegar kemur að því að syngja fyrir ungviðið, og þreyta bæði sjálfa sig og afkvæmið með því að syngja sömu örfáu lögin aftur og aftur. Síðan www.bornogtonlist.net getur þar komið til hjálpar en á henni er að finna texta og lög fyrir börn auk hugmynda um ýmiss konar leiki sem henta í leikskólastarfi.

ICE
WEAR
... við allar aðstæður

Susanna
Loð-Softshell, 3ja laga
- Vatnsheld
- Vindheld
- Einstaklega mjúk og þægileg að innan
- Teygjanlegt efni sem auðveldar hreyfingu
- Tveir hliðarvasar með laserskurði
- Beygðar ermar sem auðvelda alla hreyfingu

Stærðir: XS-XL

Verð: 19,900

ICEWEAR ÍSLENSK HÖNNUN

hönnun: www.skissa.net

ICEWEAR flíkur fást á eftirtöldum stöðum:

REYKJAVÍK:
Handprjónasambandið, Laugavegur 64
The Viking, Hafnarstræti 3
The Viking, Laugavegur 1
Islandia, Kringlan
Icefin, Nóatún 17
Ull og Gjafavörur, Hótel Saga
Ísey, Laugavegur 23
Hitt hornið, Laugavegur 100
Álafoss, Mosfellsbær

UTAN REYKJAVÍKUR:
Bláa Lónið, verslun
The Viking, Hafnarstræti 104, Akureyri
Sport og útivist, Á stéttinni, Húsavík
Selið, Mývatn
Mývatnsmarkaður, Mývatn
Gullfosskaffi, Gullfoss
Geysir verslun, Haukadal
Byggðasafnið, Skógar
Víkurprjón, Vík í Mýrdal

Drífa ehf, Suðurhraun 12 C, 210 Garðabær, Sími 555 7400, Fax. 555 7401, icewear@icewear.is, www.icewear.is

512 50 50 Auglýsingasími



– Mest lesið

SALTKJÖT, BLANDAÐ
695 kr/kg
~~1.086 kr/kg~~
36% afsláttur
GOÐI

Ódýrt að versla!

GRILLBORGARAR, 4 stk.
448 kr/pk
~~659~~ kr/pk
32% afsláttur
GOÐI

KRYDDAÐ ROAST BEEF
1.667 kr/kg
~~2.778~~ kr/kg
40% afsláttur
GOÐI

UNGNAUTAHAKK, magnp.
799 kr/kg
~~948~~ kr/kg

30% afsláttur
GRÍSASNITSEL Í RASPI
frystivara
1.259 kr/kg
~~1.798~~ kr/kg
KJÖTSEL

42% afsláttur
BRAUÐSKINKA
695 kr/kg
~~1.198~~ kr/kg

HANDSÁPA m/dælu 300ml
299 kr/stk
~~399~~ kr/stk
25% afsláttur

30% afsláttur
BACON
1.154 kr/kg
~~1.649~~ kr/kg

40% afsláttur
PIK-NIK
kartöflusnakk 255g
359 kr/stk
~~598~~ kr/stk

SAFARÍKT MANGÓ
148 kr/kg
~~295~~ kr/kg
50% afsláttur

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 31. október - 1. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

EKKI MEÐ SAMVISKUBIT Daniel Brühl segir Þjóðverja af sinni kynslóð ekki rogast með samviskubit yfir því einu að vera Þjóðverjar. Þeir séu stoltir af sögu sinni og menningu þótt auðvitað muni þeir aldrei gleyma hörmungum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Fékk alvöru, íslenskt kvef

Daniel Brühl veiktist þegar hann var í tökum á Kóngavegi 7 og læknaði sig með kjúklingasúpu frá veitingastaðnum Asíu, fullri skál af chili og dönskum brjóstdropum. ***Freyr Gígja Gunnarsson*** ræddi við þýska leikarann um hjólhýsahyski, kvikmyndadraminn og það að vera Þjóðverji. Daniel talar jafnframt um efnahagshrunið á Íslandi en hann fylgdist náið með atburðunum í fyrra.

Daniel Brühl leikur eitt aðalhlutverkanna í Kóngavegi 7 eftir Valdísi Óskarsdóttur. Þar leikur hann á móti góðvinum sínum úr Vesturporti en Brühl og Nína Dögg Filippusdóttir kynntust sem vonarstjörnur á kvikmyndahátíð í Berlín fyrir allmörgum árum og hafa haldið nokkuð góðu samband síðan. Brühl kynntist síðan Vesturportsfólkinu þegar hann var að leika í London á sama tíma og íslenski leikhópurinn tók borgina með trompi.

Daniel fékk dæmigert íslenskt kvef þegar nokkuð var liðið á tökurnar enda eilítið kaldara hér heldur en á meginlandi Evrópu. Hann kaus að bjarga sér sjálfur, fór daglega á veitingastaðinn Asíu, fékk sér kjúklingasúpu og slatta af chili og svo danska brjóstdropa í eftirrétt. Og þetta kemur víst heilsunni í lag, að mati Daniels. „Kjúklingasúpan er náttúrulega viðurkennd sem einhvers konar lækningarmeðal en chili-skálin var rúsínan í pylsuendanum. Hún gerði það að verkum að allar bakteríur hurfu með svitanum. Ég veit ekki með dönsku brjóstdropana, það voru Íslendingarnir sem mæltu með þeim," útskýrir Daniel. Hann fékk líka að kynnast rammíslenskri haustlægð því síðasta tökudaginn tóku veðurguðirnir málin í sínar hendur og björgunarsveitir urðu að hafa sig allar við til að bjarga húsþökum og fjúkandi lausamunum.

Samkynhneigður umboðsmaður

En víkjum þá að Kóngavegi 7. Daniel viðurkennir að persóna hans hafi breyst mikið frá því sem handritið sagði fyrir um í upphafi. Hann er samkynhneigður umboðsmaður frá Þýskalandi sem blekktur er til Íslands af skjólstæðingi sínum. Sá er leikinn af Gísla Erni Garðarssyni. „Ég lagði allt í sölurnar til að koma honum á framfæri en þegar ég get ekki borgað þá peninga sem ég fékk lánaða til baka eru góð ráð dýr," útskýrir Daniel. Persóna Gísla, sem heitir Junior, upplýsir að hann eigi voðalega ríkan pabba heima á Íslandi og þeir geti auðveldlega slegið hann um lán. „En að sjálfsögðu er pabbi hans ekkert ríkur heldur býr í hjólhýsahverfi."

> Sú kynslóð sem kynntist nasismanum af eigin raun er að hverfa og við sem erum að taka við höfum í raun litla tengingu við þessa atburði. Við erum því ekki að rogast með samviskubit yfir þjóðerni okkar.

Og þegar talið berst að fölskum fyrirheitum og lánum sem ekki er hægt að greiða er varla hægt að sleppa Daniel við hina sígildu spurningu; hvort hann hafi fylgst vel með þegar Ísland fór á hausinn í fyrra. „Við í Þýskalandi héldum að þetta gæti bara gerst í Suður-Ameríku eða Afríku. Ekki í Evrópu. En auðvitað voru allir að hugsa fyrst og fremst um sinn hag, það voru einhverjir Þjóðverjar sem áttu peninga í íslenskum bönkum. Ég á samt mjög bágt með að skilja hvernig þetta gat farið svona, hvernig einhverjir einstaklingar komust upp með að leika sér með ímyndaðan pening og stjórnvöld voru hvorki á varðbergi né reyndu að stöðva þetta," segir Daniel og bætir því við að hann verið í góðu sambandi við Gísla Örn á meðan mestu hörmungarnar riðu yfir. „Mér skilst að Ísland skuldi þrefalt á við Versala-samningana sem Þjóðverjar þurftu að glíma við eftir fyrri heimstyrjöldina. Ég las auðvitað allt um Versala-samninginn í skóla og þá fannst manni þær skuldir stjarnfræðilegar. Versala-samningarnir voru mikil niðurlæging fyrir Þjóðverja og það vita allir hvað gerðist í framhaldinu."

Stoltur af þjóðerninu

Og það sem gerðist í framhaldinu var að Adolf Hitler komst til valda, þriðja ríkið varð að veruleika og nasisminn tók öll völd í Þýskalandi með skelfilegum afleiðingum. Daniel leikur einmitt nasista í kvikmynd Quentins Tarantino, Inglorious Basterds, og leikarinn hlær þegar hann rifjar upp brandara sem jafnan er hafður í flimtingum í þýskum leikaraheimi. „Sagan segir að á einum eða öðrum tímapunkti verði allir þýskir leikarar að leika nasista."

Þótt leikarinn sé yfirleitt ekki hrifinn af því hvernig Hollywood hefur nálgast þetta tímabil, nefnir þar sérstaklega Valkyrju Toms Cruise, hreifst hann af hugmyndum Tarantinos. Húmor og galsi væru í aðalhlutverkum, sveigt og beygt út af sögunni, eitthvað sem hefur ekki átt sér stað í háa herrans tíð þegar nasismi er annars vegar. „Ég hreifst strax af handritinu og af þeirri hugmynd að Tarantino ætlaði að leyfa Þjóðverjum að leika stór hlutverk," útskýrir Daniel.

Og leikarinn segir það ekki hafa verið erfitt að leika nasista í ljósi mannkynssögunnar. Hann sé hluti af nýrri kynslóð Þjóðverja, kynslóð sem líti vissulega á nasmismann sem svartan kafla í sinni sögu. Þetta sé hins vegar fyrst og fremst kafli, ekki sagan í heild sinni. „Það er alveg rétt, mín kynslóð skammast sín ekki fyrir það eitt að vera Þjóðverjar. Við höfum jákvæða sýn á sögu þjóðarinnar, menningu hennar og listir. Við vitum auðvitað hvað gerðist og fáum aldrei að gleyma því en það er svo margt annað sem Þjóðverjar geta verið stoltir af," segir Daniel. „Sú kynslóð sem kynntist nasismanum af eigin raun er að hverfa og við sem erum að taka við höfum í raun litla tengingu við þessa atburði. Við erum því ekki að rogast með samviskubit yfir þjóðerni okkar."

Ánægður í Evrópu

Frá nasismanum liggur leiðin til Hollywood þótt Daniel segist ekkert vera á leiðinni þangað í bráð. Hans draumur sé ekki villa í Beverly Hills með sundlaug í garðinum. „Ég er mjög ánægður með að vera í Evrópu, ég hef unnið mikið í enskum, spænskum og þýskum kvikmyndum og er bara mjög ánægður með það. Ég hef náð að skapa mér nafn hérna en í Hollywood yrði ég að byrja algjörlega upp á nýtt." Hann bætir því við að það sé mjög erfitt fyrir unga leikara frá Evrópu að ná langt í Ameríku því þar sé nóg framboð af ungum leikurum sem ekki eru með hreim. „Hins vegar virðist alltaf vera góður markaður fyrir eldri leikara með evrópskan hreim, þeir fá þá að leika vonda gæjann í Bond og aðra þorpara eða sérvitran prófessor." Daniel hlær þegar hann er spurður hvort æðsti draumur evrópskra leikara sé einmitt að leika vonda gæjann í Bond. „Ég ætla að vona ekki. Ég vona hins vegar að þeir biðji Christoph Waltz um að leika hann, Waltz var stórkostlegur í Inglorious."

➜ TÍU ATRIÐI SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM DANIEL

- …er fæddur hinn 16. júní 1978 í Barcelona. Á því sama afmælisdag og Tupac Shakur og Stan Laurel.
- …heitir fullu nafni Daniel César Martín Brühl González Domingo.
- …talar bæði þýsku og spænsku reiprennandi og getur einnig tjáð sig á katalónsku, frönsku og ensku ef svo ber undir.
- …fyrsta hlutverk hans var götustrákurinn Benji í óperunni Verbotene Liebe árið 1995.
- …fékk alls fimm verðlaun fyrir leik sinn í Good Bye Lenin.
- …var valinn maður ársins af GQ árið 2007.
- …var í sambúð með þýsku leikkonunni Jessicu Schwarz í fimm ár. Þau hættu saman árið 2006. Hún kallaði hann oftast Gollum.
- …leikur nasista í kvikmyndinni In Transit á móti John Malkovich.
- …var aðalsöngvari í hljómsveit sem hét Purge.
- …á bæði bróður og systur.

HARMUR ENGLANNA EFTIR JÓN KALMAN

SVONA LIFUM VIÐ

Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur uppi á fjöllum. **Jón Kalman** hlaut einróma lof fyrir síðustu skáldsögu sína, **Himnaríki og helvíti.** Hér heldur hann áfram sögunni sem gerist fyrir meira en hundrað árum, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins.

JÓN KALMAN HLAUT ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2005

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Sýndarveruleiki. Á vefnum habbo.com getur þú farið í partí, út að borða og opnað bar. Tölvan er hinn nýi Kaffibar.

Kjölfar Airwaves. Það eru allir að tala um hvað muni koma í kjölfar Airwaves og nú er spennandi að sjá hvað það verður.

Fléttur. Hliðarfléttur eru skemmtileg leið til að kljást við sítt hár og flottar út á lífið.

Hrekkjavakan. Allra sálna messa er í dag og um að gera að fara að skella sér í búningapartí.

■ Á niðurleið

Ókeypis sjónvarp. Þegar allir fara að rukka fyrir sjónvarp í kreppunni er óhjákvæmilegt að lítið verði eftir til að horfa á.

Laufin. Vindar blása og bráðum verður ekkert eftir af laufguðum trjám og grænu grasi.

Hikorð hjá sjónvarpsfólki. Að segja „þúst" inn á milli allra orða er alls ekki töff.

Skógarhöggsmannaskyrtur. Voru voða krúttlegar til að byrja með en þetta er nú orðið leiðigjarnt.

ANNAR AF ÞEIM TVEIMUR SEM ALDREI HAFA SLEGIST Í MIÐGARÐI Arnar Freyr Frostason í Bróður Svartúlfs er hrifinn af orðinu afturbatapíka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rökræður um skegg

Arnar Freyr Frostason syngur og rappar með Bróður Svartúlfs, rapprokksveitinni frá Sauðárkróki sem vann Músíktilraunir í vor. Hljómsveitin hefur gefið út sex laga disk og kynnir hann á Sódómu í kvöld. Arnar vílaði ekki fyrir sér að grillast í Þriðju gráðunni.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Mér er nokk sama. Ég hugsa einungis um núið og ellina. Hins vegar eru nokkrir hlutir sem ég vona innilega að téður stóri-Arnar komi í verk svo sá aldraði geti litið til baka sáttur. Til dæmis má hann vinsamlegast skrifa bók, koma að nokkrum plötum til viðbótar, eignast börn á réttum tíma, verða fullur í Asíu og safna gáfulegu alskeggi.

Sauðárkrókur – Selfoss norðursins? Þvert á móti, ef ég skil þessa spurningu rétt. Ég man eftir nákvæmlega tveimur hnökkum í fimm ára radíus af Króknum. Þeir þóttu mjög sérkennilegir.

Von eða Spútnik? Ég og mínir höfum haft svo mikil persónuleg kynni af Von í tengslum við flest sem viðkemur tónlist að ég held þeir fái mitt atkvæði. Þeir eru dýrlingar. Kristján Gísla, söngvari Spútnik, fann okkur samt eftir tónleika í sumar og sparaði ekki fögru orðin og fyrir það er ég mjög þakklátur. Þetta jaðrar við jafntefli.

Geirmundur eða Auðunn Blöndal? Þetta er ósanngjörn spurning. Sverrir Bergmann gegn Audda væri sanngjarnt, en þetta ekki sambærilegt. Spurðu mig eftir tuttugu ár og sjáum hvort Auddi verði enn að gera það sem hann gerir í dag og það af jafnmiklum krafti og ástríðu. Þá fyrst geta þeir dregið fram boxhanskana.

Hefurðu slegist á balli í Miðgarði? Nei, ég er annar af þeim tveimur sem gerðu það aldrei. Ég hef gert tilraun til þess, öskrað á ímyndaða óvini og hótað öllu illu, en ekki rekið hnefann í nebbann á nokkrum þar né annars staðar. Einu sinni var ég kýldur á Akureyri og það var bara tómt vesen. Ég var fullur og hamingjusamur en féll ekki í kramið hjá einhverjum rudda svo hann sendi mig upp á spítala með skurð á hökunni. Það þótti mér dónalegt af honum.

Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til? Ég er ekki veraldarvanur, svo ég verð að segja hótelið sem ég gisti á í London. Ég og kærastan skipulögðum ferðina sjálf og enduðum á einhverju prinsessuhóteli. Þar var allt bleikt og skreytt með blómum og fyrir utan okkur voru gestirnir flestir komnir á eftirlaun. Það var súrrealískt að ganga um það, líkt og maður væri bresk yfirstéttardama árið 1800.

Besta bókin? Góði dátinn Svejk eftir Jaroslav Hašek. Það er dæmigert að nefna hana þar sem annar hver maður í heiminum er á sama máli, en það er líka góð ástæða fyrir því. Ég get litið í hana og lesið kafla handahófskennt og allt af skemmt mér jafn vel. Í öðru sæti kemur The Pleasure of the Damned, ljóðasafn Bukowskis.

Besta bíómyndin? Ég keypti mér nokkrar japanskar Gojira-myndir á VHS af Amazon fyrir mörgum árum og eiga þær alltaf sinn stað í hjarta mér. Þær eru samt ömurlegar.

Hvert er versta starf sem þú hefur unnið? Það er ekkert starf verst, en versti vinnudagurinn var þegar ég mætti strax í Steinullina eftir að rifnir voru úr mér tveir jaxlar. Ég stóð á sama fermetranum allan daginn í lyfjamóki og slefaði blóði og lét hlæja að mér.

Hvar er fallegast á Íslandi? Við Botnstjörn í Ásbyrgi.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Blóðmörinn hennar mömmu með kartöflustöppunni hans pabba.

Hvenær táraðist þú síðast? Óljóst, en ég komst nálægt því um daginn þegar bláókunnugur náungi söng Alice með Tom Waits upp við eyrað á mér á Næsta bar. Bókstaflega allt lagið, orð frá orði. Svo verð ég alltaf klökkur þegar mínir menn í Liverpool fara illa með Manchester United.

Hvenær fékkstu síðast hlátursskast? Í gær lenti ég í geðshræringarhlátursskasti þegar ég villtist í Grafarvogi og þurfti að láta leiðbeina mér í gegnum síma. Leiðbeinandinn lét mig keyra fram og aftur sömu göturnar því hann vissi ekki hvernig ég sneri á ja.is kortinu sem hann hafði fyrir framan sig, því hann ratаði engu betur en ég. Þetta var eins og léleg gamanmynd. Annars hlæ ég mest að eigin fyndni.

Uppáhaldsorðið þitt? Ég er mjög veikur fyrir fallegum íslenskum orðum og á mér reglulega uppáhaldsorð. Í dag er það líklega afturbatapíka því um daginn tókst mér eftir áralanga baráttu að koma því fyrir innan setningar, án þess að hljóma eins og drulluhali.

Hvað myndi fullkomna líf þitt? Ef tónleikarnir um helgina ganga vel og platan heldur áfram að seljast verð ég mettur næstu vikurnar. Ég geri ekki of miklar kröfur til lífsins.

Hverjum er kreppan að kenna? Til andskotans með kreppuna! Ég hef aldrei átt neitt og finn því lítinn sem engan mun. Mín persónulega kreppa er bara áfengisverðið, svo ég kenni ríkinu um. Thor fer frá 99 krónum í 169! Mér er skapi næst að grenja.

Hver er leiðin út úr kreppunni? Ég get ekki svarað þessu án þess að hljóma fávís, sem ég er. Er ekki bara hægt að bakka sömu leið út? Ha?

Hvað er næst á dagskrá? Reyna að standa sig í skóla, spila úti um allt, semja nýtt efni, vekja lukku og fara svo í heimsókn til ömmu og rökræða um skegg. Endilega mætið á Sódóma kl. 22 í kvöld. Þetta verður sögulegt.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN OG HVAÐ ERTU KALLAÐUR? Arnar Freyr Frostason. Aldrei verið kallaður neitt annað en Arnar Freyr sökum algengi fornafnsins á Sauðárkróki. Millinöfnin voru alltaf notuð til að aðgreina okkur nafnana í barnæsku, og ég veit ekki betur til en svo að hinir hafi heldur aldrei hlotið merkileg gælunöfn.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST ÞÁ HELST Í VERALDARSÖGUNNI: 1988. Straight Outta Compton með NWA kom út.

LÍF ÞITT Í HNOTSKURN: Sat bæði grunnskóla og framhaldsskóla á Sauðárkróki, reyndar einn vetur í VMA. Lauk næstum við smiðinn en útskrifaðist svo af félagsfræðibraut. Flutti suður seinasta ágúst og hóf ritlistarnám í HÍ. Vann nokkur sumur sem handlangari hjá byggingarfyrirtæki en seinustu þrjú í Steinullarverksmiðjunni á Króknum. Shout out til allra þar.

Viðburðir í Eymundsson

Hljómsveitin Árstíðir heimsækir Eymundsson í dag

AUSTURSTRÆTI KL. 14.00
SKÓLAVÖRÐUSTÍG KL. 16.00

Hljómsveitin Árstíðir mun spila bæði í Eymundsson Austurstræti og Skólavörðustíg í dag. Árstíðir gáfu út samnefnda plötu fyrr á árinu og hefur hún vakið mikla athygli hér á landi. Hljómsveitin hefur mikið verið spiluð í útvarpi en tónlist þeirra er angurvær í anda Fleet Foxes og Simon & Garfunkel. Allir velkomnir!

Kim M. Kimselius hittir aðdáendur

HAFNARFIRÐI KL. 11.00
SKÓLAVÖRÐUSTÍG KL. 13.30

Höfundur bókarinnar Aftur til Pompei, Kim M. Kimselius mun heimsækja Eymundsson Hafnarfirði og Skólavörðustíg í dag. Hún kynnir bókina, áritar og spjallar. Bókin er ætluð lesendum frá 10 ára aldri. Spennandi bók full af sögulegum fróðleik. 20% afsláttur veittur af bókinni um helgina.



Barnabókatilboð!

FRÁBÆRAR BARNABÆKUR Á TILBOÐI TIL OG MEÐ 1. NÓV.

Skrímsli í heimsókn 2.090 kr.
Súperamma og sjóræningjarnir 2.290 kr.
Kári litli og klósettskrímslið 2.290 kr.



Prinsessur óskast!

ENDURTEKIÐ PRINSESSUFJÖR Í EYMUNDSSON NÚ Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG, Í DAG KL. 15.00

Í tilefni af útgáfu bókarinnar Prinsessan á Bessastöðum verðum við með Prinsessufjör kl. **15.00** í Eymundsson Skólavörðustíg. Gerður Kristný les upp úr nýju bókinni sinni. **Kórónuföndur og góðgæti í boði fyrir gesti.**

*Athugið! **50 fyrstu** sem mæta í prinsessubúningi, með kórónu eða fálkaorðu fá gefins kiljuna um Ballið á Bessastöðum.

50 FYRSTU FÁ FRÍA BÓK*

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

tímamót

timamot@frettabladid.is

EINAR BENEDIKTSSON SKÁLD FÆDDIST ÞENNAN DAG 1864.

„Geðið ber ugg þegar gengi er hátt. Gleðin er heilust og dýpst við það smáa.“

Einar Benediktsson var sýslumaður, athafnamaður og eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar.

ÞETTA GERÐIST: 31. OKTÓBER 1936

Dagblaðið Þjóðviljinn kom fyrst út

Þjóðviljinn hóf göngu sína sem dagblað þennan dag árið 1936. Hann studdi Kommúnistaflokkinn og síðar Sósíalistaflokkinn og Alþýðubandalagið. Einar Olgeirsson var fyrsti ritstjórinn og til að byrja með störfuðu einn eða tveir blaðamenn með honum.

Áður hafði komið út blað með sama nafni, gefið út af Skúla Thoroddsen en Theodóra Thoroddsen, ekkja hans, og börn hennar gáfu nýja blaðinu nafnið.

Þjóðviljinn var í upphafi fjórar síður. Þar var framhaldssaga og annað létt efni í bland við fréttir og pólitík.

Þjóðviljinn var fyrst prentaður í prentsmiðju Jóns Helgasonar á Bergstaðastræti 27 sem kommúnistarnir kölluðu Jesúprent vegna þess að þar voru líka gefin út kristileg rit. Blaðið var skrifað, sett og brotið um á um það bil 50 fermetra plássi í kjallara hússins en prentað í nýbyggingu við hliðina.

Heimild/Nýjustu fréttir/Guðjón Friðriksson

MERKISATBURÐIR

1517 Marteinn Lúther hengir 95 greinar á kirkjudyrnar í Wittembergkastala og hefur með því siðbótina.

1931 Akstur Strætisvagna Reykjavíkur hefst og er fyrsta leiðin Lækjartorg-Kleppur.

1963 Lagið You´ll Never Walk Alone með Gerry and the Pacemakers kemst í efsta sæti breska vinsældalistans.

1964 Á Miklatúni í Reykjavík er afhjúpuð stytta af Einari Benediktssyni til að minnast aldarafmælis skáldsins.

1984 Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands, er myrt af lífvörðum sínum.

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI

HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON, fyrrum alþingismaður og iðnaðarráðherra, er 74 ára í dag.

PÉTUREINARSSON leikari er 69 ára í dag.

MARCO VAN BASTEN, knattspyrnumaður og þjálfari, er 45 ára í dag.

Legsteinar og fylgihlutir

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



†

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, bróðir, stjúpi og afi,

Þorlákur Gestur Jensen

Skúlagötu 64, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 22. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 3. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Blóm og kransar afbeðin. Þeim sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélög njóta þess. Sérstakar þakkir til Sigurðar Björnssonar læknis og Kristjönu hjúkrunarfræðings ásamt öllu starfsfólki líknardeildar í Kópavogi fyrir alla ástúð og hlýju er þið sýnuð honum og okkur. Guð blessi ykkur öll.

Hólmfríður Jónsdóttir
Hálfdán Ingi Jensen
Hulda Margrét Þorláksdóttir
Guðni Óskar Jensen
Jón Múli Franklínsson
börn og barnabörn.

Soffía Sveinbjörnsdóttir
Davíð Ingvason
Kristbjörg Sveinsdóttir

ROKKVEISLAN Í EGILSBÚÐ: HELDUR UPP Á TVÍTUGSAFMÆLIÐ Í KVÖLD

Stuðið í fyrirrúmi eins og áður

Árleg sýning Egilsbúðar og klúbbsins BRJÁN (Blús-, rokk- og jazzklúbbsins á Nesi) verður frumsýnd í kvöld. Hún heitir Manstu hvar þú varst? og verður helguð því að tuttugu ár eru liðin frá því að fyrsta sýningin var drifin upp á fjölum Egilsbúðar.

Rokkveislan hefur verið fastur liður í menningar- og skemmtanalífi Austfirðinga á haustin allar götur síðan og nú verður farið yfir söguna í myndum, tali og að sjálfsögðu tónum. Auk þess verður snæddur glæsilegur þriggja rétta málsverður og dansað fram á rauða nótt.

„Við erum gríðarlega stolt af því að geta boðið upp á tónlistarveislu ár eftir ár þar sem Austfirðingar eiga allan heiðurinn að flutningi, matargerð, þjónustu og öllu sem að sýningunni snýr,“ segir Jón Hilmar Kárason, sem rekur Egilsbúð um þessar mundir ásamt konu sinni, Heiðu Berglindi Svavarsdóttur.

Jón Hilmar kennir við Tónlistarskóla Neskaupstaðar sem hann segir jafnan spila stóra rullu í rokksýningunum. „Ágúst Ármann skólastjóri hefur verið driffjöður í sýningunum og kennarar og nemendur oft verið fjölmennir á sviðinu. Þeir eru ótrúlega margir sem hafa komið að uppsetningunum gegnum árin og allar tegundir tónlistar verið kannaðar.“

Jón Hilmar kveðst ekki taka þátt í sýningunni í ár enda í mörg horn að líta hjá honum sem verts í undirbúningi stórsamkomunnar. Hversu marga skyldi Egilsbúð rúma í einu? „Á svona sýningum verða allir að geta horft á sviðið og látið fara vel um sig, þannig að við takmörkum fjöldann við 250 á hverju kvöldi,“ útskýrir hann og segir aðsóknina með eindæmum góða. „Það er uppselt á allar sýningarnar fimm sem fyrirhugaðar eru en hið óvenjulega gerðist að verst gekk að selja á frumsýninguna.“

Sýningarnar í Egilsbúð hafa alltaf verið þematengdar og Jón Hilmar rifjar upp nöfn nokkurra: Stríðsáratónlistin, Stuðmenn, Bíómyndaveisla, Enska úrvalsdeildin, Sólstrandaveislan, Queen, Country, Abba og Lög unga fólksins.

Rokkveislan hefur verið sett upp á Broadway nokkrum sinnum við góðan orðstír og einu sinni í Færeyjum og Queen-sýningin var sett upp í Players í Kópavogi. „Það var fjölmennasta helgin á Players það ár,“ rifjar Jón Hilmar upp.

Nú á að horfa til baka og velja lög úr fyrri sýningum. „Eitt er víst,“ lofar Jón Hilmar. „Stuðið verður í fyrirrúmi eins og ávallt áður.“

gun@frettabladid.is

Á SVIÐINU Margir hafa komið fram á sýningunum í Egilsbúð. MYND/ÚR EINKASAFNI

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Aðalheiðar Maríu Oddsdóttur

Espigrund 15, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða, Heimahjúkrunar og A-deildar Sjúkrahúss Akraness.

Guðný Ársælsdóttir
Helga Jóna Ársælsdóttir **Þráinn Ólafsson**
Sigþóra Ársælsdóttir **Björn Björnsson**
og ömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Svala Árnadóttir

Ekrusmára 1, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 29. október.

Björn Pálsson
Margrét Erla Björnsdóttir **Sverrir Guðmundsson**
Björn Fannar Björnsson
Sandra Dögg Björnsdóttir **Hafþór Davíð Þórarinsson**
Bjarki Rúnar Sverrisson **Björn Þór Sverrisson**
og systkini.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurbjargar Sigvaldadóttur

Sjávargrund 4a, Garðabæ.

Við þökkum af hlýhug starfsfólki heimahjúkrunar í Garðabæ, heimahlynningu Krabbameinsfélagsins og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og þeim læknum og hjúkrunarfólki sem önnuðust hana í veikindum hennar.

Börn, tengdabörn, ömmubörn og langömmubörn.

†

Elsku hjartans dóttir okkar,

Guðrún Heba Andrésdóttir

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 29. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Andrés Sigmundsson Þuríður Freysdóttir
og aðrir aðstandendur.

---

†

Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Elín Sverrisdóttir

Borås, Svíþjóð,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Susie Rutar, bnr. 0537-04-252598 kt. 500807-0320, eða Krabbameinsfélagið.

Ingibjörg Marteinsdóttir
Sverrir Þór Hilmarsson
Hálfdán Þór Hilmarsson Ann
Hilmar Þór Hilmarsson Anna
Halldór Þór Hilmarsson Karin
Erlendur Þór Hilmarsson Michelle
barnabörn, systkini
og aðrir ástvinir.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Arndís Ágústsdóttir

frá Valhöll á Bíldudal, síðast til heimilis á Skjóli við Kleppsveg,

andaðist á Landspítalanum 29. október sl. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Gústaf Jónsson Erla Árnadóttir
Jakobína Jónsdóttir Sigurþór L. Sigurðsson
Kolbrún D. Jónsdóttir Kristófer Kristjánsson
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Baldvin Ásgeirsson

fyrrverandi framkvæmdastjóri,
Furulundi 15c, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 28. október sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.30.

Ívar Baldvinsson Valur Baldvinsson
Óttar Baldvinsson Ásrún Baldvinsdóttir
Vilhjálmur Baldvinsson Gunnhildur Baldvinsdóttir
Aðalbjörg Baldvinsdóttir Stefán J. Baldvinsson
og fjölskyldur.

---

†

Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Ari Guðmundsson

fyrrverandi innheimtustjóri Landsímans í Reykjavík,

lést fimmtudaginn 29. október sl. á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 9. nóvember kl. 13.00.

Jón Jóhannsson Ásta Þóra Valdimarsdóttir
Sigríður Jóhannsdóttir Þórarinn Þórarinsson
Páll Guðjónsson Ingibjörg Flygering
Fanný Guðjónsdóttir Þorsteinn Höskuldsson
Herjólfur Guðjónsson Anna Kristín Fenger
Rebekka Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Vilhelm Sigurður Annasson

skipstjóri,

lést á Landspítalanum mánudaginn 26. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Særún Axelsdóttir
G. Margrét Vilhelmsdóttir Jörgen Fröik
Guðný Anna Vilhelmsdóttir Trausti Magnússon
Sjöfn Vilhelmsdóttir
Jónas Hlíðar Vilhelmsson Bylgja Hilmarsdóttir
og barnabörn.

---

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar J.S. Flóvenz

fyrrverandi framkvæmdastjóri
Síldarútvegsnefndar, Kópavogsbraut 88,

lést miðvikudaginn 28. október.

Sigrún Ólafsdóttir Flóvenz
Ólafur G. Flóvenz Sigurrós Jónasdóttir
Brynhildur G. Flóvenz Daníel Friðriksson
Margrét G. Flóvenz Tryggvi Stefánsson
Gunnar Gunnarsson Bera Pálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri

Jóhannes Blómkvist Jóhannesson

bóndi, Kálfsárkoti, Ólafsfirði,

andaðist á heimili dóttur sinnar í Garðabæ miðvikudaginn 28. október. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

Fjóla Björgvinsdóttir
Jóhannes Jóhannesson
Anna Rós Jóhannesdóttir Skúli Gunnarsson
Hugrún Jóhannesdóttir Hilmar B. Ingólfsson
Þórhildur, Ragnhildur, Helga Þórey, Fjóla Dísa, Jóhannes Gunnar, Hilmar Bjarni, Hjalti,
Emil, Kári, Tindur og aðrir ástvinir.

---

†

Við þökkum innilega öllum þeim sem sendu okkur hlýjar kveðjur og sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts yndislegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Höllu Lárusdóttur

Markarflöt 45, Garðabæ.

Við viljum færa starfsfólki Krabbameinsdeildar og Heimahlynningar Landspítalans sérstakar þakkir fyrir einstaklega góða umönnun og yndisleg samskipti.

Bolli Þór Bollason
Jóhanna Guðmundsdóttir Mohsen Khajeh
Lilja Guðlaug Bolladóttir
Lárus Bollason
Þórunn Bolladóttir Sigurgeir Guðlaugsson
Ólöf Bolladóttir Guðmundur Pálsson
og barnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar og amma,

Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir

frá Vestmannaeyjum,
Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Landakoti, sunnudaginn 25. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

Ríkharður H. Friðriksson
Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir
Kristín Helga Ríkharðsdóttir.

---

†

Ástkær sonur minn,

Sævar Már Ingimundarson

búsettur í Bamberg í Þýskalandi,

lést 6. október síðastliðinn. Hann var jarðsunginn þar hinn 15. október. Minningarathöfn um hann verður haldin í Grafarvogskirkju 4. nóvember kl. 15.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Jóna Hjaltadóttir.

---

†

Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

Fríða Sólveig Ólafsdóttir

Bjarnhólastíg 14, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 27. október. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem sem vilja minnast hennar láti Krabbameinsfélagið njóta þess.

Gunnar R. Jónsson
Gunnar Atli Gunnarsson Sonja Sif Jóhannsdóttir
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Hákon Gunnarsson Katrín Kristjánsdóttir
og ömmubörn
Sigrún Ólafsdóttir Bjarni Gunnarsson
Oddný Ólafsdóttir Aðalgeir T. Stefánsson
Jóhanna Ólafsdóttir Leifur Ólafsson
Anna K. Ólafsdóttir Hólmgeir H. Hákonarson
Hrafnhildur H. Ólafsdóttir Ásgeir Jónsson

---

†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Hlíf Gestsdóttir

áður til heimilis að Ljósheimum 20,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 18. október, verður jarðsungin frá Langholtskirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

Gunnar Sigurgeirsson Anna Guðmundsdóttir
Vilhjálmur Sigurgeirsson Sigrún Guðmundsdóttir
Svala Ingimundardóttir
og ömmubörn.

---

†

Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Pétur Ólafur Welker Ólafsson

Frostafold 2, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 25. október, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

Sigrún Þ. Welker Friðgeirsdóttir
Guðrún Ólöf Sumarliðadóttir Þorbjörn Ásgeirsson
Hrólfur Arnar Sumarliðason Sólveig R. Sæbergsdóttir
Pétur Ólafur Pétursson Jónheiður B. Kristjánsdóttir
Rúnar Þór Pétursson Heiða Steinarsdóttir
Karen Welker Pétursdóttir Stefán Viðar Egilsson
Birgir M. Welker Pétursson Stefanía Helga Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg eiginkona mín,

Edda Pétursdóttir Lemay

frá Sauðárkróki, búsett í Orlando í Florida,

lést á South Miami Hospital fimmtudaginn 22. október sl.

F.h. fjölskyldunnar, Raymond Lemay.

REYKTAL AS

The Estonian fishing company Reyktal AS was established in the year 1997.
Reyktal AS is the owner and operator of 3 freezer stern trawlers mainly fishing shrimp in the North Atlantic.

Reyktal now seeks;

Chief Engineer

Your task will include:
- Control of technical work on board
- Responsibility of technical orders
- Participation in a Quality System working group

Qualifications:
- STCW chief engineers diploma min for >3.000 kW (4th class - VF II)
- Experience of similar jobs
- Good communication skills
- Good English skills
- Basic computer skills

Other useful skills:
- Knowledge of Quality System and Maintenance Management
- Know-how of refrigeration systems
- Good welding skills

We offer:
- A future job with a stable company
- Competitive salary
- Possibilities for re-education

Please send CV by e-mail to: reyktal@reyktal.is
Reyktal AS • Veerenni 39 • 10138 Tallinn • Estonia

Ofbeldi gegn börnum skiptir litlu

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Íslensk kona hefur opnað vefsíðu þar sem hún lýsir skelfilegu ofbeldi og sinnuleysi sem börn hennar hafa þurft að þola af hendi föður síns. Konan er þó neydd til þess að veita honum umgengnisrétt þótt börnin óttist manninn mjög og líði miklar þjáningar hans vegna. Ástæðan er sú að það er börnum mikilvægt og hollt að fá að umgangast báða foreldra sína. Þetta mikilvægi finnst mér þó ekki fyrir hendi ef foreldrið beitir barnið ítrekað ofbeldi. Einhverra hluta vegna virðist hið opinbera kjósa að líta fram hjá þeirri staðreynd.

Í MEISTARAPRÓFSRITGERÐ í lögfræði eftir konu að nafni Elísabet Gísladóttir, sem birt var fyrr á þessu ári og lítið hefur verið fjallað um, líklega af því hún afsannar vinsælt kaffistofuraus, kemur fram að draga megi þá ályktun að ofbeldi innan veggja heimilisins hafi mjög takmörkuð áhrif við mat á forsjárhæfni foreldris. Sömuleiðis virðist mikið þurfa að koma til svo að umgengnisréttur sé skertur á grundvelli slíks ofbeldis, jafnvel þótt sýnt sé fram á að samneyti við foreldri geti beinlínis verið barninu skaðlegt.

Í ÚTDRÆTTI um ritgerðina segir svo að af niðurstöðunum megi draga í efa að börnum sé tryggð fullnægjandi vernd gegn ofbeldi í íslenskum lögum og lagaframkvæmd. Það verði að teljast æskilegt að lögfest verði sérstakt ákvæði í barnalög sem leggur þá skyldu á úrskurðaraðila að huga sérstaklega að vernd barna gegn ofbeldi þegar teknar eru ákvarðanir um forsjá eða umgengnisrétt.

ELÍSABET fjallaði einnig um mál þar sem ógnandi faðir hafði skapað mikinn ótta hjá ungum börnum sínum. Svo illa leið þeim að sýnt þótti að þau gætu ekki farið til hans nema með gæslumann frá hinu opinbera með sér. Það dugði reyndar ekki heldur til því gæslumaðurinn varð svo óttasleginn við manninn að hann treysti sér ekki til að vera nálægt honum heldur. Hið blíða og opinbera kerfi brást þá við með því að fjölga gæslumanni um einn, því ekki máttu blessuð börnin missa af samvistum við föðurinn.

Í LÖGUM og alþjóðlegum mannréttindasamningum er almennt gengið út frá því að það sé mikilvægur grundvallarréttur barns að þekkja og njóta umönnunar beggja foreldra. Fólk hlýtur þó að gera sér grein fyrir að í ákveðnum tilvikum er hins vegar ljóst að samneyti við foreldra er börnum ekki fyrir bestu heldur stefnir velferð þeirra í voða. Heimilisofbeldi linnir oft ekki þrátt fyrir skilnað eða sambúðarslit foreldra samkvæmt rannsókn Elísabetar vegna þess hve mikilvægt það þykir að brjóta ekki á umgengnisrétti foreldris við barn sitt. Líðan barnsins og þess sem það vill verja skiptir litlu sem engu.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

512 50 50 Auglýsingasími

Mest lesið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Það sem skilur að ... og sameinar ...

Í sumarbústað um hávetur mætast fullkomnar andstæður, virtur geðlæknir og óþekkur unglingur. Hvað getur létt þeim óbærilegar samvistir ...?

Dásamleg saga um kynslóðabilið og mikilvægi minninganna eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.

„Vinsælasti rithöfundur þjóðarinnar ...“

Egill Helgason / Kiljan

ath kl. 16.
Edda Erlendsdóttir pínóleikari mun halda tónleika á Stokkalæk í dag. Tónleikarnir eru haldnir til að minnast 200 ára dánarafmælis Haydns á þessu ári. Á dagskránni á Stokkalæk eru verk eftir C.P.E. Bach, J. Haydn og F. Schubert. Tónleikarnir verða endurteknir í Listasafni Íslands á miðvikudag, í Laugarborg á fimmtudag og í nýju menningarhúsi á Dalvík, Bergi, á laugardag eftir viku.

menning
menning@frettabladid.is

Hörpuverk í mýri

TÓNLIST Katie Buckley hörpuleikari

Á morgun heldur áfram tónleikaröðin 15.15 í Norræna húsinu og þar verður harpan í fyrirrúmi. Katie Buckley, hörpuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, flytur þar einleiksverk fyrir hörpu: Elegie pour la mort d'un Berger eftir franska tónskáldið og hörpuleikarann Bernard Andres sem notar gjarnan framandi tækni í verkum sínum allt frá því að klípa strengina til þess að banka á hörpuna. Næst á efnisskránni eru tvö næturljóð sem renna saman í eina heild: hið fyrra eftir Alphonse Hasselmans sem var samtímamaður Gabriels Faure, en hið síðara eftir Rússann Mikhail Glinka. Síðast þessara verka er Spænskur dans númer 1 úr óperunni La Vida Breve eftir Manuel De Falla í umritun fyrir hörpu eftir Marcel Grandjany. Sónöturnar tvær eru frá mjög ólíkum tímabilum: Sú fyrri, eftir tónskáldið Johann Baptist Krumpholtz, nefnist Sonata Comme Scene Pathetique Opus 16 bis. Sónatan er frábærlega vel skrifuð í síðbarokkstíl. Síðari sónatan á efnisskránni er hörpusónatan eftir Paul Hindemith. Hann skrifaði sónötuna 1939, á tímabili þegar hann skrifaði sónötur fyrir nánast hvert hljóðfæri sinfóníuhljómsveitarinnar. Hún er í þremur þáttum og hefur þann einstaka eiginleika að hljóma nýstárleg þrátt fyrir að vera rituð á tæknilega hefðbundinn hátt.

Katie Buckley hóf nám í hörpuleik átta ára gömul í Bandaríkjunum. Hún hefur komið fram sem einleikari með mörgum hljómsveitum, var með stöðu hörpuleikara við Brevard Music Festival í Brevard í Norður-Karólínu, en 2005 var hún ráðin hörpuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Katie lék með The World Philharmonic Orchestra í París 2006. Katie er meðlimur í Duo Harpverk, hörpu- og slagverksdúói sem hún stofnaði ásamt slagverksleikaranum Frank Aarnink. - pbb

> Ekki missa af

Hyllingartónleikum þeirra Eyfa og félaga í Háskólabíói í kvöld kl. 20. Eyfi og félagar ætla að endurtaka leikinn og flytja öll helstu lög hljómsveitarinnar Eagles. Síðast komust færri að en vildu og var uppselt á tvenna tónleika. Eyfi er mikill Eagles-aðdáandi og þessir tónleikar eru hans leið til að votta þessari frábæru hljómsveit virðingu sína, sem hún svo sannarlega verðskuldar. Eyfa til fulltingis og aðstoðar verða margir af okkar bestu söng- og hljóðfæraleikurum og er ekkert til sparað við að gera tónleikana sem gjöfulasta fyrir eyrað.

MENNING Tölum saman, sameiginlegt verk kvenna af ýmsum uppruna, verður afhjúpað á morgun. MYND BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Allar með tölu

Undanfarið ár hafa konur af erlendum uppruna hist í Borgarbókasafni Reykjavíkur einu sinni í mánuði ásamt íslenskum kynsystrum sínum til að njóta félagsskapar hver annarrar, deila reynslu sinni og styðja hver aðra á ýmsan máta, meðal annars við það að tala íslensku. Félagsskapurinn kallast Söguhringur kvenna og þangað eru allar konur velkomnar sem hafa áhuga á að hitta aðrar konur í fjölmenningarlegu umhverfi. Konurnar skiptast á sögum um allt mögulegt sem þeim liggur á hjarta, meðal annars um reynslu sína af því að flytjast á milli landa, að læra nýtt tungumál og hvernig gengur að samhæfa bakgrunn sinn lífinu í nýju landi. Markmiðið er þó fyrst og fremst að eiga saman notalega samverustund.

Á sunnudag fagnar söguhringurinn eins árs afmæli og af því tilefni hafa konurnar skapað saman listaverk sem nefnist Tölum saman, undir handleiðslu listakvennanna Fitore Berisha og Helgu Arnalds. Vigdís Finnbogadóttir mun afhjúpa verkið á opinni afmælisdagskrá í aðalsafni Borgarbókasafns í Grófarhúsi kl. 14. Helga Arnalds hefur einnig gert vídeóverk um sköpunarferli verksins og það verður frumsýnt við sama tækifæri. Fólk af erlendum sem og íslenskum uppruna skemmtir með tónlist og dansi og boðið verður upp á veitingar.

Söguhringurinn er samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Samtaka kvenna af erlendum uppruna og eftir þetta velheppnaða fyrsta ár er ætlunin að halda áfram af fullum krafti. Þær Paola Cardenas og Kristín R. Vilhjálmsdóttir kynna söguhringinn frekar á afmælishátíðinni, sem er opin öllum, bæði konum og körlum.

- pbb

SÆUNN SPILAR HEIMA

Á morgun verða tónleikar með þeim Sæunni Þorsteinsdóttur sellóleikara og Kristni Erni Kristinssni pínóleikara í Sal Tónlistarskólans á Akureyri kl. 17.

TÓNLIST Sæunn Þorsteinsdóttir er einn hinna ungu íslensku tónlistarmanna sem starfa bæði hér heima og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sæunn hefur vakið mikla athygli fyrir magnaðan sellóleik nú þegar nám hennar er að baki. Hún mun koma fram á tvennum tónleikum á Íslandi ásamt Kristni Erni Kristinssyni pínóleikara, á Akureyri á morgun og á þriðjudagskvöldið kl. 20 í Salnum í Kópavogi. Flutt verða verk eftir Beethoven, Debussy, Janacek, Franck og Martinu. Tónleikarnir eru liður í röðinni Tónsnillingar morgundagsins. (www.tonsnillingar.is)

Sæunn lauk meistaraprófi frá hinum þekkta Julliard-skóla í New York vorið 2008. Hún hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir leik sinn, m.a. verðlaun til minningar um Zara Nelsova í hinni þekktu alþjóðlegu Naumburg-sellókeppni í New York og einnig vann hún til verðlauna í alþjóðlegu Antonio Janigro-sellókeppninni í Zagreb, Króatíu. Hún hefur komið fram víða í Bandaríkjunum og Evrópu bæði sem einleikari og kammermúsikant og tekið þátt í fjölda tónlistarhátíða og komið fram með frábærum listamönnum. Má þar nefna Marlboro Music Festival með Mitsuko Uchida og Kim Kashkashian, Perlman Chamber Music Workshop í strengjakvartett með Itzhak Perlman og Kronberg sellóhátíðina þar sem hún var ein af einleikurum á lokatónleikum hátíðarinnar.

Sæunn var hér á landi í júní og lék þá m.a. einleik með Kammersveitinni Ísafold í frumflutningi verksins „Bow to String" eftir Daníel Bjarnason á tónlistarhátíðinni Við Djúpið, en það verk flutti hún einnig á Airwaves-hátíðinni nú í október. Meðal verkefna á döfinni má nefna frumraun Sæunnar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Sellókonsert eftir Dvorak nú í febrúar, tónleika í Trinity Church á Manhattan, sem verður útvarpað beint á netinu og Konsert fyrir fiðlu og selló eftir Brahms ásamt Adriane Tilanus í Amsterdam.

Kristinn Örn Kristinsson pínóleikari lauk lokaprófi við Tónlistarskólann á Akureyri og stundaði framhaldsnám í Reykjavík og í Bandaríkjunum. Meðal helstu kennara hans má nefna Philip Jenkins, Margréti Eiríksdóttur, Ruth Slenczynska og Joseph Kalichstein. Eftir að námi lauk kenndi Kristinn við Tónlistarskólann á Akureyri til 1990 en þá gerðist hann skólastjóri og kennari við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins í Reykjavík.

Árið 1998 stofnaði hann ásamt fleirum Allegro Suzukitónlistarskólann í Reykjavík og hefur starfað þar síðan. Kristinn Örn hefur einnig starfað við Tónlistarskólann í Reykjavík og sem skólastjóri við Tónskóla Þjóðkirkjunnar en frá hausti 2006 var hann ráðinn í fullt starf sem meðleikari við Söngskólann í Reykjavík. Hann hefur komið víða fram á tónleikum með ýmsum hljóðfæraleikurum og söngvurum, leikið inn á hljómdiska og tekið upp fyrir útvarp. pbb@frettabladid.is



Helgar-tilboð
2.395,-
1.950,-
Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00

Ljóðað í ljósvakanum

Mönnum dettur sjaldnast í hug ljóð þegar kvikmyndir eru annars vegar. Samlíking listgreina er enda vafasöm. Listgreinar standa á sínu. Hitt er hverju orði sannara að tilraunamyndin er oft lík ljóði, stutt, grípur afmarkað svið umhverfis og tilfinningar með fáum gerendum. Það er því vel við hæfi að stuttmyndahátíð ungra höfunda kenni sig við ljósvakaljóð en hún verður haldin öðru sinni í næstu viku. Skilafrestur rennur út á mánudag en hátíðin er haldin í Norræna húsinu hinn 5. nóvember. Þeir sem vilja leggja nótt við dag og klára hálfkaraðar myndir eða handrit hafa því helgina.

Keppt verður um bestu stuttmyndina, besta frumsamda handritið og í annað skipti á Íslandi verður keppt um bestu pitch-hugmyndina en sú keppni sló eftirminnilega í gegn þegar hún var

KVIKMYNDIR Friðrik Þór Friðriksson situr og dæmir í handritakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

haldin í fyrsta skipti í fyrra. Höfundar verða að vera á aldrinum 15-25 ára en umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að kynna sér keppnina og skrá sig á heimasíðu Ljósvakaljóða, www.ljosvakaljod.is. Peningaverðlaun eru í boði. Dómarar í handritakeppninni eru einn virtasti kvikmyndaleikstjóri Íslands, Friðrik Þór Friðriksson, ásamt Bergi Ebba Benediktssyni og Yrsu Sigurðardóttur rithöfundi.

Hátíðin er haldin í fjórða skipti í ár og unnin í samstarfi við dvoted.net, Reykjavíkurborg, Zik Zak Filmworks og Norræna húsið. Dagskráin hefst kl. 17.30 á fimmtudag í næstu viku með umræðum með þekktum innlendum kvikmyndagerðarmönnum og svo pitch-keppni þar sem fólk getur viðrað kvikmyndahugmyndir sínar og fengið ráðleggingar fagaðila. Sjálf stuttmyndakeppnin fer svo fram kl. 20 um kvöldið. Valdar verða 6-10 stuttmyndir úr innsendum myndum til að keppa um aðalverðlaunin, 50.000 króna peningaverðlaun. Aðgangur er ókeypis og allir áhugasamir eru velkomnir. - pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 31. október 2009

Tónleikar

17.00 Víkingur Heiðar **píanóleikari** og Martin Frost **klarinettuleikari** verða með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir C. Debussy, J. Francaix og J. Brahms.

22.00 Hljómsveitin **Bróðir Svartúlfs** heldur útgáfutónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Einnig koma fram Múgsefjun og Agent Fresco.

22.00 Halloween-metalveisla verður á **Grand Rokki** við Smiðjustíg. Fram koma Moldun, Severed Crotch, Im Memoriam og Bastard. **Húsið verður opnað kl. 22.**

22.00 Hljómsveitin **The Viking Giant Show** verður með tónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

Opnanir

16.00 Valgerður Guðlaugsdóttir opnar sýningu hjá Suðsuðvestur við **Hafnargötu 22** í Reykjanesbæ. Opið um helgar kl. 14-17.

Sýningar

Ómar Stefánsson hefur opnað málverkasýningu á veitingastaðnum 46 við Hverfisgötu 46. Opið alla daga kl. 16-01.

Charlotta Sverrisdóttir sýnir málverk í Listasal Garðabæjar að **Garðatorgi 7,** sem hún tileinkar Sjálandshverfinu í Garðabæ. Opið þri.-fim. kl. 15-18 og fös.-sun. kl. 14-17.

Hannyrðir

Í Bókabúð Máls og menningar við **Laugaveg 18,** verður boðið upp á sýnikennslu í ólíkum tegundum handverks.

13.00 Tréskurðarsmiðurinn **Jón Adólf Steinsson** sýnir útskurð. Ágústa Þóra Jónsdóttir sýnir uppskriftir og leiðbeinir með val á garni og prjónum.

14.00 Heimilisiðnaðarfélagið sýnir vefstól, **íslenska þjóðbúninga** og kynnir námskeið.

Sunnudagur 01. nóvember 2009

Tónleikar

13.15 Margrét Árnadóttir sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja verk eftir **Mendelssohn og Beethoven** á tónleikum í Gerðubergi (Gerðubergi 3-5). Enginn aðgangseyrir.

21.00 Hljómsveit **Kristínar Bergsdóttur,** Tropicalia verður með tónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

Opnanir

11.00 Í Listasafni Íslands við **Fríkirkjuveg** verður opnuð sýning á verkum Svavars Guðnasonar. Opið alla daga nema mánudag kl. 11-17.

Barnatónleikar

13.00 Í Salnum við Hamraborg í Kópavogi verða haldnir tónleikar fyrir börn og fjölskyldufólk undir yfirskriftinni „Töfrahurð". Frá kl. 12.30 verður boðið upp á ókeypis andlitsmálun. Nánari upplýsingar á **www.salurinn.is.**

Bækur

Í verslun **Máls og menningar** við Laugaveg 18, er boðið upp á upplestur fyrir yngstu börnin alla sunnudaga kl. 11-11.45.

Leiðsögn

14.00 Í **Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu verður boðið upp á barnaleiðsögn fyrir börn á aldrinum 9-12 ára.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Hagfræðin lifir …

- Efnahagsleg sókn, 1989
- Lýðræðisleg vakning, 1989
- Hagvísindi og fagmennska Seðlabankans, 2001
- Hagstjórn og áhrif stýrivaxta, 2005
- Röð hagstjórnarmistaka, 2007

… en er ekki beitt af skynsemi.

Verð aðeins 990,-

Stórsýning á verkum Svavars

Á morgun opnar Listasafn Íslands sýningu á verkum Svavars Guðnasonar (1909-1988). Það er ekki á neinn hallað þegar því er haldið fram að Svavar hafi verið brautryðjandi og risi á sviði sjálfsprottinnar abstraktlistar og hróður hans hafi borist langt út fyrir strendur Íslands.

MYNDLIST Veðrið tekið upp í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á sýningunni verða verk úr einkaeign og frá öðrum stofnunum, ásamt fjölda verka úr fórum Listasafns Íslands. Að auki eru verk úr dánarbúi listamannsins, sem nýlega voru afhent Listasafni Íslands og Svavarssafninu á Höfn til eignar, og er að þeim mikill fengur. Aðeins eitt verk kemur að utan en það er Veðrið.

Meginmarkmiðið með þessari yfirlitssýningu á list Svavars Guðnasonar er að kynna hana fyrir þeim kynslóðum sem fóru á mis við listamanninn í lifanda lífi en þekkja til hans af orðspori. Sýningarstjóri er Sigríður Melrós Ólafsdóttir.

Eitt verkanna á sýningunni er Veðrið, sem upphaflega var pantað af Statens Kunstfond 1963, en eftir að þetta stærsta verk Svavars var sýnt 1964 var því komið fyrir í stúdentahúsi Háskólans í Árósum. Veðrið er mikilúðleg mynd og margt í henni tengist fleiri verkum sem Svavar vann 1963 sem eru að kljást við sama byggingarstig á ferli hans, sömu lita- og formátök sem ná hátindi í þessu stóra og mikilúðlega verki. Halldór Björn Runólfsson segir um Veðrið: „Það má að sumu leyti teljast synd að Svavar skyldi ekki fylgja þessu stórbrotna verki eftir með mörgum fleiri risamyndum því svo vel er Veðrið af hendi leyst að það markar tímamót í ferli listamannsins. Í því má greina upplausn strangflatarstílsins, eða geometríunnar, sem Svavar hafði ástundað í heilan áratug. Það er því snöggtum nær bandarískri „gestural“ abstraktlist frá sama tíma en evrópskri, og gefur sterklega í skyn að náttúra veðurfarsins sé ólýsanleg og yfirþyrmandi – „sublimis“.

Fram undan er útgáfa á stúdíu Kristínar Guðnadóttur á ferli Svavars en það er fyrsta heildstæða úttektin á hans merkilega ferli sem einn brautryðjendanna í CoBrA-hópnum og einn örfárra Íslendinga sem hafa skilið eftir sig spor í vestrænni myndlistarsögu.

pbb@frettabladid.is

Bókmenntir ★★★★



Vormenn Íslands

Mikael Torfason

Sögur

Áhugaverður spegill

Í samfélaginu ríkir ringulreið og upplausn eftir bankahrun, það sem áður var til fyrirmyndar og prýði þykir nú viðurstyggð. Fólk leitar svara við því hvað fór úrskeiðis og er fullt vanmáttar, sjálfsvorkunnar og reiði. Í bókinni Vormenn Íslands eftir Mikael Torfason er dregin upp mynd af þessu ástandi með eftirtektarverðum árangri.

Þetta er fimmta bók Mikaels en sjö ár eru liðin frá útgáfu síðustu bókar hans. Reynslu síðustu sjö ára nýtir höfundurinn prýðilega í sögunni og leitar fanga í ýmsum fréttamálum síðari ára. Bókin verður fyrir vikið áhugaverður spegill á það sem hér hefur gerst þótt ekki sé hér um lykilsögu að ræða.

Aðalpersóna bókarinnar, Birgir Thorlacius, er fyrrverandi snati útrásarvíkinga og varð vellauðugur af þeim starfa. Hann hefur gerst sekur um glæpi í fjármálaheiminum sem bitna á þeim sem síst skyldi, dæmdur maður og veikur snýr hann aftur til heimahaga sína í Fellunum í leit að svörum úr fortíð sinni. Um leið rifjast upp liðnir tímar þjóðarinnar og rakin er fjölskyldusaga venjulegra Íslendinga sem gengu í gegnum fullhraðar þjóðfélagsbreytingar. Sögumaðurinn er áhugaverður hluti sögunnar og náskyldur höfundinum sjálfum en báðir eru þeir fyrrverandi ritstjórar Dagblaðsins og síðar hjálparkokkar svokallaðra auðmanna.

Fortíðarþráin, sinnuleysið og sjálfhverfa er gegnumgangandi stef eins og í fyrri bókum Mikaels en orðfærið hefur slípast talsvert til og krafturinn, sem einkennir stíl bóka hans, er mun markvissari. Mikael lætur sem fyrr neyslusamfélagið sem svonefnd ´68 kynslóð byggði upp fá það óþvegið. Fulltrúum þeirra finnur hann flest til forátt svo sem upplausn hefðbundinna fjölskyldna og ábyrgðarleysi gagnvart öldruðum, börnum og áfengisdrykkju auk blindu á eigin galla. Höfundurinn tekst á við tregafull og kaldranaleg málefni og en sagan er samt uppfull af húmor og hlýju. Áhugaverð samtímasaga.

Karen Dröfn Kjartansdóttir

Niðurstaða: Uppfull af húmor og hlýju með áhugaverðum sögumanni

Herbergi 408

Í kvöld verður opnað nýtt netleikhús á veraldarvefnum, Herbergi 408. Það er hið fyrsta sinnar tegundar, stofnað af Hrafnhildi Hagalín og Steinunni Knútsdóttur sem eru höfundar opnunarverks leikhússins. Verkið er farsakenndur þriller sem fjallar um hjónin Önnu og Einar og dóttur þeirra Sonju sem virðast lifa hamingjusömu lífi í smábæ úti á landi.

LEIKLIST Hrafnhildur Hagalín.

Herbergi 408 er gagnvirkt hljóð- og netverk á www.herbergi408.is. Þar geta leikhúsgestir sökkt sér niður í heim verksins.

Herbergi 408 er ætlað að vera lifandi leikhúsvettvangur og miðstöð tilrauna fyrir hvers kyns list sem tengist netmiðlum. Handrit og leikstjórn eiga Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir og Steinunn Knútsdóttir, tónlist semur KIRA KIRA en nethönnun annast Þorlákur Lúðvíksson. Upptökur og hljóðblöndun annast Sigurður Ingvar Þorvaldsson en leikarar eru Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson og Harpa Arnardóttir. - pbb

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta uppboð

Síðasta sýningarhelgi

Nína Sæmundsson

„Hafmeyjan“

Lilja Kristjánsdóttir & Ingunn Jónsdóttir

„Hús:Heimili“

Yfirstandandi sýning

Abba

Hvítur söngur

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold virka daga 10–18, laugardaga 11–16, sunnudaga 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Höfundur á heimsmælikvarða

Fjárkúgun, hrottaleg árás, handrukkari á flótta, ógæfumaður sem á harma að hefna: Lögreglan á Hverfisgötu á leik.

ARNALDUR INDRIÐASON, meistari íslensku glæpasögunnar, bregst ekki lesendum í þéttri og nístandi frásögn af misgjörðum og ófyrirséðum afleiðingum.

Arnaldur er nýbakaður handhafi **Barry-verðlaunanna** sem veitt eru fyrir bestu glæpaskáldsögu ársins í Bandaríkjunum.

Kemur í verslanir á morgun!



„Arnaldur Indriðason skipar sér á bekk með fremstu glæpasagnahöfundum samtíðarinnar."
De Telegraaf

> Í DAG VERÐUR GLÆSILEG TÍSKUSÝNING Í FRÍKIRKJUNNI KLUKKAN 17.

Sýndir verða munúðarfullir kjólar frá skaparanum, draumkennd höfuðföt frá Thelmu og dúnmjúkir silkiklútar frá Go With Jan. Spennandi viðburður sem enginn tískuunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.

Nýja Nutritious-meikið frá Estée Lauder sem er fullkomið fyrir vetrarhúð sem á það til að þorna og verða erfið viðfangs. Undurfalleg áferð.

Geggjað eldrautt varagloss frá Estée Lauder fyrir hrekkjavökuna í kvöld.

OKKUR LANGAR Í ...

Wonder-púðrið frá Make Up Store sem er eitt það besta sem við höfum prófað, verður aldrei matt heldur gæðir húðina skínandi ljóma.

stíll
utlit@frettabladid.is



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Föla árstíðin

Nú er skammdegið að færast yfir og augljóst að allur snefill af freknum sumarsins er á braut. Í dag er hrekkjavakan og upplagt að nota fölt hörund haustsins í stíl við búninginn í kvöld. En undur og stórmerki – það virðist enn sem helmingur þjóðarinnar sé nýkominn frá Tenerife. Það hefur mikið verið rætt um skinkurnar svokölluðu undanfarið, stúlkur sem tóku við af hnökkunum í sólarbekkja- og „spray tan“-aðdáun sinni en ég furða mig enn þá á þeirri tísku að reyna að dekkja hörundslit sem mest á sem ónáttúrulegastan hátt. Ég hreinlega skil ekki hvers vegna sætar stúlkur vilja virkilega taka konur eins og Victoriu Beckham til fyrirmyndar og verða undarlega appelsínugular (jú eða hreinlega kúkabrúnar) á lit. Það er bara ekkert aðlaðandi við líkama sem er gæddur þeirri gervibrúnku sem fæst af ljósabekkjum eða endalausum dollum af brúnkukremi. Nú er ég alls ekkert að segja að sólarpúður eða brúnkukrem eigi að vera á einhverjum bannlista, það er að segja, yfir sumartímann. Örlítil dustun af slíku púðri á nef og kinnar er falleg til að gylla húðina en ég skil ekki hvers vegna orðatiltækið „less is more“ virðist ekki hafa síast inn hjá svo mörgum. Það er ekkert skinkulegt við að farða sig eða lita á sér hárið svo lengi sem það er gert á náttúrulegan hátt. Útlitið sem tröllríður „skinkunum“ svokölluðu með ofurbrúnu andliti, ofurlituðum augabrúnum og annaðhvort ofurstrípuðu eða blásvörtu og gervilegu hári er bara allt of algengt og gerir það að verkum að allar þessar stúlkur líta út fyrir að vera nákvæmlega eins, klónaðar af hver annarri. Hugtakið náttúruleg fegurð virðist vera allfjarri og útkoman líkist frekar klámstjörnum en því sem birtist á síðum tískublaðanna. Ef maður er ekki af suðrænum ættum þá skil ég ekki hvers vegna það á að þykja ljótt að vera fölur á brún og brá. Slík húð hefur oft á tíðum verið í hávegum höfð og það má líka taka fram að hún er þá iðulega minna hrukkótt, fínlegri og fallegri heldur en sólbrún húð. Það er svo auðvitað hægt að lífga upp á andlitið með dálitlum kinnalitaroða en í guðanna bænum, sparið púðrið!

Þau voru ljós á leiðum okkar

Tónlistardagskrá við kertaljós í Fossvogskirkju á Allra heilagra messu sunnudaginn 1.nóvember á degi syrgjenda. kl. 14.00-16.00.

Dagskrá
14:00 Óskar Guðjónsson og Ómar Guðjónsson leika saman á saxófón og gítar.
14.30 Sólveig Samúelsdóttir syngur við undirleik Lenku Mátéova
15.00 Ólöf Arnalds syngur við eigin undirleik.
15.30 Voces Masculorum syngja undir stjórn Kára Þormar.

Aðgangur er ókeypis og frjálst að koma og far að vild. Starfsfólk kirkjugarðann er til leiðsagnar og friðarkerti Hjálparstarfs kirkjunnar til sölu.

Reykjavíkurprófastsdæmin og Kirkjugarðar prófastsdæmanna.

PÚFFERMAR Blúndu-skyrta við aðsniðið hnésítt pils frá Stellu McCartney.

ELEGANT Flottur svartur kjóll með silfurbryddingum og áherslu á mjaðmir hjá Erin Fetherston.

BLÚNDUR OG SIFFON Í VETUR

KVENLEGT OG RÓMANTÍSKT

Blúnda sem oft á tíðum er tengd við viktoríutímabilið var færð í nútímalegan og kvenlegan búning hjá mörgum hönnuðum fyrir veturinn. Stella McCartney notaði hana óspart í dásamlega fögrum kjólum og toppum og Erin Fetherston notaði hana ásamt siffoni til að framkalla kvenlegan „elegans“.

Sniðin voru jafnframt mjög kvenleg með áherslur á mitti og mjaðmir. Litirnir voru klassískir – svart, hvítt og mjúkir bleikir tónar.

- amb



VÍTT Skemmtileg samsetning af siffontoppi, víðu ballerínupilsi og slaufu í hárinu hjá Erin Fetherston.



LILLABLÁTT Ævintýralegur kjóll úr lillabláu siffoni með silfurlitu víðu pilsi hjá Erin Fetherston.

GEGNSÆTT Gullfalleg samsetning af blúndutoppi og sokkabuxum með síðu pilsi frá Stellu McCartney.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-1905

> BULLOCK ER PIRRANDI

Leikkonan Sandra Bullock hefur viðurkennt að hún geti verið pirrandi. „Ég er ekki auðveld í umgengni. Ég vil ráða öllu og ég þarf að hafa skipulag á öllu. Ég verð alltaf að vera með lista," sagði hún.

fólk

folk@frettabladid.is

Tíu þúsund lesa vampírusögur

„Þessi Twilight-sería hefur framkvæmt vampíruæði," segir Heiðar Ingi Svansson hjá Forlaginu.

Vampírubækur Stephenie Meyer, Ljósaskipti og Nýtt tungl, hafa selst í um tíu þúsund eintökum hér á landi í íslenskri þýðingu. Ljósaskipti hefur selst í átta þúsund eintökum, bæði innbundin og í kilju, á meðan Nýtt tungl, sem kom út á dögunum, er komin í tæplega tvö þúsund eintök. „Við bjuggumst við því að þessari bók myndi ganga vel en þetta er töluvert betra start en hjá fyrri bókinni. Svona helmingi betra," segir Heiðar Ingi um Nýtt tungl.

Heiðar var nýverið staddur á einni stærstu bókahátíð heims í Frankfurt og varð þar áþreifanlega var við vampíruáhugann. „Þetta gerist alltaf í þessum bransa. Um tíma voru allir að leita að næsta Harry Potter og enginn fann hann," segir hann og telur að vampíruæðið sé rétt að byrja. Býst hann við að eldri vampírubækur verði núna endurútgefnar í miklum mæli, höfundar fari að semja fleiri vampírusögur og að eldri handrit um vampírur hljóti frekar náð fyrir augum bókaforlaga. Sjálfur býst hann við því að Forlagið gefi vampírubókmenntum aukinn gaum á næstunni.

TWILIGHT Kvikmyndin Twilight var vinsæl. Í nóvember kemur næsta mynd sem byggð er á bókinni Nýtt tungl.

Heiðar segir að konur á öllum aldri lesi bækur Stephenie Meyer en meðal unglinga lesi bæði strákar og stelpur bækurnar. Telur hann að Twilight-kvikmyndin sem kom út í fyrra hafi ýtt verulega undir bókaáhugann. Önnur myndin í þessum þríleik er væntanleg 27. nóvember. Síðasta bókin kemur síðan í búðir næsta haust. **- fb**

M-ið verður urðað

„Ég hafði ekki leyfi til að láta neinn fá merkingarnar. Ég urða þær seinna," segir Jón Garðar Ögmundsson, eigandi Lystar ehf. sem rekur McDonald's á Íslandi.

Síðustu McDonald's-hamborgararnir á Íslandi verða seldir í kvöld. Á morgun verður svo hafist handa við að rífa niður rauðu og gulu merkingarnar og örlög þeirra verða táknræn. Enginn hefur falast eftir merkingunum, enda má Jón ekki afhenda þær neinum og þær enda því á haugunum.

Engar innréttingar verða fjarlægðar, svo að ásýnd staðarins umturnast ekki þegar hann breytist í íslenska hamborgarastaðinn Metró. Hamborgararnir hafa hreinlega rokið út eftir að tilkynnt var að McDonald's myndi ljúka rekstrinum í vikulok. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að 10.000 borgarar seldust á dag, sem hlýtur að vera Íslands- ef ekki Norðurlandamet.

Samkvæmt Jóni hefur enginn falast eftir frosnum McDonald's-borgurum fyrir framtíðina, enda er sama sagan með þá og merkingarnar – óleyfilegt er að afhenda þá hamborgarahungruðum Íslendingum. **- afb**

Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337

www.rainbow.is

SKEMMTILEGT OG FJÖLBREYTT STARF Andrea Helgadóttir hefur starfað sem förðunarfræðingur fyrir nokkra helstu hönnuði og listamenn heims. Hún segir starfið skemmtilegt og fjölbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kann vel við sig í New York

Andrea Helgadóttir förðunarfræðingur hefur verið búsett í New York síðastliðin tíu ár og starfað með ýmsum þekktum tónlistarmönnum, hönnuðum og listamönnum. Andrea nam förðun í París og útskrifaðist sem förðunarfræðingur árið 2001. Hún er persónulegur förðunarfræðingur Bjarkar á tónleikaferðalögum og hefur einnig starfað með hönnuðum á borð við Threeasfour og Jeremy Scott.

ANDREA OG YOKO Andrea segir Yoko Ono vera indæla en mjög lokaða persónu. MYND/ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR

„Ég byrjaði í raun ferilinn sem aðstoðarmaður Bjarkar og sá meðal annars um að farða hana fyrir heimstúrinn árið 1998 og fyrir Voltatúrinn í fyrra. Það skemmtilega við að vinna með Björk er að hún gefur manni frelsi til að vera skapandi," segir Andrea Helgadóttir förðunarfræðingur.

Að sögn Andreu er starfið skemmtilegt og fjölbreytt og nýlega tók hún að sér starf yfirförðunarfræðings fyrir tískusýningu hönnunarþríeykisins Threeasfour, en þar var verið að frumsýna vorlínu næsta árs. Hönnuðirnir sóttu innblástur sinn til listakonunnar Yoko Ono og var tískusýningin sjálf innblásin af Cut of Piece-gjörningi Ono. „Þeir í Threeasfour hafa mjög sérstakan og framsækinn stíl og það er mjög gaman að vinna með þeim. Línan var innblásin af nokkrum teikningum eftir Yoko Ono og ég ákvað að vinna með sama munstur í förðuninni. Ég endaði á því að gera þrjú mismunandi form sem voru teiknuð á fyrirsæturnar með punktaaðferð og það kom mjög vel út," útskýrir Andrea. Innt eftir því hvernig persóna Yoko Ono sé segir Andrea hana vera ljúfa konu. „Ég hef aðeins hitt hana nokkrum sinnum og þekki hana því ekki mjög vel, en hún virkar yndisleg. Hún er mjög prívat persóna og ég held að það sé vegna þess hve hún hefur verið mikið gagnrýnd um árin."

Andrea hefur meðal annars séð um förðun fyrir tímarit á borð við Dazed og Vogue og farðaði til dæmis Peaches Geldolf fyrir tímaritið NO. Andrea segir það skipta miklu máli að hafa gott fólk til að vinna með í þessum bransa svo allt gangi snurðulaust fyrir sig. „Það skiptir mjög miklu máli að hafa gott lið með sér þegar maður er til dæmis að farða fyrir tískusýningar þannig að allt gangi eins og smurt."

Kærasti Andreu er tónlistarmaðurinn Mike Stroud úr bandarísku hljómsveitinni Ratatat og hafa þau verið saman í rúm fimm ár. „Við ferðumst bæði mjög mikið vegna vinnu okkar þannig að það kemur fyrir að við hittumst lítið sem ekki neitt í einhvern tíma. En við erum orðin vön þessu, þetta hefur verið svona frá því við byrjuðum saman og maður lagar sig bara að þessum aðstæðum eins og öllu öðru."

Andrea segist kunna vel við sig í New York og þar á hún stóran hóp af vinkonum sem margar eru íslenskar. „Þetta er mjög skemmtilegur hópur og ein elsta vinkona mín, Jóhanna Methúsalemsdóttir, býr í sama hverfi og ég í New York. Við erum mjög samheldinn hópur og reynum að hittast sem oftast og vinnum líka mikið saman," segir Andrea. „Ég reyni að koma reglulega í heimsókn til Íslands, ræturnar toga alltaf í mann og þá reynir maður að koma í stutta heimsókn. Mér finnst ágætt að geta dvalið til skiptis í New York og á Íslandi. Kosturinn við New York er að þar getur maður týnst í fjöldanum, en á sama tíma er alltaf jafn notalegt að koma heim þar sem maður þekkir alla," segir Andrea.

sara@frettabladid.is

FÖRÐUN FYRIR THREEASFOUR Hér sést ein fyrirsætan með punktaförðun eftir Andreu. Munstrinu svipar til þess sem notað var á flíkurnar sjálfar. MYND/ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR

Andans jötnar

Öndvegisþýðing Kristjáns Árnasonar



Ummyndanir eftir Óvíd
Eitt af stórvirkjum heimsbókmenntanna

Metamorphoses eða Ummyndanir eftir rómverska skáldið Publius Ovidius Naso, Óvíd, er eitt af stórvirkjum heimsbókmenntanna, ritað um þær mundir er tímatal okkar hefst. Í verkinu eru raktar goðsögur um myndbreytingar og greint er frá ótal hambrigðum úr gríska, rómverskri og austurlenskri goðafræði sem skáldið fléttar í samfellda frásögn af miklu hugviti.

Lifandi lýsingar Óvíds, frjótt ímyndunarafl, mælska, léttleiki og kímni gera Ummyndanir að einu helsta meistaraverki latneskra bókmennta. Verkið hefur um aldir veitt listamönnum og skáldum innblástur og hefur verið staðhæft að það eigi stærri þátt í mótun vestrænnar menningar seinni tíma en nokkurt annað fornaldarrit að heilagri ritningu frátalinni.



Ný bók eftir Óskar Guðmundsson



Tilboð gilda til og með 01.11.09

Þekkir þú Snorra Sturluson?

Snorri Sturluson setti meira mark á Íslandssöguna og menningarsögu Vestur-Evrópu en flestir aðrir einstaklingar. Ævisaga hans sætir því miklum tíðindum. Hér er sögð saga mikilhæfs manns sem þurfti að kljást við konunga í útlöndum, höfðingja heima fyrir, börn sín og breyskleika.



Óskar Guðmundsson hefur hér bundið í frásögn örlagasögu sem margir kannast við en fáir þekkja til hlítar. Sagt er frá vígamönnum og vopnaskaki, hefðarfólki og alþýðu, guðsmönnum og gróðapungum, konungum og kotungum. Óskar starfaði um árabil sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum miðlum en hefur í hálfan annan áratug unnið sem sjálfstætt starfandi fræðimaður og komið að útgáfu fjölda verka sem ritstjóri og höfundur.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Er ekki að fara á bak orða minna

„Nei, ég tel ekki að ég sé að ganga á bak orða minna," segir Bubbi Morthens en eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær tekur Bubbi þátt í forkeppni Söngvakeppni Sjóvnvarpsins, Eurovision, ásamt nágranna sínum og vini, Óskari Páli Sveinssyni. Fræg ummæli Bubba frá árinu 2007 voru rifjuð upp í kjölfarið en þá sagðist hann aldrei ætla að taka þátt í Eurovision. Bubbi dregur aðeins í land með þessi orð. „Höfum þetta þá svona: Ég sé það ekki fyrir mér að ég muni syngja í Eurovision. Ég hef hins vegar aldrei verið feiminn við að viðurkenna að ég hafi haft rangt fyrir mér og er ófeiminn við að skipta um skoðun," segir Bubbi.

Bubbi hefur sterkar skoðanir á keppninni. Að hans mati eru árin 1975 til 2007 einhver mestu hörmungarár í sögu hennar. „En frá árinu 2007 er eins og eitthvað hafi gerst. Maður fór að heyra lög sem höfðu einhvern karakter og þjóðir á borð við Frakka sýndu smá metnað. Ég meina Bretar sendu eitt fremsta dægurlagaskáld heims til leiks í fyrra [Andrew Lloyd Webber] og hann sat sjálfur við píanóið," segir Bubbi og bætir því við að hann hafi verið ákaflega hrifinn af laginu frá Tékklandi í fyrra.

Bubbi segir útkomu lagsins velta mjög mikið á því að flytjandinn sem hann og Óskar hafa í huga láti slag standa. „Ég hlakka bara mikið til, mér finnst þetta spennandi og ég anda alveg sérstaklega rólega af því að ég mun ekki syngja lagið."

- fgg

BUBBI MORTHENS Segist í dag ekki sjá það fyrir sér að hann muni syngja í Eurovision. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jónsi lærir íslensku

LÍÐUR SEM FERMINGARBARNI Jón Jósep Snæbjörnsson, Jónsi í Í svörtum fötum.

„Mér fannst bara kominn sá tími í lífi mínu að ég þyrfti að fara að gera eitthvað krefjandi. Þess vegna fór ég í íslensku í Háskólanum," segir Jónsi í Í svörtum fötum. „Ég veit svo sem ekki hvort ég klára þetta, en þetta er mjög gaman. Ég var síðast í skóla einhvern tímann á síðustu öld og finnst ég hafa yngst rosalega upp við þetta. Mér líður eiginlega eins og fermingarbarni."

Jónsi hamast nú við að skrifa ritgerð og umfjöllunarefnið er nálægt áhugamálinu – góðir og slæmir popptextar. Hljómsveitin Í svörtum fötum heldur upp á tíu ára afmæli í vor og ætlar að gefa út safnplötu af því tilefni. Jónsi segir að tvö ný lög muni líta dagsins ljós í millitíðinni.

- drg

Tónlist ★★★

Þorvaldur Þór Þorvaldsson

Þorvaldur Þór Þorvaldsson

Bragðgóður bræðingur

Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari er tiltölulega nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem hann var við tónlistarnám og lék með ýmsum tónlistarmönnum. Þessi fyrsta plata hans hefur að geyma ellefu lög sem hann samdi á meðan hann bjó enn vestan hafs. Tónlistin er blanda af djassi, rokki og poppi með bragðefnum héðan og þaðan. Þótt hún sé ekkert byltingarkennd og minni t.d. á köflum nokkuð á djassrokkbræðing áttunda áratugarins þá er hún samt vel heppnuð. Lagasmíðarnar eru fínar og nokkuð fjölbreyttar.

Hljóðfæraleikurinn er líka fyrsta flokks, enda valinn maður í hverju rúmi. Þorvaldur og bassaleikarinn Jon Estes sjá um grúvið og gera vel, en ofan á það prjóna Eyþór Gunnarsson á píanó og bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir á saxófón og gítar. Þeir eiga allir góða spretti og skipta með sér framlínunni að hætti djassspilara, en sérstaka gleði veitir gítarleikur Ómars mér. Fæ ekki nóg af honum. Það er gott flæði í þessari tónlist, framvindan er þægileg og áreynslulaus. Platan er aðgengileg og tónlistin hittir oft beint á tilfinningaskynjarana. Bragðgóður bræðingur og fín frumsmíð.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Aðgengileg og vel spiluð blanda af djassi, poppi og rokki. Plata sem ætti að geta höfðað til margra.

YUMMI
ALWAYS SO YUMMI

Hverfisgata 123, S. 588-2121
www.yummiyummi.net

New Menu for 999.-

Ath. Nýr matseðill frá og með 2. nóvember 2009.

K1, Kao Na Kai Mild
Chicken with coconut milk rice - Broiled chicken topped with cucumber, carrot and tasty house sauce over rice.

K2, Kao Moo Daeng Mild
Roasted pork, boiled egg, cucumber and special house sauce over rice.

K3, Kao Pad Panang Hot
Fried rice with chicken stir fried in panang curry sauce

K4, Fried rice rolls Medium
Fried rice with chicken and egg wrapped in roll skin then deep fried

K5, Stir fried noodles Hot
yummi suki with Chicken and egg

THAI NOODLES SOUPS
Noodles bowls with or without soup broth.
For 699.- Special for 999.-

N1, Poor Boy Noodle Hot
Flat rice noodle with tofu and vegetables in a spicy soy-sauce based soup.

N2, Bah Mee Mild
Egg noodles with chicken, roasts pork or tofu.

N3, Guey Teaw Nam Medium
Flat rice noodle with chicken, roasts pork or tofu.

N4, Sen Mee Nam Medium
Rice Vermicelli noodles with chicken or tofu

N5, Guey Teaw Ruer Hot
Rice noodles with stewed beef or chicken in a Thai spicy soy sauce-based soup.

N6, Guey Teaw Nuer Hot
Rice noodles with stewed beef in a Thai spicy soy sauce-based soup.

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA!

Þóra tekur fram skóna á ný

Sífellt færist í vöxt að konur taki sig saman og spili fótbolta. Hingað til hefur slíkt aðallega loðað við karlkynið en sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir telur kvenkynið alveg eins eiga rétt á þessum „heilaga" tíma.

Á ÍTALSKAN HÁTT Þóra reimar á sig skóna og er klædd í landsliðstreyju Ítalíu. Hún segir konur vel geta átt heilagan tíma eins og karlarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir hefur tekið fram skóna á nýjan leik eftir töluverða fjarveru frá fótbolta. Hún æfir í Hlíðaskóla ásamt vöskum hópi kvenna undir nafninu FC Þú sparkar eins og stelpa. Hart er tekist á á æfingum enda eru sérstök verðlaun í boði á árshátíð félagsins fyrir flottustu áverkana.

Þóra segir konur eiga ekkert síður rétt á „heilögum" tíma eins og karlarnir og bumbuboltinn þeirra. „Mennirnir geta farið á þessar æfingar hvernig sem ástandið er heima fyrir af því að þetta er „heilagur tími". Konur geta alveg eins átt svoleiðis stundir," segir Þóra sem æfði frá unga aldri með Breiðabliki þar til hún tók handboltann fram yfir.

Sjónvarpskonan hefur engu síður haft brennandi áhuga á knattspyrnu og lék nokkra leiki með ungmennafélaginu Drangi og bjó einnig til lítið lið í Washington, þegar hún var þar við nám, sem var blandað körlum og konum. Þegar Þóra sneri heim var lítið um svona „utandeildarlið" en Þóra telur árangur kvennalandsliðsins hafa kveikt í margri kvennakempunni. „Þetta eru alveg þvílíkar fyrirmyndir. Ég fór með stjúpdætur mínar þrjár á heimildarmyndina

FRÆKNAR FÓTBOLTAHETJUR Þóra í miðjunni ásamt þeim (fr.v) Ágústu Sigmarsdóttur, Bryndísi Pétursdóttur, Sólveigu Ingadóttur og Bryndísi Sveinsdóttur.

Á FLEYGIFERÐ Sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir hefur tekið fram skóna á nýjan leik eftir að knattspyrnuhæfileikar hennar höfðu legið í dvala í dágóðan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og þær voru alveg agndofa." Enn er hins vegar ekki komin formleg utandeild í kvennaknattspyrnu eins og hefð hefur verið fyrir hjá körlum en sjónvarpskonan bindur vonir við að það geti orðið að veruleika í náinni framtíð. „Það væri alveg frábært, að geta æft einu sinni í viku og svo spilað einn leik. Það er ekki mikið meiri tími sem maður hefur í þetta."

freyrgigja@frettabladid.is

ÚR NOWHERE BOY John Lennon eins og hann lítur út í myndinni.

Ný mynd um Lennon

Sagan um Bítlana og leið sveitarinnar til heimsfrægðar hefur nú þegar verið umfjöllunarefni nokkurra kvikmynda. Ein bætist við bráðlega. Hún heitir Nowhere Boy og er byggð á bók Júlíu Baird, hálfsystur Lennons, Imagine this: growing up with my brother John Lennon. Myndin fjallar um unglingsárin í Liverpool, samband Johns við foreldra sína og Paul McCartney og fyrstu sporin í músikinni með fyrirrennara Bítlanna, The Quarrymen. John Lennon leikur hinn óþekkti Aaron Johnson, sem er ekkert sérlega líkur Lennon í útliti, en leikstjóri myndarinnar er Sam Taylor-Wood. Þetta er hans fyrsta mynd í fullri lengd.

Hopper með krabbamein

Leikarinn Dennis Hopper hefur greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli. Hann hefur aflýst þátttöku sinni í listasýningu í Ástralíu vegna veikindanna. Hopper mun gangast undir meðferð í Kaliforníu og vonast umboðsmaður hans til að allt gangi að óskum.

Leikarinn, sem er 73 ára, var lagður inn á spítala í New York fyrir nokkru vegna flensueinkenna og ofþornunar. Þá kom krabbameinið í ljós. Hopper er þekktastur fyrir leik sinn í myndunum Easy Ryder, Apocalypse Now og Blue Velvet. Undanfarið hefur hann leikið í sjónvarpsútgáfu kvikmyndarinnar Crash.

DENNIS HOPPER Hinn 73 ára leikari hefur greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli.

RISA DVD MARKAÐUR Í ELKO LINDUM

Fullt af nýjum titlum
Betri verð

295
MI:III

895
TROPIC THUNDER

895
EAGLE EYEA

NÝTT Á DVD
2.495
MONSTERS VS. ALIEN

895
THERE WILL BE BLOOD

895
ROCK´N ROLLA



895
BODY OF LIES

NÝTT Á DVD
2.495
STAR TREK

895
TWILIGHT

895
HANNAH MONTANA

295
SUPERMAN

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Símsala s: 575-8115
Almennar upplýsingar s: 544-4000

Lindum - Skeifunni - Vefverslun ELKO.is

Heilbrigð stemning í tónleikahaldi á Íslandi

Ein af afleiðingum bankahrunsins fyrir ári er að Íslendingar eru orðnir miklu þakklátari fyrir það sem hér er boðið upp á. Það er blússandi mæting á tónleika og listviðburði, enda fáir svo sem á leiðinni til erlendra heimsborga að berja heimsfræg atriði augum á meðan gengið er eins og það er. En eru tónleika- og listviðburðahaldarar að standa sig? Hefur miðaverð hækkað úr hófi? Er íslenskt verð samkeppnishæft við erlent?

„Ef eitthvað er hefur verð á minni tónleika lækkað," segir Ólafur Thorarensen hjá Miði.is. „Þá er ég að tala um á tónleika fyrir þúsund manns og minna. Miðaverð á stærri tónleika hefur svo staðið í stað, til dæmis er sama verð á Jólatónleika Björgvins og í fyrra." Ólafur staðfestir að miðasala á alla listviðburði hefur aukist. „Við sjáum aukningu í sölu bíómiða, leikhúsmiða og á smærri tónleika, en sala á stærri tónleika hefur dregist saman, fyrst og fremst vegna þess að það eru svo fáir stórir tónleikar í boði!"

„Það sýndi sig bæði á Airwaves og á Ragga Bjarna-tónleikunum að landann þyrstir í tónleika," segir Ingólfur Magnússon, framkvæmdastjóri tækjaleigunnar Exton. Hann segir fyrirtækið ekki hafa hækkað gjaldskrána eftir hrun. „Það halda allir að sér höndum, við jafnt sem tónleikahaldarar. Við erum því með sama góðgerðadílinn og venjulega."

Þyrfti að kosta miklu meira

Eyjólfur Kristjánsson heldur Eagles-heiðurstónleika í Háskólabíói í kvöld. Miðinn kostar 6.900 krónur. „Ég hélt svona tónleika í Borgarleikhúsinu í mars í fyrra og þá minnir mig að miðinn hafi kostað 5.900 kr. Ég sé það að núna hefði miðinn átt að kosta miklu meira!" segir hann og hlær. Honum finnst miðaverðið alls ekkert of hátt. „Nei, ekki fyrir þriggja tíma skemmtun með öllu þessu fólki. Það kostar rúmar sex milljónir að halda þessa tónleika og Háskólabíó tekur 970 manns. Svo þarf ég að rífa nokkur sæti í burtu til að koma fyrir mixer. Fólk sér því að ég er ekki að labba í burtu með margar milljónir í vasanum. Ég held án gríns að ég hafi reiknað það út að ef ég sel alla miðana fái ég 150 þúsund krónur í minn hlut! En það er gaman að gera eitthvað af hugsjón líka. Fólk þarf á svona að halda í þessu árferði. Það er gospelkór, rosalegt band og allir helstu söngvarar þjóðarinnar. Ég held að Eagles sjálfir séu ekkert að koma. Ætli miðinn þyrfti ekki að kosta hundrað þúsund kall á þá!"

GERT AF HUGSJÓN Frá Eagles heiðurstónleikum Eyjólfs Kristjánssonar í fyrra. Hann heldur aðra í kvöld.

Meiri samkennd

Öll tónlistarsenan nýtur góðs af breyttu viðhorfi landans til innlendrar skemmtunar, líka rokksenan. „Það er frábær mæting og frábær stemming. Þetta sást til dæmis vel á Airwaves," segir Kristján Freyr Halldórsson, trommuleikari rokksveitarinnar Reykjavík! „Sem tónlistarmaður finn ég fyrir meiri samkennd í bransanum en áður, menn eru klappandi hver öðrum á bakið út í eitt. Svo er eins og gestir séu mun tilbúnari en áður að borga sig inn. Í góðærinu þurfti að dekstra fólk á tónleika með bjór, plötu og sængurverasetti, en samt vældi fólk yfir því ef það þurfti að borga 500 kall inn. Nú borga gestir þúsund kall og segja ekki múkk, finnst það bara sjálfsagt. Það er eins og fólk sé búið að fá meiri tilfinningu fyrir peningunum sínum. Það er eitthvað heilbrigt og fallegt við stemminguna."

drgunni@frettabladid.is

ÓVART Taylor Swift vissi ekki af hakakrossinum á skyrtu veislugestsins.

Sá ekki hakakrossinn

Ljósmynd af hinni ungu söngkonu Taylor Swift hefur valdið miklu fjaðrafoki í Bandaríkjunum. Myndin var tekin í afmælisveislu söngkonunnar Kate Perry og á henni má sjá Swift og ungan pilt brosa fallega framan í ljósmyndarann. Það sem vekur athygli er að pilturinn klæðist skyrtu og er búið að mála stærðarinnar hakakross á hana að framanverðu. Hakakrossinn hefur farið fyrir brjóstið á mörgum Bandaríkjamönnum af gyðingaættum. Talsmaður Swift sagði að söngkonan hefði ekki haft hugmynd um hakakrossinn á skyrtunni. „Það voru teknar yfir hundrað myndir af Taylor þetta kvöld. Hún þekkir ekki þennan pilt og áttaði sig ekki á tákninu sem búið var að mála á skyrtuna hans," sagði talsmaður söngkonunnar.

Plöggari á fræðslukvöldi

Fyrsta fræðslukvöld Útóns, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, verður haldið í Norræna húsinu á þriðjudaginn. Þar verður farið yfir gagnsemi samfélagssíðna á borð við Facebook, Myspace, Flickr og Youtube við kynningu á tónlist og menningarverkefnum.

Ariel Hyatt, fjölmiðlaplöggari hjá almannatengslafyrirtækinu Cyber PR í New York, hefur umsjón með fræðslukvöldinu. Hún hefur víðtæka reynslu af markaðssetningu á Netinu og hefur á síðustu þrettán árum verið fulltrúi yfir 1.400 tónlistarmanna. Námskeiðið hefst klukkan 19.30 og kostar 4.000 krónur inn. Skráningar fara fram á greta@utflutningsrad.is.

ÁNÆGÐ Móðir Britney er ánægð með kærasta dóttur sinnar.

Lífið leikur við Britney

Lífið virðist leika við Britney Spears þessa dagana. Söngkonan lauk nýverið vel lukkuðu tónleikaferðalagi og hefur fundið ástina á ný með umboðsmanni sínum, Jason Trawick. Móðir Spears er himinlifandi með piltinn, sem hefur víst verið stoð og stytta Spears síðustu ár. „Hann er yndislegur. Hann er traustur. Hann er maðurinn sem hver móðir mundi óska sér sem tengdason," sagði Lynne Spears, móðir Britney.

Var gráti næst

Söngkonan og X-factor-dómarinn Dannii Minogue spjallaði við Piers Morgan um lífið og tilveruna í nýlegu sjónvarpsviðtali. Þar segist söngkonan ávallt hafa trúað því að systir hennar, Kylie, mundi ná sér eftir krabbameinið. „Ég hugsaði aldrei út í það að hún gæti dáið. Maður gerir það einfaldlega ekki. Í hjarta mínu vissi ég að hún myndi sigra og að hún myndi ekki greinast aftur með þennan sjúkdóm," sagði söngkonan gráti næst.

DANNII MINOGUE Var viss um að systir hennar myndi ná sér eftir veikindin.

SAKNAÐ Faðir Michaels Jackson tárast þegar hann heyrir lag eftir son sinn.

Jackson grætur í einrúmi

Joe Jackson, faðir poppgoðsins Michaels Jackson, sagði í viðtali við tímaritið Extra að sonur hans væri meira virði nú heldur en þegar hann var í lifanda lífi. „Hann er meira virði núna en þegar hann var á lífi. Ég mundi frekar vilja hafa hann hjá mér. Þegar hann var á lífi vildu fjölmiðlar ekki sýna hans innri mann," sagði höfuð Jackson-fjölskyldunnar. Hann sagðist þar að auki gráta í hvert sinn sem hann heyrði lag eftir son sinn. „Enginn mun sjá mig gráta. En þegar ég er einn með sjálfum mér hugsa ég oft um allt það sem við höfum gengið í gegnum."

Ljósvakaljóð haldin í fjórða sinn

Ljósvakaljóð, stuttmyndahátíð ungs fólks, verður haldin í fjórða skiptið fimmtudaginn 5. nóvember í Norræna húsinu. Keppt verður um bestu stuttmyndina, besta frumsamda handritið og í annað skiptið verður keppt um bestu „pitch"-hugmyndina en sú keppni sló í gegn í fyrra.

„Við höfum fengið vaxandi undirtektir. Við erum að prófa okkur áfram með þessa handritakeppni í ár og nú þegar eru handritin farin að streyma inn. Maður finnur að fólk er að bíða eftir tækifæri til að láta ljós sitt skína," segir Björg Magnúsdóttir skipuleggjandi.

Leitað er eftir verkum fólks á aldrinum 15 til 25 ára og rennur umsóknarfresturinn út á mánudaginn. Verðlaun fyrir bestu stuttmyndina eru 50 þúsund krónur og 15 þúsund fást fyrir besta stuttmyndahandritið.

Dómnefnd handritakeppninnar er skipuð Friðriki Þór Friðrikssyni, Yrsu Sigurðardóttur og Bergi Ebba Benediktssyni. Í dómnefnd fyrir stuttmynda- og pitch-keppnina sitja Ragnar Bragason, Silja Hauksdóttir og Ottó Geir Borg. „Það var ótrúlega jákvætt viðmót sem mætti okkur og það er stórkostlegt að fá þessa flottu leikstjóra, handrits og rithöfunda til liðs við okkur," segir Björg. „Það gerir þetta veglegra og eftirsóknarverðara."

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á síðunni Ljosvakaljod.is.

- fb

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR Stuttmyndahátíðin Ljósvakaljóð er nú haldin í fjórða sinn.

4 STJÖRNU SÓLARVEISLA Í NÓVEMBER!
SÓLARLOTTÓ
Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Tenerife-vika
HÁLFT FÆÐI
99.900 kr.
Verð frá:
m.v. tvo fullorðna og eitt barn í herbergi með hálfu fæði. Brottfarir 4., 11., 18., og 25. nóvember.
Bókaðu betur í vetur á
www.plusferdir.is
Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin!
Engin bókunargjöld ef bókað er á netinu.
PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100
plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Tíbeskur búddamunkur fær ágóða nýrrar plötu

Tónlistarkonan Anna Halldórsdóttir kom fyrir skömmu í tveggja vikna heimsókn til Íslands frá New York og tók upp sína þriðju sólóplötu. Allur ágóði rennur til samtakanna CED Orphanage sem tíbeskur búddamunkur rekur.

ANNA HALLDÓRSDÓTTIR Anna hefur nýlokið upptökum á sinni þriðju sólóplötu sem hún tók upp á sveitabæ á Álftanesi. MYND/BJARNI GRÍMSSON

Platan var tekin upp á sveitabæ á Álftanesi og Önnu til halds og trausts var gamall vinur hennar frá Akranesi, Davíð Þór Jónsson. Spilaði hann á hin ýmsu hljóðfæri og stjórnaði upptökum. Ólöf Arnalds kemur einnig við sögu á plötunni ásamt bassaleikaranum Sveini Rúnari Grímarssyni.

Rúm tíu ár eru liðin síðan síðasta plata Önnu, Undravefurinn, kom út. Fyrsta plata hennar, Villtir morgnar, kom út 1996 og árið eftir var hún valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum. „Hún er búin að vera í farveginum í þó nokkuð langan tíma," segir Anna um nýju plötuna. „Ég hef verið að semja rosalega mikið og það var bara kominn tími á þetta. Þótt það séu liðin þessi ár þá er maður bara samkvæmur sjálfum sér og fylgir sínu hjarta."

Undanfarin ár hefur Anna búið í New York ásamt bandarískum eiginmanni sínum, Joseph Spaid. Þau kynntust á Íslandi árið 2003 þegar Spaid kom hingað til lands til að búa til heimildarmynd. Í framhaldinu fluttist Anna til New York og hefur unnið þar við tónlist og skipulagningu viðburða, meðal annars fyrir MTV og sjónvarpsstöðina Fox.

Anna kynntist tíbeskum búddamunki, Lama Tenzin Chogyal, í gegnum eiginmann sinn og hefur allar götur síðan heillast af góðmennsku hans og hugmyndafræði, enda rennur allur ágóði nýju plötunnar til samtaka hans. Munkurinn hefur lagt mikið á sig til að bæta líf barna sem búa í afskekktu héraði í Himalaja-fjöllunum og hefur byggt þar heimili fyrir þau og komið þeim til mennta. „Það er stórkostlegt að fá að vera nálægt svona manneskju," segir Anna, sem hefur sjálf lagt sitt af mörkum í hjálparstarfinu. Stofnaði hún meðal annars prjónasamtökin All We Knit is Love sem prjóna föt handa börnunum.

Þriðja sólóplata Önnu kemur út hér á landi og í Bandaríkjunum næsta vor. Hún er ánægð með að geta nýtt tónlistina til góðra verka. „Það er gaman að sjá hvernig hlutirnir gerast þegar maður opnar sig og er ekki bara að hugsa um sjálfan sig. Það er gott ef maður getur gert eitthvað með tónlistina sína og að maður sé að gefa eitthvað af sér," segir hún.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus
THIS IS IT – POWERSÝNING KL. 10.15
COUPLES RETREAT
JÓHANNES ★★★½ - S.V. MBL ★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2
550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
SÝNINGARTÍMAR
THIS IS IT - POWER kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.15 L
COUPLES RETREAT kl. 8 og 10.15 12
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN kl. 2, 4 og 6 - Ísl. tal L
JÓHANNES kl. 2, 4, 6, 8 og 10 L
9 kl. 2 L

matt damon is The Informant!
HILARIOUS, GRIPPING AND RIDICULOUSLY ENTERTAINING. ONE OF THE YEAR'S BEST FILMS." STEPHEN REBELLO, PLAYBOY
EIN VINSÆLASTA TEIKNIMYND ALLRA TÍMA ER LOKSINS KOMIN Í PRÍVÍDD
TOY STORY
COUPLES RETREAT · GAMER · Funny People · Fame

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
THE INFORMANT kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 L
THE INFORMANT kl. 8 VIP
TOY STORY 1 M/ísl. Tali 12(3D) - 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) L
LAW ABIDING CITIZEN Forsýning kl. 10:20 16
LAW ABIDING CITIZEN Forsýning kl. 10:20 VIP
COUPLES RETREAT kl. 5:50 - 8 - 10:20 12
GAMER kl. 8 - 10:40 16
GAMER kl. 4 - 6 VIP
FAME kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 L
ORPHAN kl. 10:20 16
ALGJÖR SVEPPI kl. 12 - 2 - 4 - 6 L
FUNNY PEOPLE kl. 8 SÍÐ SÝN 12
UPP M/ísl. Tali kl. 1:30 - 3:40 L
G-FORCE M/ísl. Tali kl. 12 - 1:50 L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI
THE INFORMANT kl. 8:10 - 10:30 L
TOY STORY 1 M/ísl. Tali kl. 12:15(3D) - 2:15(3D) - 4:15(3D) - 6:15(3D) L
COUPLES RETREAT kl. 8:10D - 10:30D 12
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali kl. 12:15D - 2:15D L
FAME kl. 6:15 L
ORPHAN kl. 10:30 16
SURROGATES kl. 8:30 SÍÐ SÝN 12
ALGJÖR SVEPPI kl. 4:15D - 6:15D L
UPP M/ísl. Tali kl. 12:15 - 2:15 - 4:15 L

SAMBÍÓIN AKUREYRI
ALGJÖR SVEPPI kl 2 - 4 - 6 L
COUPLES RETREAT kl. 8 - 10:20 12
LAW ABIDING CITIZEN kl. 10:20 Forsýning 16
SKELLIBJALLA kl. 2 - 4 L
FAME kl. 6 L
ORPHAN kl. 8 16

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!
THIS IS IT
EINGÖNGU SÝND Í 2 VIKUR
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR. ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM HEIMURINN HEFUR BEÐIÐ EFTIR.
LÚXUS
ROMAN POLANSKI: WANTED AND DESIRED
ZOMBIELAND · JÓHANNES · STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 · „Stórskemmtileg!" – Hollywood Reporter · CAPITALISM A LOVE STORY · GUÐ BLESSI ÍSLAND – Síðustu sýningar

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.
THIS IS IT kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 L
THIS IS IT LÚXUS kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 L
ZOMBIELAND kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 16
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 kl. 1 L
JÓHANNES kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 L
9 kl. 1 - 3 10
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM kl. 5.20 - 8 - 10.40 16

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ 550 kr.
THIS IS IT kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 L
ZOMBIELAND kl. 6 - 8 - 10 16
CAPITALISM kl. 3 - 6 - 9 7
JÓHANNES kl. 4 - 6 - 8 - 10 L
GUÐ BLESSI ÍSLAND SÍÐUSTU SÝNINGAR kl. 3.45 L

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500
ZOMBIELAND kl. 8 - 10 16
JÓHANNES kl. 4 - 5.40 - 8 - 10 (Lau.) L
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 kl. 4 L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM kl. 5.40 16
PARANORMAL ACTIVITY FORSÝNING kl. 10 Aðeins sunnudag 16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.
WANTED AND DESIRED kl. 3.30* - 5.45 - 8 - 10.15 12
ZOMBIELAND kl. 4 - 6 - 8 - 10 16
BROKEN EMBRACES kl. 3.20 - 6 - 9 12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM kl. 3.20 - 6 - 9 16
* Aðeins sunnudag

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ SELFOSS KEFLAVÍK SAMBÍÓIN BORGAR BÍÓ
2 VIKUR Á TOPPNUM
JÓHANNES
LADDI STEFÁN KARL HERDÍS ÞORVALDS STEFÁN HALLUR OG UNNUR BIRNA
22.000 MANNS FYRSTU 14 DAGANA
Besta myndin síðan Sódóma Reykjavík ★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan
Þetta er alvöru tær snilld ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
...Sannkölluð "feelgood" -mynd, ekki veitir af ★★★½ - S.V. MBL

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ
550 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.4 REGNBOGINN KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3.20 REGNBOGINN
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3.20 REGNBOGINN
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3.30 REGNBOGINN ATH: Aðeins sunnudag

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSLENSKT TAL
ATH. SÝND KL.2
Bíómynd fyrir alla krakka
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 ELTIÐ APANN
ÞEGAR VERÖLD OKKAR LEIÐ UNDIR LOK, HÓFST ÞEIRRA.
550 KR. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

30.000 GESTIR!
ALGJÖR SVEPPI

SPARBÍÓ
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali kr. 550 kl. 12:15 í Kringlunni, 2 á Akureyri, Keflavík og á Selfossi
TOY STORY (3D) M/ísl. Tali kr. 850 kl. 12 í Álfabakka og 12:15 í Kringlunni
UPP M/ísl. Tali kr. 550 kl. 1:30 í Álfabakka og 12:15 í Kringlunni

TVÆR MAGNAÐAR
MYNDIR KOMNAR Á DVD!

- Í NÆSTU VERSLUN -

Einnig fáanleg á Blu-Ray

Einnig fáanleg á Blu-Ray

EINNIG FÁANLEGAR:

Íslenskt tal | Íslenskt tal | Íslenskur texti

Verslaðu jólagjafirnar tímanlega ►

sena

okkar heimur // þín skemmtun

> Alexander leitar að nýju félagi

Landsliðsmaðurinn Alexander Petersson er á förum frá þýska félaginu Flensburg. Samningur hans við félagið rennur út næsta sumar og hann ætlar ekki að framlengja hann. Alexander hefur lítið fengið að spila með Flensburg í vetur en þjálfari liðsins, Per Carlén, spilar nær eingöngu á syni sínum, Oscar. Við það er íslenski landsliðsmaðurinn ósáttur enda telur hann sig hafa meira fram að færa en að sitja á bekknum. Hann segist kannski losna í janúar og ætlar að nýta EM vel til þess að minna á sig.

sport
sport@frettabla-

ATLI JÓHANNSSON: GEKK Í GÆR Í RAÐIR STJÖRNUNNAR OG SKRIFAÐI UNDIR TVEGGJA ÁRA SAMNING

Það eru jákvæðir tímar fram undan í Garðabæ

Eyjamaðurinn Atli Jóhannsson hefur ákveðið að ganga í herbúðir Stjörnunnar en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Garðabæjarliðið í gær. Atli er uppalinn hjá ÍBV en hefur leikið með KR síðustu þrjú tímabil og fastlega var búist við því að hann myndi framlengja samning sinn við Vesturbæjarliðið þrátt fyrir að hafa ekki átt fast sæti í byrjunarliðinu þar síðasta sumar.

„Það var vissulega áhugi fyrir hendi hjá KR, jafnvel alveg fram á síðasta dag, en það dæmi gekk á endanum ekki upp. Ég var ágætlega ánægður með síðasta sumar með KR en hefði ef til vill viljað fá fleiri tækifæri með liðinu. En svo fór sem fór í þeim málum og því var ekkert annað í stöðunni en að tala við önnur lið. Ég er bara sáttur við að vera búinn að fá lendingu í mín mál og núna getur maður farið að einbeita sér að einhverjum öðrum málum," segir Atli en mörg lið voru á höttunum eftir honum, þar á meðal uppeldisfélagið ÍBV.

„Ég vissi af áhuga annarra félaga og ég er mjög þakklátur fyrir það. Nokkur þeirra settu sig í samband við mig og ÍBV var vissulega eitt þeirra. Ég og konan erum hins vegar búin að koma okkur vel fyrir í Árbænum og við vorum því búin að ákveða að vera þar áfram. Því kom í raun og veru aldrei til greina að fara til Vestmannaeyja núna. Maður veit samt aldrei hvað gerist í framtíðinni," segir Atli.

Stjörnumenn voru spútniklið síðasta sumars í Pepsi-deildinni og Atli er vongóður um að liðið geti haldið áfram á sömu braut næsta sumar. Atli viðurkenndi jafnframt að þjálfarinn Bjarni Jóhannsson hefði haft mikið að segja með ákvörðun hans að ganga í Stjörnuna.

„Ef menn ná að halda leikmannahópnum saman og bæta aðeins við hann eru jákvæðir tímar fram undan í Garðabænum, það er ég viss um. Ég heillaðist af spilamennsku liðsins í sumar og Bjarni vildi líka ólmur fá mig til liðsins. Það hafði óneitanlega mikið að segja," sagði Atli að lokum.

Fram ákvað að semja ekki við Ingvar Þór Ólason:

Kom mér á óvart

FÓTBOLTI Ljóst er að reynsluboltinn Ingvar Þór Ólason mun ekki leika með Fram næsta sumar. Samnningur Ingvars Þórs við Fram átti að renna út um áramótin en félagið hefur tilkynnt að það muni ekki bjóða honum nýjan samning.

„Ég var bara að heyra af þessu í dag [í gær] og verð nú að segja að þetta kom mér dálítið í opna skjöldu. Það kom mér á óvart að Fram hafi ekki viljað kreista eitt ár í viðbót út úr manni. Það hljóta annars að vera einhverjar góðar ástæður fyrir þessu og þetta var ekki gert í neinum leiðindum. Það er hins vegar ljóst að það er mikil reynsla farin með mér Auðuni Helgasyni og Paul McShane," segir hinn 37 ára gamli Ingvar Þór.

Miðjumaðurinn baráttuglaði hefur leikið með Fram síðasta áratuginn eða svo og var til að mynda valinn besti leikmaður liðsins í lokahófi félagsins í lok sumars. „Þetta er spurning hvort maður leggi skóna á hilluna eða leiti á önnur mið," segir Ingvar Þór og viðurkennir að nokkur lið séu búin að hafa samband. - óþ

INGVAR ÞÓR Er óviss hvort hann hætti eða finni sér nýtt lið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ECCO GOLFSKÓR
Á FRÁBÆRU VERÐI
Úr sumarlínunni 2009 - Tilvalin jólagjöf
30% afsláttur af öllum golfskóm

Ecco Casual Cool
E-38543 55613
Kvennskór
Verð með afslætti:
10.495 kr.-

Ecco Casual Pitch
E-38883 53582
Kvennskór
Verð með afslætti:
13.296 kr.-

Ecco Casual Cool II
E-39404 53582
Herraskór
Verð með afslætti:
11.196 kr.-

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ MÁN.-FÖS. 11 - 18 · LAU. 11 - 16 · SUN. 12 - 16

Meistararnir bitu frá sér

Íslandsmeistarar KR sendu sterk skilaboð frá sér í gær er liðið lagði meistarakandidata Grindavíkur í Vesturbænum. KR var sterkari aðilinn allan leikinn.

KÖRFUBOLTI Baráttuglaðir KR-ingar unnu flottan sigur á heillum horfnu liði Grindavíkur í Vesturbænum í gær. KR leiddi nánast allan leikinn og vann með tveimur stigum, 84-82. KR búið að vinna alla fjóra leiki sínaí deildinni en Grindavík tapað tveimur af fyrstu fjórum.

Grindvíkingar mættu til leiks án Bandaríkjamanns en þeir sendu Bin Daanish til Sauðarkróks á dögunum. Þetta var fyrsta heimsókn þeirra í Vesturbæinn síðan þeir töpuðu á dramatískan hátt í úrslitunum í fyrra.

KR-liðið mætti gríðarlega ákveðið til leiks. Spilaði sterka vörn og var grimmt í fráköstunum á báðum endum vallarins. Þeir tóku frumkvæðið snemma og leiddu nánast allan fyrri hálfleik. Tommy Johnson var heitur framan af en síðan tók Semaj Inge við keflinu en hann gladdi áhorfendur með glæsilegum troðslum og fallegum körfum. Ungu strákarnir Jón Orri Kristjánsson og Finnur Atli Magnússon áttu líka góða innkomu.

KR leiddi með fimm stigum eftir fyrsta leikhluta, 28-23, og þeir bættu við það forskot fyrir hlé en þá var staðan 56-48. Grindvíkingar í nokkrum vandræðum með sinn leik en þeir Þorleifur Ólafsson og Brenton Birmingham drógu vagninn fyrir þá. Páll Axel var ekki að finna sig eins og svo oft áður í DHL-höllinni.

Það var engu líkara en KR-ingar hefðu drukkið eitthvað verulega vont í leikhléi því það var allt annað KR-lið á vellinum í síðari hálfleik. Boltinn hætti að flæða hjá þeim í sókninni og einstaklingsframtakið tók við. Var engu líkara en leikmenn yrðu hræddir.

SKILINN EFTIR Semaj Inge fer hér framhjá Arnari Frey Jónssyni í leiknum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sem betur fer fyrir þá var Grindavík ekki að hitta sérstaklega vel en þó betur en KR því forskotið hélt áfram að minnka.

Munurinn sex stig, 68-62, þegar einn leikhluti var eftir. Svipaður munur var á liðunum í lokaleikhlutanum sem var illa leikinn af beggja hálfu. Hver klaufamistökin á fætur öðru litu ljós og leikmenn virtust ekki höndla spennuna. KR hleypti Grindavík þó aldrei upp að sér, sýndi karakter þegar á þurfti að halda og landaði frábærum og sanngjörnum sigri.

„Við erum fyrst og fremst ánægðir með að hafa unnið og haldið heimavellinum ósigruðum," sagði baráttujaxlinn, Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, eftir leik en hann átti magnaðan dag. Spilaði vel og reif félaga sína áfram.

„Liðið er enn að slípast og við duttum svolítið niður í síðari hálfleik þegar við hefðum átt að gefa í. Það kann aldrei góðri lukku að stýra að reyna að verja forskot en við kláruðum þetta og sýndum mikinn styrk fannst mér."

- hbg / - rog

Níu leikir á dagskrá í ensku úrvalsdeildinni í dag:

Tíu ára bið Tottenham loksins á enda komin?

FÓTBOLTI Boltinn heldur áfram að rúlla í ensku úrvalsdeildinni en alls fara níu leikir í deildinni fram í dag. Stórleikur dagsins er viðureign erkifjendanna í norðurhluta Lundúna er Arsenal tekur á móti Tottenham.

Harry Redknapp tók við Tottenham á síðasta tímabili og náði að koma liðinu úr botnsæti deildarinnar upp í miðja deild þegar tímabilinu lauk. Hans fyrsti leikur með félaginu var einmitt gegn Arsenal á útivelli en þeim lauk með 4-4 jafntefli.

„Mér finnst að við séum að nálgast þá," sagði Redknapp. „Arsenal spilar glæsilega knattspyrnu en það gerum við líka. Okkar leikmannahópur er nægilega sterkur til að standast hvaða liði sem er snúning. Við stefnum því óhikað að því að vinna leikinn."

Tottenham hefur reyndar ekki unnið Arsenal í deildarleik undanfarin tíu ár en það gæti breyst í dag. Liðin eru bæði með nítján stig í 3.-4. sæti deildarinnar en Arsenal á að vísu leik til góða.

Sjö leikir hefjast klukkan 15 í dag. Chelsea mætir til að mynda Bolton og Liverpool fer í heimsókn til Fulham. Lokaleikur dagsins verður svo viðureign Manchester United og Blackburn. - esá

ERKIFJENDUR Jermain Jenas og Nicklas Bendtner í baráttunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

KR - Grindavík 84-82
Stig KR: Stig KR: Semaj Inge 21, Fannar Ólafsson 17, Tommy Johnson 13, Brynjar Þór Björnsson 11, Finnur Atli Magnússon 10, Jón Orri Kristjánsson 5, Ólafur Már Ægisson 5, Skarphéðinn Ingason 2.
Stig Grindavíkur: Brenton Birmingham 21, Þorleifur Ólafsson 20, Páll Axel Vilbergsson 15, Ómar Sævarsson 12, Arnar Freyr Jónsson 7, Ármann Vilbergsson 3, Ólafur Ólafsson 2.

Hamar - Tindastóll 80-68
Stig Hamars: Marvin Valdimarsson 25, Andre Dabney 16, Svavar Pálsson 9, Viðar Hafsteinsson 9, Páll Helgason 9, Oddur Ólafsson 8, Ragnar Nathanaelsson 4.
Stig Tindastóls: Svavar Birgisson 17, Friðrik Hreinsson 15, Michael Giovacchini 12, Helgi Rafn Viggósson 9, Axel Kárason 6, Amani Bin Daanish 6, Hreinn Birgisson 3.

Keflavík - Snæfell 90-76

STAÐAN

Njarðvík	**4**	**4**	**0**	**343-282**	**8**
Stjarnan	4	4	0	349-291	8
KR	**4**	**4**	**0**	**378-325**	**8**
Keflavík	4	3	1	355-286	6
Snæfell	**4**	**2**	**2**	**328-292**	**4**
Grindavík	4	2	2	334-307	4
ÍR	**4**	**2**	**2**	**345-323**	**4**
Hamar	4	2	2	318-327	4
Breiðablik	**4**	**1**	**3**	**316-351**	**2**
Tindastóll	4	0	4	320-397	0
Fjölnir	**4**	**0**	**4**	**270-349**	**0**
FSu	4	0	4	274-400	0

Nýtt í Skífunni

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is

#1 á íslandi

2CD

Helgar tilboð

2.499 kr.

Friðrik Ómar og Jógvan Hansen árita og flytja lög af plötunni ásamt hljómsveit kl. 14:00 í Skífunni, Kringlunni

Benedikt Brynleifsson, slagverk
Róbert Þórhallsson, bassi
Greta Salóme Stefánsdóttir, fiðla
Vignir Þór Stefánsson, hljómborð
Pétur V Pétursson, gítar

2CD

Helgar tilboð

3.399 kr.

Helgar tilboð

2.699 kr.

Helgar tilboð

2.699 kr.

Nýjar plötur

Væntanlegt

3. nóv

5. nóv

3. nóv

CD & DVD

5. nóv

CD & DVD

4. nóv



3. nóv

2. nóv

GERRARD Labbar meiddur af velli í leik Liverpool gegn Lyon. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Benitez:

Óvíst hvenær Gerrard spilar

FÓTBOLTI Rafael Benitez, stjóri Liverpool, segist ekki vita hvenær Steven Gerrard geti spilað með liðinu á nýjan leik en hann á við nárameiðsli að stríða. Það er þó ljóst að hann verður ekki með þegar Liverpool mætir Fulham í dag.

„Ástand Gerrards er að skána en við þurfum að ákveða til hvaða ráða er hægt að grípa ef bati hans verður ekki eins og við gerðum ráð fyrir," sagði Benitez.

Sögusagnir hafa verið á kreiki að meiðsli Gerrard séu það alvarleg að hann þurfi að gangast undir aðgerð. Hann yrði þá frá í lengri tíma.

Gerrard var síðast í byrjunarliði Liverpool er liðið mætti Lyon í Meistaradeildinni þann 20. október. Þá var hann tekinn af velli í fyrri hálfleik. Liðin mætast aftur í næstu viku, þá í Frakklandi.

„Ég veit ekki hvort Gerrard spilar í Frakklandi. En það er rétt að það eru ákveðin vandamál til staðar." **- esá**

Meiðsli ógna ferli Einars

Óheppnin eltir Einar Hólmgeirsson á röndum. Hann glímir við erfið meiðsli sem gætu bundið enda á feril hans. Þriðji uppskurðurinn gæti beðið hans.

HANDBOLTI „Það er stór skemmd í brjóskinu undir hnéskelinni. Ef ég verð ekki orðinn betri á næstu 3-4 vikum þarf ég að fara í aðra aðgerð," sagði Einar um nýjustu sjúkdómsgreininguna sem hann fékk hér á landi.

Einar hefur ekkert spilað handbolta síðan í byrjun maí á árinu. Hann lagðist undir hnífinn vegna þessara sömu meiðsla 5. maí og þurfti síðan að fara í aðra aðgerð hinn 26. júlí. Hann er ekki enn nálægt því að ná fullri heilsu.

„Ég er betri en ekki góður. Ég ætla að láta reyna á þetta og vona það besta. Ég hef aðallega verið í endurhæfingu en er aðeins byrjaður að hlaupa. Vonandi sleppur þetta því ég vil helst ekki fara í aðra aðgerð. Ég er kominn með nóg af þeim í bili," sagði Einar, sem reynir að vera bjartsýnn þó svo að vissulega reyni þetta ástand á sálarlífið.

„Brjóskmeiðsli eru erfið og mönnum gengur misvel að vinna með þau. Mín eru víst á sérstaklega vondum stað, sem hjálpar ekki til. Menn hafa verið afskrifaðir með brjóskmeiðsli áður en komið svo sterkir inn síðar. Ég reyni að hafa það í huga. Þetta er enginn dauðadómur enn sem komið er en verður erfiðara með hverri vikunni," sagði Einar.

Samningur hans við Grosswallstadt rennur út næsta sumar og miðað við óbreytt ástand fær hann ekki nýjan samning. Þá þyrfti hann að koma heim til þess að byggja sig upp á nýjan leik. Einar neitar því ekki að hann sé orðinn pínu hræddur við að meiðslin gætu bundið enda á ferilinn.

„Það getur vel verið að ég þurfi að hætta, að minnsta kosti í einhvern tíma. Ég er aðeins byrjaður að hugsa um að það geti gerst að ég þurfi að koma heim. Ég reyni samt að vera úti eins lengi og ég get. Ef allt fer vel verð ég kominn á fullt í febrúar. Ef ég þarf að fara aftur undir hnífinn bætast svona 4-5 mánuðir við og þá er tímabilið farið," sagði Einar, sem er aðeins 27 ára gamall en hefur gengið í gegnum margt á stuttum ferli.

„Mér líður eins og ég hafi verið atvinnumaður í tuttugu ár en hef bara verið úti í fimm ár. Ég hef vissulega verið einstaklega óheppinn með meiðsli og þetta er orðið gott. Ég hef samt aldurinn með mér og gefst ekkert upp þó svo að ég verði kannski að koma heim í eitt ár. Ég á mikið inni," sagði Einar Hólmgeirsson. **henry@frettabladid.is**

SÍÐASTI LANDSLEIKURINN Einar sést hér í landsleik gegn Belgum sem var síðasti leikur hans fyrir landsliðið í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

JÓN ARNÓR Hér í leik með KR á síðastliðnu keppnistímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Arnór Stefánsson:

Bjartsýnn á góðan bata

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson sagði í viðtali við spænska blaðið Marca í gær að hann sé vongóður á að ná fyrr bata en áætlað var vegna meiðsla sinna.

Jón Arnór meiddist illa á baki þegar hann féll í gólfið í leik á undirbúningstímabili spænska úrvalsdeildarfélagsins CB Granada. Talið var í fyrstu að hann yrði frá í 3-4 mánuði en nú eru læknar félagsins vongóðir um að sá tími verði styttri.

„Ég finn að ég er allur að koma til," sagði Jón Arnór. „Við erum á undan áætlun og er ég því bjartsýnn."

Hann byrjaði að hreyfa sig í vatni í vikunni en hann er reyndar á leið til Íslands þar sem hann mun dvelja í eina viku. „Ég vil þó byrja að æfa aftur eins fljótt og mögulegt er," bætti hann við. **- esá**

Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri

Bara í dag
40% afsláttur
á umfelgun og jafnvægisstillingu

Max1 hefur opnað nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði

Max1 bílavaktin hefur opnað nýja hraðþjónustu í Hafnarfirði: Dalshrauni 5 (gamla Glerborgarhúsið). Komdu í kaffi og skoðaðu nýju Max1 hraðþjónustuna. Nýttu þér 40% opnunartilboð Max1.

Kauptu vetrardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur um hvað við getum gert meira fyrir þig.

Bara í dag! Komdu á Max1 í dag

Tilboð gildir á öllum stöðvum Max1 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri.

Frábært tilboð á öllum Max1 í dag

Við höldum upp á opnun Max1 í Hafnarfirði. Tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði gildir á öllum stöðvum Max1: Þú færð 40% afslátt af allri umfelgun og jafnvægisstillingu. Dæmi fyrir 12-16 tommu dekk á stálfelgum: Þú greiðir aðeins 3.990 kr. fyrir umfelgun og jafnvægisstillingu á fjórum fólksbíladekkjum. Tilboðið gildir aðeins í dag. Þú velur hraðþjónustu Max1 og nýtir þér tilboð vegna opnunar Max1 í Hafnarfirði. Komdu í kaffi í dag.

Opið virka daga kl. 8-17, laugardaga kl. 9-13

Hafnarfjörður Dalshraun 5, sími 515 7190.
Reykjavík Bíldshöfði 5a, Bíldshöfði 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Akureyri Tryggvabraut 5, sími 462 2700.
Skoðaðu max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

ÓLI EKKI Í BEINNI Landsmenn fengu ekki að sjá endurkomu Ólafs Stefánssonar í landsliðið þó svo netsjónvarpsstöðin Sporttv.is hafi verið til í að sýna leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

RÚV meinaði Sporttv.is að sýna frá landsliðinu:

